

GUNNAR GUNNARSSON

Einhverfir losaðir út úr innilokuðu ástandi

Heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



FERÐALÖG

Fyrir kaupalka, dekur-rófur og ævintýrafíkla

Sérblað um ferðir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



20% AFSLÁTTUR af sérmerktum umbúðum

- vinsælasta viðbítið



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. september 2007 — 260. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Kirkjuklukkan og fall-byssuskot

Kristinn Gunnar Blöndal notar óhefðbundna hljóma við gerð fyrstu sólólötu sinnar.

FÓLK 30



Stemning í Buenos Aires

Hafsteinn Þórólfsson og aðrir liðsmenn samkynhneigða fótboltaliðsins Styrmis eru staddir á heimsmeistaramóti í Argentínu.

FÓLK 30

Gagnrýni svarað

Páll Valsson, fyrrverandi útgáfustjóri, staðfestir að Aldingarður Ólafs Jóhanns Ólafssonar hafi sannarlega verið skrifaður á íslensku.

UMRÆÐAN 14


Ekki með á EM?

Handknattleikskappinn Guðjón Valur Sigurðsson gæti misst af EM sem fram fer í janúar. Hann fór í aðgerð vegna axlarmeiðsla í morgun.

ÍPRÓTTIR 26



VEÐRIÐ Í DAG




BJART SYÐRA - Í dag verður hæg breytileg átt sunnan til en strekkingur af suðvestri og vestri á norðurhelmingi landsins. Bjart veður syðra, annars fremur skýjað og úrkomulítið. Hiti 0-7 stig, kaldast til landsins.

VEÐUR 4

Þriðjudagar

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í júlí 2007

Neita að láta erlent fólk afgangið sig

Dæmi eru um að viðskiptavinir yfirgefi verslanir komi í ljós að erlent afgangið fólk talar ekki íslensku. Niðurlægjandi, segir afgangiðslustúlka frá Austurríki.

FÓLK Dæmi eru um að viðskiptavinir yfirgefi verslanir þegar í ljós kemur að afgangiðslustúlka er af erlendu bergi brotið og talar ófullkomna eða enga íslensku. „Ég hef orðið fyrir dónaskap frá viðskiptavinum fyrir að tala ekki íslensku hér í bakaríinu,“ segir Martina Barandum, háskólanemi frá Austurríki og starfsmaður í bakaríinu Sandholti. „Tvisvar hefur það komið fyrir að fólk hefur gengið út þegar það kemst að því að ég tala ekki íslensku.

Mér leið mjög illa yfir því og fannst það niðurlægjandi,“ segir Martina.

Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss, segir menn verða að horfast í augu við að það sé eitt prósent atvinnuleysi á Íslandi og því sé mikil umfram-eftirspurn eftir starfsfólki. „Hver og einn getur hjálpað til með því að sýna vinsamlegt viðmót og aðstoða frekar viðkomandi við að læra eitt eða tvö orð,“ segir Einar. Hann kannast við að erlendu

afgangiðslustúlka finnst óþægilegt að fá harkalegt viðmót hjá viðskiptavinum.

Elías Magnússon, forstöðumaður kjarasviðs hjá Verslunarfélagi Reykjavíkur, segir félaginu ekki hafa borist neinar kvartanir sem tengjast dónaskap í garð erlends afgangiðslustúlka, þótt hann geti ímyndað sér að slíkt viðgangist. Félagið hafi ekki tölur yfir það hversu margir útlendingar starfa við afgangiðslustörf á Íslandi.

- lbb / sjá síðu 8



SKÝR SKILABOD Mótmæli voru fyrir utan Kólumbíuháskólann í New York í gær, þar sem Ahmadinejad, forseti Írans, ávarpaði nemendur. Koma hans til Bandaríkjanna hefur verið mjög umdeild. Meðal annars staðhæfði Ahmadinejad að samkynhneigð fyrirfyndist ekki í Íran og uppskar mikinn hlatur nemendanna.

Sjá síðu 4

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Ný bjórverksmiðja mun rísa og hefja starfsemi í Stykkishólmi á næsta ári:

Stefna á 200 þúsund lítra á ári

ÍÐNADUR Bjórverksmiðja mun hefja framleiðslu í Stykkishólmi á næsta ári, gangi áætlanir forsvarsmanna fyrirtækisins eftir. Þeir hafa stofnað fyrirtækið Mjóður ehf. um framleiðsluna, og hefur fyrirtækið þegar tryggt sér lóð í bænum. Fimm til sjö starfsmenn munu að líkindum starfa við verksmiðjuna.

„Sérstafað bjórsins okkar verður góður bjór úr góðu vatni,“ segir Gissur Tryggvason, einn forsvarsmanna bjórverksmiðjunnar. Nánari lýsingar á bjórnum fást ekki upp gefnar af samkeppnisáætlunum, né heldur nafn bjórtegundarinnar.



BRUGGAÐ Nafn hinnar nýju bjórtegundar fæst ekki gefið upp í bili, enda ekki búið að tryggja einkaleyfi á nafninu.

Mikið á eftir að gera áður en fyrsti sopinn verður drukkinn, þótt búið sé að ganga frá kaupum

á vatni. Byggja á nýtt hús fyrir verksmiðjuna, og eftir er að semja um kaup á tækjum. Bruggmeistararnar vantar einnig, og segist Gissur reikna með að útlendingur verði ráðinn.

Fyrst um sinn reiknar Gissur með að bruggaðir verði um 200 þúsund lítrar á ári, sem jafngildir um 600 þúsund bjórflöskum, tveimur á hvern landsmann. Framleiðslan verður til að byrja með eingöngu seld hér á landi.

Gissur segir aðdragandann að stofnun bjórverksmiðju hafa verið nokkuð langan, en undirbúningur hafi ekki hafist af alvöru fyrr en í júlí síðastliðnum.

- bj



MYRKRIÐ LÝST UPP Hvítar sérur má hafa allan ársins hring segir Brynjar Kjærne-
sted hjá Garðlist.

Jólin koma hjá Garðlist:

Mikil viðbrögð við auglýsingu

VIÐSKIPTI „Við höfum fengið mikil viðbrögð. Síminn stoppaði ekki kvöldið sem auglýsingin birtist og við erum að fara núna í vikunni að skoða garða og undirbúa þá fyrir skreytingar,“ segir Brynjar Kjærne-
sted, framkvæmdastjóri Garðlistar.

Fyrirtækið birti auglýsingu á sunnudagskvöldið þar sem auglýst er þjónusta við að hengja upp jólaljós í gördum. „Við byrjum í þessari viku og verðum á fullu fram að jolum.“ Brynjar segir Garðlist þó ekki sjá um þá garða þar sem upplýstum Maríu meyjum og Rúdolfum er komið fyrir á húsbökum. „Ég held að fólk sem fer alla leið í skreytingunum geri þetta frekar sjálft. Við höfum boðið upp á einfaldari og stíl-
hreinna skreytingar.“

- lbb

Jet Black Joe á Youtube:

Miklar vinsælar á Filippseyjum

TÓNLIST Lag Jet Black Joe, Rain, nýtur mikilla vinsælda á myndbandasíðunni Youtube. Að minnsta kosti fjórir erlendir tónlistarmenn sjást á síðunni spreyta sig á laginu, þar af tveir frá Filippseyjum.

„Ég hef ekki beint skýringu á þessu, nema að einhvern tímann vorum við með lagið á vinsælda-
lista á Filippseyjum,“ segir Gunnar Bjarni Ragnarsson, sem samdi lagið ásamt söngvaranum Páli Rósinkrans. „Okkur var boðið að fara þangað út á sínum tíma og spila fyrir fólkið en við létum Þýskalandstúr ganga fyrir. Maður sér eftir því í dag því það hefði ábyggilega verið alveg meiriháttar.“

- fb / sjá síðu 30

Bleika slaufan:

Greinaröð um brjóstakrabba

HEILBRIGÐISMÁL Októbermánuður er að venju tileinkaður konum með brjóstakrabbamein og 22. október er alþjóðlegur dagur brjóstakrabbameins. Af því tilefni hafa nokkrir krabbameinslæknar tekið sig saman og skrifað ellefu greinar um brjóstakrabbamein sem birtar verða á heilsusíðum Allt-blaðsins á þriðjudögum og fimmtudögum allan október. Í dag skrifar Helgi Hafsteinn Helgason, lyf- og krabbameinslæknir, inngang að greinaröðinni og fer stuttlega yfir tilgang dagsins og sögu.

Sjá Allt í miðju blaðsins



SPURNING DAGSINS



Stefán, er þetta dropi í hafðið?

„Þetta er fyrsti dropinn í mælinn.“

Stefán Máni rithöfundur fékk Blóðdropann, íslensku glæpasagnaverðlaunin, fyrir bók sína Skipið.

Mælt með lengri brjóstagjöf:
Tvö ár lágmark

HEILBRIGÐISMÁL Á Íslandi hefur lengi verið talið alveg nóg að vera með börn á brjósti í eitt ár en Alþjóðaheilbrigðisstofnunin mælir með brjóstagjöf til tveggja ára aldurs og það gera íslenskar ljósmæður líka, að sögn Katrínar Eddu Magnúsdóttur, ljósmóður og brjóstagjafarráðgjafa á kvenna-deild Landspítalans. „Það er geysilega erfitt að eiga við fordóma annarra gagnvart konum sem kjósa að halda áfram að ala börn sín á brjósti eftir eins árs aldurinn, en mikilvægt að styðja þær andlega og félagslega,“ segir hún.



ÓNÝTUR Billinn var gjörónýtur eftir brunann. MYND/SLÖKKVILID AKUREYRAR

Kviknaði í bíl við Akureyri:
Ökumaður fékk logana í andlitið

LÖGREGLUMÁL Ökumaður sportbíls af gerðinni Chevrolet Corvette brenndist í andliti og á hendi þegar logar gusu framan í hann þegar hann lyfti vélarhlífinni á bíl sínum í fyrrakvöld.

Maðurinn, sem er á fimmtugsaldri, varð var við reyk frá bílnum þar sem hann ók í Eyjafirði við afleggjarann að Kristnesi skammt frá Akureyri, að sögn lögreglu. Hann stöðvaði bílinn og leit undir vélarhlífina, en þá gaus upp eldur á móti honum.

Ökumaðurinn var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri þar sem gert var að sárum hans. Bíllinn er gjörónýtur, enda mikið af plastefnum í yfirbyggingu hans.

Þriðji Brasilufanginn hlaut dóm fyrir kókaínsmygl í síðustu viku:

Tæplega fjögurra ára fangelsi í Brasilíu

DÓMSMÁL Karl Magnús Grönvold, 29 ára Íslendingur sem handtekinn var fyrir fíkniefnasmygl í Brasilíu í júní, var dæmdur í fangelsi ytra í þrjú ár og ellefu mánuði 18. september síðastliðinn.

Karl var handtekinn við komuna til Brasilíu 6. júní og fannst á honum kókaín. Fyrstu fregnir frá þarlandum yfirvöldum hermdu að hann hefði haft sex kíló af kókaíni í fórum sínum, en kílóin munu hins vegar einungis hafa verið um tvö og hálft.

Karl Magnús dvelur í útlendingafangelsi um 300 kílómetra frá Sao Paulo. Þar getur hann unnið og stytt með því fangavistina um einn dag fyrir hverja þrjá vinnudaga.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins sagðist Karl hafa átt frumkvæðið að smyglinu og ekki eiga sér neina vitorðsmenn. Í Brasilíu eiga þeir sem verða uppvísir að því að tengjast skipulagðri glæpastarfsemi þunga refsingu yfir höfði sér.



GUARULHOS-ALÞJÓÐAFLUGVÖLLURINN Karl var handtekinn við komuna á Guarulhos-flugvöllinn í júní.

Tveir aðrir Íslendingar eru í Brasilíu vegna fíkniefnasmygls. Hlynur Smári Sigurðarson hlaut í fyrra þriggja ára fangelsisdóm fyrir smygl á tveimur kílóum af barnapúðri sem hann hélt vera kókaín. Hann er þó á leið til Íslands í október. Þá hlaut Ingólfur Rúnar Sigurz sex og hálfs árs dóm í apríl fyrir að smygla til landsins rúmlega tólf kílóum af hassi.

- sh

Héraðsdómur Austurlands:

Réðust á mann og misþyrmdu

DÓMSMÁL Tveir karlmenn hafa verið dæmdir í Héraðsdómi Austurlands fyrir harkalega líkamsárás.

Mennirnir tveir veittust að hinum þriðja á sjómannadansleik á Höfn, slógu hann báðir hnefahögg í höfuðið, hentu honum í gólfið og veittust að honum þar. Fórnar-lambið hlaut verulega áverka í andliti. Annar árárarmannanna var dæmdur í 45 daga skilorðsbundið fangelsi en hinn í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi. Þeir voru dæmdir til greiðslu sakarkostnaðar og til að greiða fórnarlambinu 200 þúsund krónur í skaðabætur.

- jss

Bjarni og Einar Jökull áfram í haldi

Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð héraðsdóms þess efnis að Bjarni Hrafnkelsson og Einar Jökull Einarsson skyldu vera í gæsluvarðhaldi til 18. október. Þeir eru grunaðir um að skipuleggja smygl á 60 kílóum af amfetamíni.

LÖGREGLUMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær að Bjarni Hrafnkelsson, 35 ára, og Einar Jökull Einarsson, 27 ára, sem grunaðir eru um að skipuleggja innflutning á rúmlega 60 kílóum af amfetamíni, skyldu vera í gæsluvarðhaldi til 18. október. Héraðsdómur hafði áður úrskurðað mennina í gæsluvarðhald en Bjarni og Einar Jökull kærðu niðurstöðuna til Hæstaréttar. Þeir hafa báðir neitað sök í málinu.

Líklegt er að þeir verði í haldi þar til dómur fellur í máli þeirra en það hefur til þessa tíðkast í umfangsmiklum fíkniefnamálum.

Eins og greint hefur verið frá í fréttum voru þeir tveir, ásamt átta öðrum, handteknir eftir að upp komst um smygtilraun á Fáskrúðsfirði á fimmtudag en fíkniefnunum var siglt hingað með skútu sem hafði verið tekin á leigu.

Alvar Óskarsson og Guðbjarni Traustason, sem handteknir voru um borð í skútunni á Fáskrúðsfirði, kærðu ekki gæsluvarðhaldsúrskurð héraðsdóms og verða því einnig í haldi til 18. október. Manni um tvítugt, sem átti að vera bílstjóri Guðbjarna og Alvars á Fáskrúðsfirði, verður sleppt úr haldi á föstudag að óbreyttu. Þáttur hans er talinn veigalítill.

Íslensku pari, sem handtekið var í Kaupmannahöfn sama dag og málið kom upp, var sleppt daginn eftir. Það er ekki talið hafa tengst smyglinu. Þá er einn 24 ára Íslendingur í haldi í Færeyjum en tvö kíló af amfetamíni fundust í fórum hans þegar hann var handtekinn á fimmtudag. Dana, sem var handtekinn með honum, hefur verið sleppt.



SMYGLSKÚTAN Skútan sem notuð var til smyglsins sem komst upp um á fimmtudag sést hér við hlið varðskipsins Ægis.

FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR

KRAFAN Lögreglan fór fram á að dómur Hæstaréttar í kærumálinu, er tengist gæsluvarðhaldsúrskurðum í málinu, yrði ekki birtur á heimasíðu Hæstaréttar eins og venja er vegna rannsóknarhagsmuna.

magnush@frettabladid.is

Loga Frey Einarssyni, bróður Einars Jökuls, hefur einnig verið sleppt úr haldi lögreglu í Noregi en lögreglan grunaði hann um aðild að smyglinu og var hann handtekinn á heimili sínu í Stavanger þess vegna. Fréttavefurinn Vísir greindi frá því í gær að Logi Freyr hefði sýnt norskum lögreglumönnum skútuna Lucky Day en hún var við bryggjuna á Fáskrúðsfirði frá því í september 2005 til vors 2006. Grunur lék á því að hún hefði verið notuð til smygls og var meðal annars leitað í skútunni með fíkniefnahundi. Logi Freyr hefur neitað allri aðild að málinu.

Eins og greint var frá í Frétta-

blaðinu í gær er Bjarni Hrafnkelsson grunaður um að skipuleggja og fjármagna smyglið, auk þess að pakka efnunum erlendis. Þetta kemur fram í gæsluvarðhaldskröfu sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Yfirheyrslur vegna málsins hafa staðið yfir undanfarna daga og verður þeim framhaldið í dag. Lögreglumenn í fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hafa unnið að málinu erlendis. Þeir munu gera það áfram enda rannsókn málsins enn á frumstigi, samkvæmt upplýsingum frá Stefáni Eiríkssyni lögreglustjóra.

magnush@frettabladid.is

Sex ríkja ráðstefna í Noregi:

Öryggi á norðurslóðum rætt

UTANRÍKISMÁL Öryggismál á norðurheimskautinu og þar um kring verða efst á baugi á tveggja daga ráðstefnu sem hefst í Tromsø í Noregi í dag. Fulltrúar frá Íslandi, Danmörku, Bandaríkjunum, Rússlandi, Kanada og Noregi sækja ráðstefnuna sem yfirmaður norska hersins boðaði til í byrjun sumars.

Málaflokkar sem ræddir verða á ráðstefnunni eru öryggi í orkumálum, öryggi og lögsaga, siglinga- og flutningaleiðir um norðurheimskautið og fiskveiði-eftirlit.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra er einn af fulltrúum Íslands.

- sdg

Stangaveiðifélag Reykjavíkur:

Pingmaðurinn vissi um maðka

STANGVEIÐI Atli Gíslason alþingismaður hefur ásamt sjö veiðifélögum sínum verið útlokaður frá því



ATLI GÍSLASON

að kaupa veiðileyfi hjá Stangaveiðifélagi Reykjavíkur næstu þrjú ár. Eftirlitsmaður stóð hópinn að því að veida með maðki í Hítará nú í september þegar þar er aðeins leyfð fluguveiði. Atli hefur sagt að hann hafi ekki vitað um maðka-veiði félaga sinna. Stjórn stanga-veiðifélagsins er á annarri skoðun: „Það er niðurstaða stjórnar SVFR að allir veiðimennirnir séu brotlegir, þar sem þeir fjórir sem voru þó á bakkanum vissu af athæfi hinna og eru þannig meðsekir í þessum verknaði.“

- gar

-2kr.



Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is


www.ob.is

Hinnun og hví / SVA

Nokkrir voru kærðir í gær fyrir að búa ekki nægilega vel um farm vörubíla:

Grjóthnullungur eyðilagði bíl

LÖGREGLUMÁL „Allt í einu finn ég bara svakalegt högg sem ríður yfir bílinn hægra megin,“ segir Albert Símonarson, sem ók á grjóthnullung sem hrundi af övörðum bílpalli á Reykjanesbraut síðdegis í gær.

„Hnullungurinn var nánast eins og fótbolti að stærð,“ segir Albert. „Ég tók strax eftir að bíllinn fer að haga sér asnalega og sé að það er sprungið. Ég er ekki búinn að heyra frá Tjónaskoðuninni en ég veit að bæði dekkirnir eru sprungin og báðar felgunar dældaðar hægra megin. Bíllinn er alveg óökuhæfur eftir þetta.“

Albert tilkynnti lögreglu um málið og höfðu þá þegar borist nokkrar tilkynningar um grjóthrun af bílnum og var hans leitað.

Þá voru nokkrir ökumenn



ALBERT Á VETTVANGI Albert ók á hnullung á stærð við fótbolta sem hrundi af bílpalli.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

kærðir fyrir sama athæfi í umdæmi lögreglunnar á Selfossi í gær, en tilkynningum hafði rignt þar inn frá fólki sem kvartaði yfir því að sandur fyki á bíla þeirra af malarflutningabílum.

Varðstjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu segir að alltaf sé eitthvað um að menn passi

ÖNNUR MÁLSGREIN 73. GREINAR UMFERÐARLAGA:

„Farm skal flytja þannig, að eigi hafi í för með sér hættu fyrir menn eða valdi munatjóni. Þess skal enn fremur gætt, að eigi sé hætt á að farmur dragist eftir akbraut eða falli á hana, valdi rykmekki eða svipuðum óþægindum, umferðartruflun eða óþarfa hávaða.“

ekki nægilega vel upp á farm á flutningabílum með þeim afleiðingum að það hrynur af þeim. Það varðar við lög. „Maður sér aldrei þessar yfirbreiður,“ segir Albert. „Ég veit ekki einu hvort þetta er til í alvörunni eða hvort þetta eru bara sögusagnir.“

- sh

VEÐMUN MI

MIÐ 1000
MÆTANBERG

Í dag klukkan 16.00
drögum við út
30 milljónamæringa.
Verður þú einn af þeim?

ÞÚ MIÐ?

Fáðu þér miða á www.hhi.is
eða í síma 800 6611.
Það tekur enga stund.



HAPPDRAETTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

GENGIÐ 24.09.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA	
 Bandaríkjadalur	62,16	62,46
 Sterlingspund	125,51	126,13
 Evra	87,71	88,21
 Dönsk króna	11,767	11,835
 Norsk króna	11,273	11,339
 Sænsk króna	9,552	9,608
 Japanskt jen	0,5402	0,5434
SDR	96,48	97,06

GENGISVÍSITALA KRÓUNUNNAR
117,9035

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



LEIÐTOGINN OG KONA HANS Gordon og Sarah Brown á flokksþingi Verkamanna-flokksins.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gordon Brown:

Ekki nægir að beita hervaldi

BRETLAND, AP Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, segir að Bretar muni áfram vera nánir bandamenn Bandaríkjanna í baráttunni gegn hryðjuverkamönnum. Hann sagði þó engan veginn nóg að beita valdi í þeirri baráttu.

Í baráttuna þarf „meira en hernaðarafl og við munum vinna með bandamönnum okkar að því að einangra öfgafólk og við munum sigrast í baráttunni um huga og hjörtu fólks“, sagði Brown. Þetta sagði Brown í fyrstu ræðu sinni á flokksþingi breska Verkamannaflokksins eftir að hann tók við leiðtogaembættinu af Tony Blair í sumar. - gb

Skreiðarverkun hætt:

Samherji bregst við niðurskurði

SIÁVARÚTVEGUR Allri skreiðarverkun fyrirtækisins Samherja á Hjalteyri hefur verið hætt. Að sögn Gests Geirssonar, framkvæmdastjóra landvinnslu Samherja hf, er þetta fyrsta skrefið til að bregðast við minnkandi veiðiheimumildum í þorski en ljóst sé að minna verði af fiski til að vinna á næsta ári. Niðurskurðinum verði mætt með hagræðingu, nýsköpun og öflugu markaðsstarfi.

Ellefu manns hafa unnið við skreiðarverkunina á Hjalteyri og mun öllum bjóðast vinna í öðrum deildum fyrirtækisins.

- peb

Bush hefur ekkert að athuga við umdeilda heimsókn Íransforseta til New York:

Sýnir styrk Bandaríkjanna

BANDARÍKIN, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti segir það skýran vitnisburð um frjálsræði og mikilfengleika Bandaríkjanna að Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti hafi fengið tækifæri til að tjá sig í Kólumbíuháskóla í New York. „Ég meina, maðurinn er leiðtogi ríkis sem styður hryðjuverk“, sagði Bush. „Við höfum nægilegt sjálfsöryggi til þess að leyfa honum að koma og lýsa skoðunum sínum. Við skulum bara vona að hann segi sannleikann.“

Ahmadinejad kom til Bandaríkjanna á sunnudaginn og mun í dag flytja ræðu á allsherjarþingi Saminuðu þjóðanna. Í gær hélt hann



ÖBLÍÐAR MÓTTÖKUR „Farðu til helvítis“ eru skilaboð þessa fólks til Mahmouds Ahmadinejad Íransforseta. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

ræðu í Kólumbíuháskóla í New York og sat þar jafnframt fyrir svörum.

Í viðtali við AP-fréttastofuna

sagði Ahmadinejad að Íranar ætluðu sér alls ekki að ráðast á Ísrael né nokkurt annað land.

„Íranar munu ekki ráðast á nokkurt land“, sagði Ahmadinejad í viðtali við AP-fréttastofuna. Hann segir að Íran hefði ávallt haft varnarstefnu, ekki árásarstefnu og hefði „aldrei reynt að stækka landsvæði sitt“.

Hann sagðist ekki heldur trúa því að Bandaríkin væri að búa sig undir stríð við Íran. „Ég held að slíkt tal spretti fyrst og fremst af reiði. Í öðru lagi þjónar það kosningatilgangi heima fyrir í þessu landi. Í þriðja lagi breiðir það yfir mistökin í Írak.“

- gb

Eldur laus í iðnaðarhúsnæði:

Logaði í milli-lofti á skrifstofu

LÖGREGLUMÁL Eldur varð laus í húsnæði fyrirtækisins Rafhitunar í Kaplahrauni í Hafnarfirði um klukkan 2.30 í fyrrinótt. Að sögn slökkviliðs var tilkynnt um reyk undan þakskeggi.

Húsið var mannaust þegar að var komið, en reykkaðarar fjarlægðu tvo gaskúta áður en slökkvistarf hófst.

Eldurinn logaði í milli-lofti á skrifstofu, og gekk vel að ráða niðurlögum hans. Að sögn varðstjóra hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins hefði getað farið mun verr hefði eldurinn borist út undir bert loft, enda mikið hvassviðri á höfuðborgarsvæðinu í nótt. - bj

Biðlistar um allt land eftir félagslegu íbúðarhúsnæði

Í átta stærstu sveitarfélögum landsins utan höfuðborgarsvæðisins bíða fjölskyldur eftir að komast í félagslegar íbúðir. Margt bendir til að eftirspurn aukist í góðari vegna dýrari leigu. Sveitarfélög fækka þó íbúðunum frekar en hitt, Vestmannaeyjabær stefnir til dæmis að því að reka fimmtán íbúðir en átti 120 áður.

HÚSNÆÐI Í öllum stærstu sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins bíður fólk þess að komast í félagslegt húsnæði.

Með hækkandi íbúðar- og leiguverði hefur ásókn í félagslegt húsnæði víða aukist.

Nokkur sveitarfélög stefna þó á að fækka félagsíbúðum sínum. Í Vestmannaeyjum eru til dæmis áform um að selja helming þeirra.

Í Ísafjarðarbæ eru alls engar félagslegar íbúðir. Fasteignafélag í eigu bæjarins rekur þær íbúðir sem áður flokkuðust undir félagshúsnæði og leigir þær út á almennum markaði.

Einungis tveir njóta sérstakra húsaleigubóta á Ísafirði og félagsmálastjóri þar telur að fólk í bænum geri sér ef til vill ekki grein fyrir réttindum sínum. Fleiri þurfi líklega aðstoð en sæki um hana. Einn umsækjandi bíður sérstakra bóta hjá bænum.

Á Akureyri eru 89 á biðlista og er það minna en í meðalári. Bæinn bætti sex nýjum íbúðum í félagslega kerfið árið 2006. Þar getur biðtími verið eitt til tvö ár.

Hlutfallslega kemur Akureyri næst Reykjavík ef litið er til framboðs á félagslegum íbúðum. Þar eru 15,15 íbúðir á hverja þúsund íbúa, en hlutfallið er hæst í Reykjavík, 16,14.

Í Árborg bíða 22 þess að komast í félagshúsnæði, en af þeim fá fimm sérstakar húsaleigubætur.

Akranesbær á átján félagsíbúðir og er með tólf til viðbótar á leigu. Þær eru framleigðar til fólks sem ekki getur leigt á



ÍBÚÐARHÚSNÆÐI Akureyri kemur næst Reykjavík ef litið er til framboðs á félagslegum íbúðum. Myndin tengist greininni ekki með beinum hætti.

FÉLAGSLEGT HÚSNÆÐI Á LANDSBYGGÐINNI

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Félagsíbúðir	Á biðlista	Íbúðir á 1.000 íbúa
Akureyri	16.887	256	89	15,15
Reykjanesbær	12.052	145	78	12,03
Árborg	7.372	70	22	9,49
Akranes*	6.015	18/30	28	2,99/4,98
Fjarðabyggð	5.939	53	18	8,92
Fljótsdalshérað	4.737	20	10	4,22
Ísafjarðarbær	4.106	0	1*	0
Vestmannaeyjar	4.092	30	3	7,33

*Tölur um íbúafjölda miðað við apríl 2007, samkvæmt áætlun Hagstofunnar.

Tölur um félagslegar íbúðir fengnar frá sveitarfélögum í vikunni.

* Sjá meginmál um Akranes.

* Á Ísafirði bíður einn sérstakra húsaleigubóta.

almennum markaði. Ekki stendur til að kaupa fleiri íbúðir í brád á Akranesi.

Fjarðabyggð á 53 íbúðir og verð-

ur þeim fækkað í 45 á næsta ári. Byggðin átti áður allan leigumarkað sveitarfélagsins og rak 90 íbúðir en sú starfsemi er nú í auknum

LÖG UM FÉLAGS-ÞJÓNUSTU SVEITARFÉLAGA

12. kafli, 45. grein:

Sveitarstjórnir skulu, eftir því sem kostur er og þörf er á, tryggja framboð af leiguhúsnæði, félagslegu kaupleiguhúsnæði og/eða félagslegum eignaríbúðum handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna.

46. grein:

Félagsmálanefndir skulu sjá til þess að veita þeim fjölskyldum og einstaklingum, sem ekki eru færir um það sjálfir, úrlausn í húsnæðismálum til að leysa úr bráðum vanda á meðan unnið er að varanlegri lausn.

mæli í höndum leigufyrirtækja. Á biðlista eru 18 og bjóðast þeim sérstakar húsaleigubætur, sem annars staðar. Tíu félagsíbúðir eru á Fljótsdalshéraði og sá sem lengst hefur bedið íbúðar þar sótti um fyrir fimm mánuðum.

Í Vestmannaeyjum lengist biðtími umsækjenda í ljósi þrengri og dýrari húsnæðismarkaðar. Þar bíða þó einungis þrír.

Vestmannaeyjabær átti áður rúmlega 120 íbúðir, en hefur fækkað þeim og gerir ráð fyrir að eiga um fimmtán íbúðir í framtíðinni.

klemens@frettabladid.is



ÍSLENSKA SÁLIS LYT 38996 09.2007

Acidophilus Bifidus + FOS
Mjólkursýrugerlar, góðir fyrir meltinguna.

Champignon DETOX + FOS og Spirulina
Hreinsaðu líkamann – eyðir óæskilegri lykt.

Milk Thistle DETOX
Hreinsaðu líkamann að innan.

Psyllium Husk Fibre
Rúmmálsaukandi, gott fyrir meltinguna.




www.lyfja.is



- Lífið heil

VEÐURSPÁ

um hádegi »




um hádegi »

Kaupmannahöfn	17°C skúrir	London	22°C skúrir
Billund	18°C skúrir	Paris	24°C skúrir
Reykjavík Í DAG	11°C rigning	Amsterdam	21°C skýjað
Hæg breytileg átt og bjart veður að mestu.	13°C skýjað	Frankfurt	22°C hálfskýjað
Hiti 1-5 stig.	17°C skúrir	Berlín	20°C rigning


* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

» á morgun



13-18 m/s vestan til annars 8-13 m/s.

» fimmtudagur



13-20 m/s vestan til annars 8-13 m/s.

Friedrichshafen	24°C skýjað
Basel	25°C skýjað
Alicante	27°C léttskýjað
Róm	27°C skúrir
Las Palmas	26°C léttskýjað

Engin útborgun... ...og þú ert kominn á **nýjan Aveo**



*m.v. 84 mánaða bílasamning í erlendri mynd.

Chevrolet Aveo
frá GM stærsta bílaframleiðanda í heimi

Nýr Chevrolet Aveo á aðeins 21.730,- á mánuði.*

Aukahlutir á mynd: Álfelgur

Aveo



Vel búinn
Chevrolet Aveo LS
á aðeins kr. 1.499.000,-

Umboðsaðilar: Bílasalan Ós Akureyri - Bílahornið hjá Sissa Keflavík
Bílasala Austurlands Egilsstöðum - Bílasala Vesturlands Borgarnesi.

**Bílahúð
Benna**

Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8-12
Sími 590 2000 - www.benni.is



KJÖRKASSINN



Hjólaðir þú í vikunni sem leið?

Já	14,6%
Nei	85,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Snertir vandi við mönnun leikskóla eða frístundaheimila þitt heimili?

Segðu þína skoðun á [visir.is](#)



STRANDABYGGÐ

Milljón króna útsýnis skífa

Koma á upp hringsjá á útsýnisstað á Ennishálsi í Strandasýslu. Hring sjáinn kostar um það bil eina milljón króna án stöðpuls og uppsetningar og hyggst sveitarstjórn Strandabyggðar leita eftir styrktaraðilum til að fjármagna kaupin.

6

FRÉTTABLAÐIÐ

25. september 2007

ÞRIÐJUDAGUR

Orkuveita Reykjavíkur selur Landsneti eignir að andvirði 1,3 milljarða króna:

OR eignast hlut í Landsneti

ORKUMÁL Orkuveita Reykjavíkur (OR) hefur eignast 6,78 prósent hlut í Landsneti í kjölfar sölu OR á eignum, aðallega háspennulínunum, að andvirði 1.313 milljóna króna. Með kaupnum hefur Landsnet loks eignast allt raforkuflutningskerfið.

Landsnet greiddi fyrir háspennulínurnar með 913 milljónum króna í peningum. Auk þess var hlutafé félagsins aukið um 400 milljónir sem komu í hlut OR, segir Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets.

„Landsnet hefur með þessu eignast allt flutningskerfið.

Umsjón með kerfinu, rekstur þess og uppbygging er þar með komin á eina hendi. Það er ákveðin hagræðing fólgin í því að fá þetta allt undir sama hatt,“ segir Þórður. Hann segist ekki sjá fyrir sér frekari breytingar á hluthafahópi, eða að hlutafé Landsnets verði aukið frekar.

Landsvirkjun á eftir sem áður stærstan hlut í Landsneti, 64,73 prósent. Aðrir hluthafar eru Rafmagnsveitur ríkisins með 22,51 prósent, OR með 6,78 prósent og Orkubú Vestfjarða með 5,98 prósent.

- bj

FRÉTTABLAÐIÐ/SAJ

Eldur í húsi við Hverfisgötu: Sófi á svölum logaði glatt

LÖGREGLUMÁL Eldur kviknaði í sófa sem stóð á svölum hússins við Hverfisgötu 42 í Reykjavík á fimmta tímanum í fyrrinótt. Slökkviliðið var með mikinn viðbúnað og að sögn varðstjóra logaði sófinn glatt þegar að var komið. Eldurinn hafði sprengt rúðu í stofu, en ekki náð að læsast í húsið.

Um 30 manns búa í húsinu, sem var rýmt á meðan á slökkvistarfi stóð. Greiðlega gekk að ráða niðurlögum eldsins, en reykkræsta þurfti húsið áður en íbúar fengu að snúa aftur til síns heima. Að sögn slökkviliðs er talið að eldurinn hafi kviknað út frá sigarettuglóð.

- bj

FRÉTTABLAÐIÐ/SAJ

STRANDABYGGÐ

Tekist á um flíspeysur

Sveitarstjórn Strandabyggðar ætla að styrkja sérhvern starfsmann leikskólans Lækjarbrekku á Hólmavík um 1.500 krónur til að kaupa flíspeysu. Beiðni starfsfólksins var samþykkt með þremur atkvæðum gegn tveimur.



MUNKARNIR KOMA Í gær gengu munkarnir samfleytt í fimm klukkutíma frá Swedagon-pagóðunni að heimili friðarverðlaunahafans Aung San Suu Kyi.

FRÉTTABLAÐIÐ, AP

Óska eftir að kaupa enskt lingapon námskeið sem samanstendur af fjórum litlum janfstórum kössum og kassettur og þremur bókum

upplýsingar í síma 8657013 Björgvin Ómar

HRADFERÐ Í STÆRÐFRÆÐI, EÐLISFRÆÐI OG EFNAFRÆÐI



Vantar þig undirbúning í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði fyrir háskólanám?

Námskeið í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði fyrir nemendur með stúdentspróf og a.m.k. 12 einingar í stærðfræði framhaldsskóla hefjast á vorönn 2008.

Námskeið 1
7. janúar - 22. febrúar 2008
Kennsla hefst 8:15 og lýkur 14:35 (15:35)
Próf 25. - 29. febrúar 2008
Stærðfræði (algebra): 90 kennslustundir
Efnafræði: 90 kennslustundir og verklegar æfingar

Námskeið 2
3. mars - 23. apríl 2008
Kennsla hefst 8:15 og lýkur 14:35 (15:35)
Próf 28. apríl - 2. maí 2008
Stærðfræði (rúmfræði): 90 kennslustundir
Eðlisfræði: 90 kennslustundir og verklegar æfingar

Opið er fyrir umsóknir núna.

Allar nánari upplýsingar veita:
Málfríður Þórarinnsson, s.: 599 6438 netfang: malfri@ru.is
Vilborg Jónudóttir, s.: 599 6255 netfang: vilborg@ru.is



Herforingjastjórnin hótar valdbeitingu

Allt að hundrað þúsund manns mótmæltu herforingjastjórn landsins í gær. Mótmælagöngurnar í Búrma eru orðnar þær fjölmennustu í sögu landsins. Þátttakendum fjölga dag frá degi en nú hótar stjórnin valdbeitingu.

BÚRMA, AP Allt að hundrað þúsund manns tóku þátt í mótmælagöngu í Rangún í Búrma í gær, með um það bil 20 þúsund búddamunka í fararbroddi. Þetta er langstærsta mótmælaganga í landinu frá því herforingjastjórnin braut upp-reisn lýðræðisins árið 1988 á bak aftur.

Gengið var frá Shwedagon-pagóðunni, helgasta stað landsins, meira en tuttugu kílómetra leið að heimili Aung San Suu Kyi, leiðtoga stjórnarandstöðunnar, sem hefur verið í stofufangelsi heima hjá sér árum saman.

Margir heltust þó úr lestinni, en meira en fimm klukkutímum eftir að gangan hófst voru um þúsund munkar og 400 stuðningsmenn þeirra eftir og luku göngunni með því að fara að gatnamótum, þar sem lögreglan lokaði leiðinni að heimili Suu Kyi.

Göngufólkið reyndi ekki að komast framhjá lögreglunni, heldur lét það sér nægja að fara með bænir og segja: „Megi friður verða“ og sneri síðan frá.

Sumir þátttakenda fullyrtu að nokkur hundruð þúsund manns hefðu tekið þátt í göngunni, en alþjóðleg hjálparstofnun sagði mannfjöldann vera mun meiri en fimmtíu þúsund og líklega allt að hundrað þúsund.

Mótmælin í Búrma hófust 19. ágúst eftir að herstjórnin hækkaði skyndilega verð á eldsneyti, en þau snerust fljótlega upp í almenn mótmæli gegn herforingjastjórninni sem hefur stjórnad með harðri hendi áratugum saman.

Búddamunkar tóku að sér forystu í mótmælunum fyrir rúmri viku og síðan þá hafa mótmælin eflst dag frá degi og þátttakendum fjölgað stöðugt. Munkarnir sjálfir hafa forðast að koma með pólitískar yfirlýsingar, en láta sér nægja að koma saman og biðja bænir á stöðum sem hafa pólitíska skírskotun, svo sem við heimili Suu Kyi og fyrir utan bandaríska sendiráðið. Í gær gengu þeir einnig framhjá varnarmálaráðuneyti landsins og fram hjá heimili Thans Shwe, leiðtoga herforingjastjórnarinnar.

Herforingjastjórnin hefur hingað til að mestu látið mótmæli munkanna í friði. Sumpart er það talið stafa af því hve mikillar virðingar munkarnir njóta í Búrma, en stjórnmalaskýrendur hafa sumir hverjir sagt að þrýstingur frá kínverskum stjórnvöldum ráði þar mestu.

gudsteinn@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ, AP

Tannlæknaferðir til Taílands varasamar að mati formanni Tannlæknafélagsins: Erfitt að leiðrétta aðgerðir

Tannlæknaðgerðir í Taílandi eru mun ódýrari en á Íslandi. Sigurjón segir algengustu aðgerðirnar sem fólk fari í vera krónu- og brúarsmíði. „Þessar aðgerðir eru mjög mikil nákvæmnisvinna. Ef ekki eru notuð rétt efni, eins og réttir málmar og rétt postulín, þá fer illa. Það er svo mikil hætta á glufu á milli tannarinnar og krónunnar,“ segir Sigurjón og bendir á að skemmdir geti fylgt í kjölfarið. „Undirstaðan verður að vera traust.“

SIGURJÓN BENEDIKTS-SON



hverja ábyrgð og upplýsingar um tannlækinn er best að skipta við tannlækni sem menn þekkja og hafa aðgang að.“

- lbb

FRÉTTABLAÐIÐ/SAJ



NÚ Á **2** STÖÐUM

RAFVÖRU MARKAÐURINN

MÁLNINGAR- OG MÚRVÖRUR

Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ



Verð frá

399

MÚRSKEIÐAR



Verð frá

195

GLATTARAR



Verð frá

295

MÚRBRETTI



Verð frá

99

LÍMSPAÐAR



690

MÚRSKEIÐAR, 3 STK



390

KALKKÚSTUR



499

HNÉHLÍFAR



5850

FLÍSASÖG



Verð frá

395

FLÍSAVERKFÆRI

TILBOÐ!



1495

FLÍSASKERI



Verð frá

299

HALLAMÁL



Verð frá

399

SPARTLSPAÐAR



Verð frá

399

ÞAKKÚSTAR



Verð frá

57

MÁLNINGAPENSLAR



Verð frá

199

PÚSSIKUBBAR



Verð frá

199


BAKKAR OG FÖTUR



Verð frá

199

MÁLNINGARKEFLI



599

MÁLNINGARRÚLLA



299

HRÆRA

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA

Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16 (lokað á Njarðarbraut)

SÓMA BAKKAR

SÓMI

NÝTT

PÍTUBAKKI 2.390 kr.

 Tikka masala kjúklingur,
jöklasalatog pítubrauð.
Reykt skinka, eggjasalat,
jöklasalat og pítubrauð.

NÝTT

ÁVAXTABAKKI

 Vinber, melónur, ananas, appelsínur,
perur og fleiri góðir ávextir.

PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING*

Nánari upplýsingar á somi.is

*Frí heimsending gildir aðeins ef pantaðir eru 3 eða fleiri bakkar.

Útlensku starfsfólki sýndur dónaskapur

Algengt er að viðskiptavinir sýni erlendu afgreiðslufólki harkalegt viðmót ef það talar ekki íslensku og gangi jafnvel út. Austurrískri afgreiðslustúlku segist líða mjög illa yfir því. Engar eru tölur til um útlendinga í afgreiðslustörfum hjá VR.

FÓLK „Ég hef orðið fyrir dónaskap frá viðskiptavinum fyrir að tala ekki íslensku hér í bakaríinu,“ segir Martina Barandum, háskólanemi frá Austurríki og starfsmaður í bakaríinu Sandholti.

Sandholt hefur nú í fyrsta skipti ráðið til sín starfsfólk í afgreiðslu sem talar ekki íslensku. Auk Martinu vinna þar tveir starfsmenn frá Póllandi og Frakklandi. Martina segir meirihluta viðskiptavina kurteisari en þó finni hún fyrir pirringi annað slagið. „Tvisvar hefur það komið fyrir að fólk hefur gengið út þegar það kemst að því að ég tala ekki íslensku. Mér leið mjög illa yfir því og fannst það niðurlægjandi.“

Saga Kjartansdóttir, starfsmannastjóri hjá Sandholti, segir það hafa komið fyrir að fólk sem gæti eflaust talað ensku geri það ekki og bíði frekar eftir afgreiðslu hjá íslenskumælandi afgreiðslufólki.

„Við höfum tekið eftir þessu meira hjá eldra fólki. Við höfum brugðist við með kurteisi og reynt að halda öllum góðum,“ segir Saga.

Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss, segist hafa heyrt að útlensku afgreiðslufólki finnist óþægilegt að fá harkalegt viðmót frá viðskiptavinum. Hann bendir viðskiptavinum á að oft og tíðum skilji afgreiðslufólk eitthvað í íslensku og er hugsanlega í íslenskunámi. „Þá má hugleiða að ef viðkomandi afgreiðslumanneskja skilji ekki í fyrstu þá þarf ekki endilega að tala hærri og endurtaka sig heldur umorða eða nota einfaldara mál.“

Einar bendir á að það sé eitt prósent atvinnuleysi á Íslandi og því mikil umframeftirspurn eftir starfsfólki. „Hver og einn getur hjálpað til með því að sýna vinsamlegt viðmót og aðstoða frekar viðkomandi við að læra eitt eða tvö orð.“ Einar segir menn oft gleyma sér í amstri dagsins í stað

ÍSLENSKUKENNSLA FYRIR ÚTLENDINGA KOSTAR LÍTIÐ MIÐAÐ VIÐ ÁVINNING

Samfélagslegur ávinningur af markvissri íslenskukennslu fyrir fullorðin fólk af erlendum uppruna er til muna meiri en útlagður kostnaður. Þetta kemur fram í greiningu sem gerð var á vegum menntaráðs Reykjavíkurborgar og Námsflokkanna.

Tuttugu sérfræðingar sem vinna að stefnumótun í málaflokknum og skipulagðri fræðslu komust að þessari niðurstöðu. Hópurinn segir að auka þurfi ábyrgð atvinnurekenda á íslenskunámi erlendra starfsmanna og ríkið og sveitarfélögin þurfi að byggja upp íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Aðrar niðurstöður voru:

- Brýnt er að gera þau verðmæti sýnileg sem fólgin eru í því að fá fólk frá öðrum löndum til Íslands.
- Íslenskunámið er oft ekki nógu og hagnýtt og of mikil áhersla er lögð á málfræði.
- Bæta þarf aðgengi innflytjenda að íslenskum framhaldsskólum.
- Íslendingar leggja of mikla áherslu á að allir tali rétt mál og það gætir óþolinmæði gagnvart útlendingum sem ekki tala íslensku.

Heimild: Vefur Reykjavíkurborgar, Námsflokkar Reykjavíkur.



MARTINA VIÐ VINNU SÍNA Martina stundar nám við Háskóla Íslands og vinnur í bakaríinu með náminu. Hún ætlar að dvelja á Íslandi í ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÖR

Þess að hugsa til lengri tíma hvernig hægt sé að bæta samfélagið. „Í staðinn fyrir að pirra sig á einhverju ástandi er betra að hugsa hvað maður sjálfur getur gert til að hjálpa til.“ larab@frettabladid.is

ENGAR TÖLUR HJÁ VERSLUN- ARFÉLAGI REYKJAVÍKUR

„Við höfum ekki tölur yfir hversu margir útlendingar eru við afgreiðslustörf. Starfslýsing hvers og eins kemur ekki fram yfir þá sem greiða til okkar,“ segir Elías Magnússon, forstöðumaður kjarasviðs hjá Verslunarfélagi Reykjavíkur (VR). Hann segir engin kvörtunarmál hafa komið inn á borð til þeirra varðandi dónaskap viðskiptavina í garð afgreiðslufólks sem ekki tala íslensku en segist þó geta ímyndað sér að slíkt viðgangist. „Við vorum með herferð fyrir einu eða tveimur árum síðan sem gekk út á að biðja fólk um að sýna afgreiðslufólki virðingu. Við erum enn með þessar auglýsingar í gangi annað slagið þannig að þetta er alveg klárlega til staðar.“



Espresso upplifun.

LAVAZZA
ITALY'S FAVOURITE COFFEE

Traust eignastýring Íslenska lífeyrissjóðsins


Lífeyrissparnaður er einn verðmætasti sparnaðurinn þinn og því er mikilvægt að ávaxta hann rétt. Með traustri eignastýringu hefur Íslenski lífeyrissjóðurinn náð góðri ávöxtun fyrir viðskiptavinum sína og þannig tryggt þeim fjárhagslegt frelsi við starfslok.

Hafðu samband við ráðgjafa okkar í 410 4040 og fáðu nánari upplýsingar um Íslenska lífeyrissjóðinn.



Landsbankinn

Nafnvöxtun á ársgrundvelli miðast við 31. júlí 2007.



GOTT FÓLK

Meira fyrir minna



MacBook

Fullkomin ferðatölva með allt að 2,16 GHz örgjörva, 160 GB plássi, 8x Super Drive, iSight, Apple fjarstýringu, 13,3 tommu skjá og fleira. Svo getur þú valið svarta eða hvíta.

frá 99.990



Viltu vinna iPod touch?

Viltu eiga flottasta iPod spilara sem búinn hefur verið til? Og viltu hann ókeypis?

Það eina sem þú þarft að gera er að skrá þig á póstlista Apple fyrir 1. desember og þú getur átt von á því að vinna iPod touch.

www.apple.is/ipodtouch



Windows

Neyðistu til að nota Windows vél í skólanum? Langar þig svakalega til að spila einhvern tölvuleik sem er ekki til fyrir makkann þinn?



Núna er ekkert mál að keyra Windows á Apple vélum og MacBook vélin er tilvalin til þess.

Eina sem þú þarft er eintak af Windows-stýrikerfinu.

Komdu niður í búð til okkar og fáðu sölumann til að fræða þig nánar um þetta eða kíktu á: www.apple.is/windows



Apple IMC
Humac ehf.

apple.is
534 3400

Laugavegur 182 | Mán. til fös. 10 – 18 og lau. 11 – 16
Kringlan | Ópið samkvæmt afgreiðslutíma Kringlunnar



Hlutastarf við ferðapjónustu fatlaðra

Starfið felst í símamóttöku ferðabeiddna og röðun ferða á þjónustubíla.

Vinnutími: Frá kl. 12:30 til 17:00 virka daga.

Kröfur: Færni í mannlegum samskiptum, áreiðanleiki og nákvæm vinnubrögð.

Upplýsingar veitir
Halldór Þórhallsson deildarstjóri
í síma 540 2743 / 660 2341, halldor@straeto.is
og á straeto.is

Strætó bs.

Útivistarfatnaður

25–70%
AFSLÁTTUR



25–70% afsláttur af útivistarfatnaði. Nú er lag að gera kjarakaup og dúða sig vel fyrir veturinn.

Ellingsen

– fullt hús ævintýra

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is
Tryggvabraut 1–3, Akureyri • Sími 460 3630
Opíð mánud.–föstud. 8–18, laugard. 10–16

Handtökur í aðdraganda forsetakosninga í Pakistan:

Herferð lögreglu gegn mótmælum

PAKISTAN, AP Fjöldi manna hefur verið handtekinn í herferð pakistönsku lögreglunnar undanfarna daga sem yfirvöld segja til þess að tryggja reglu í aðdraganda forsetakosninga sem fara fram 6. október næstkomandi.

Bann var í gær lagt við að fleiri en fimm söfnuðust saman í höfuðborginni Islamabad. Lögregla lokaði götum í kringum hæstarétt Pakistans sem hafnaði í gær þremur frambjóðendum sem hugðust keppa við núverandi forseta, Pervez Musharraf, um embættið.

Bandaríska sendiráðið í Pakistan lýsti miklum áhyggjum yfir



ANDSTÆÐINGAR MUSHARRAFS Lögregla hindraði mótmælendur sem reyndu að ganga í átt að hæstaréttarbyggingunni í Islamabad í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

herferðinni og hvatti til þess að nokkrum stjórnarandstöðuleitögum sem handteknir hafa verið

síðustu daga yrði sleppt tafarlaust. Þessi gagnrýni þykir óvenjulega hörð en Bandaríkin hafa verið einn helsti stuðningsaðili Musharrafs sem er lykilbandamaður þeirra í stríðinu gegn hryðjuverkum.

Hæstiréttur Pakistans hefur enn ekki gefið út hvort hann taki fyrir beiðnir sem honum hafa borist um að úrskurða um hvort staða Musharrafs sem forseta og yfirmanns hersins geri hann óhæfan til að sækjast eftir öðru kjörtímabili sem forseti. Musharraf hefur boðist til að segja af sér sem yfirmður hersins vinni hann kosningarnar.

- sdg

Maður fannst látinn í fangaklefa sínum

Maður á fertugsaldri fannst látinn í fangaklefa sínum á Litla-Hrauni á laugardagsmorgun. Dánarorsök mannsins er óljós en ekkert bendir til þess að hann hafi tekið sitt eigið líf, að sögn Þórarins Viðars Hjaltasonar sálfræðings.

LÖGREGLUMÁL Maður á fertugsaldri, sem var fangi á Litla-Hrauni, fannst látinn í klefa sínum á laugardagsmorgun. Fangaverðir komu að honum þar sem hann lá í rúmi sínu en dánarorsök er óljós. Ekkert bendir til þess að hann hafi svipt sig lífi, að sögn Þórarins Viðars Hjaltasonar sálfræðings hjá Fangelsismálastofnun.

Maðurinn lét sig nýverið hverfa af áfangaheimili Verndar við Laugateig en var kominn aftur í vist innan fárra daga. Hann átti eftir að afplána innan við sex mánuði af dómi fyrir manndráp af ásettu ráði. Hann var dæmdur árið 1998 í sextán ára fangelsi fyrir að drepa mann í Heiðmörk á hrottalegan hátt ásamt tvíburabróður sínum, en hann fékk tólf ára fangelsi. Hann var að ljúka við afplánun þar sem hann hafði hagað sér vel í fangelsi og sýnt betrunarmerki.

Afstaða, félag fanga, sendi í gær frá sér tilkynningu þar sem atburðurinn er harmaður og mannsins sagt sárt saknað, endi hafi hann verið vel liðinn og átt marga féлага innan veggja fangelsins. Þá segir einnig að atburðurinn sé mikið áfall fyrir alla í fangelsinu þar sem stutt sé síðan ungur maður lést innan fangelsins.

Að sögn Þórarins Viðars hafði maðurinn sýnt mikil betrunarmerki á þeim tíma sem hann sat í fangelsi og

FÍKNIEFNANEYSLA FER MINNKANDI


Fíkniefnaneysla í íslenskum fangelsum er að minnka samkvæmt nýlegri úttekt á fíkniefna- og lyfjaneyslu fanga hér á landi. Ástand í fangelsum var þó mjög misjafnt. Verst er ástandið á Litla-Hrauni þar sem meirihluti fanga, eða um sjötíu prósent, hefur neytt fíkniefna eða annarra bannaðra fíkniefna. Í Hegningarhúsinu á Skólavörðustíg og í fangelsunum í Kópavogi og á Kvíabryggju er lítil sem engin fíkniefnaneysla, samkvæmt úttektinni.

nád góðu sambandi við aðra fanga og fangaverði. Valtýr Sigurðsson fangelsismálastjóri sagði atburðinn hörmulegan og að allir, jafnt fangar sem starfsmenn Fangelsismálastofnunar, væru harmi slegnir yfir honum. Hugur allra væri hjá fjölskyldu mannsins sem nú væri fallinn frá.

magnush@frettabladid.is

LITLA-HRAUN Fangi fannst látinn í klefa sínum á laugardagsmorgun. Fangaverðir komu að honum þar sem hann lá í rúmi sínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Bahamas eða

Það skiptir máli að spara á réttum stað

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur gefið langhæstu ávöxtun allra peningamarkaðssjóða á Íslandi síðustu 12 mánuði eða **15,4%***

Krefjast tvöföldunar launa:
Verkfall kenn-
ara í Búlgaríu

BÚLGARÍA, AP Kennarar í almenn-
ingsskólum í Búlgaríu lögðu niður
störf í gær í kjölfar vikulangra
mótmæla í höfuðborginni Sofíu.
Kennarar krefjast 100 prósent
launahækkunar og að framlag til
menntamála verði að minnsta
kosti fimm prósent af vergri
landsframleiðslu.
Meðallaun almenningskóla-
kennara í Búlgaríu eru tæpar
20.000 krónur á mánuði. Stjórn-
völd hafa boðið tvær fimmtán
prósent launahækkunir í janúar
og júlí næstkomandi.
Menntamálaráðherra Búlgaríu
segir kröfur kennara „ófram-
kvæmanlegar.“ - sdg

Leiðtogafundur um hlýnun:
Hlýnun ekkert
vafamál lengur

BANDARÍKIN, AP Ban Ki-moon,
framkvæmdastjóri Sameinuðu
þjóðanna, segir að „tíminn fyrir
efasemdir sé
liðinn“ og nú sé
aðgerða þörf til
að draga úr
útbæstri
gróðurhúsaloft-
tegunda. Þetta
sagði hann á
harla óvenju-
legum leiðtoga-
fundi á vegum
Sameinuðu
þjóðanna, sem
höfst í New York í gær.
Þangað mæta forsetar og
forsætisráðherrar um 80 ríkja til
að ræða hlýnun jarðar og finna
leiðir til að draga úr henni. Einnig
mættu á fundinn þeir Arnold
Schwarzenegger, ríkisstjóri
Kaliforníu, og Al Gore, fyrrver-
andi varaforseti Bandaríkjanna.
George W. Bush Bandaríkjafor-
seti tekur þó ekki þátt í samkom-
unni, en hann ætlar að halda sinn
eigin leiðtogafund síðar í vikunni.
Þangað er boðið leiðtogum þeirra
sextán ríkja sem mest menga.

- gb

STJÓRNMÁL

Sturla í Georgíu
Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis, er
nú í Georgíu ásamt starfsbræðrum
sínun frá hinum Norðurlöndunum og
Eystrasaltsríkjunum. Þingforsetarnir
vilja styðja við lýðræðisþróun í Georgíu
og kanna hvernig þing þjóða þeirra
geti orðið að liði í þeim efnum.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Vörubíll út af veginum
Ökumaður vörubíls slasaðist ekki
þegar hann fór út af Prengslavegi í
gærmorgun. Bíllinn var að flytja mól
þegar óhappið varð. Að sögn vegfar-
anda mátti ökumaðurinn þakka sínum
sæla fyrir að ekki fór verr þar sem
vörubíllinn endaði á grófum hraunmel.

Hugsaðu um heilsuna!

Gamla góða
Óskajógúrtin
– bara léttari

Frískandi, hollur
og léttur drykkur í dós

Svalandi,
próteinríkur
og fitulaus

Silkimjúkt,
próteinríkt
og fitulaust

Fitusnauðar
og mildar ab-vörur
– dagleg neysla stuðlar að bættri
heilsu og vellíðan

Viðey?



„ORÐRÉTT“

Þekkir sína menn

„Ég held að íslenskar konur beri það mikla virðingu fyrir sjálfum sér að þær bjóði ekki leigubílstjórum svona.“

SÆMUNDUR KR. SIGURLAUGSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI HREYFIS, UM FRÉTTIR AF KONUM SEM BJÓÐA LEIGUBÍLSTJÓRUM KYNLÍFSGREIÐA.

Fréttablaðið 24. september.

Einfalt mál

„Það bara deyr.“

BJARNI KIARTANSSON HJÁ SLÖKKVILIÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐIS UM HVAÐ KEMUR FYRIR FÓLK Í ELDSVOÐA EF FLÓTTALEIÐIR Á SKEMMTISTAÐ ERU LÆSTAR.

Morgunblaðið 24. september.

tilveran

nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? BRAGI VALDIMAR SKÚLASON BAGGALÚTUR

Sveppahátíð í Skotlandi án Sveppa

„Í augnablikinu er ég að ljúka við að pikka inn næsta snilldarskammt frá Megasi og Senuþjófunum. Þetta er önnur plata frá þeim og það er fátt skemmtilegra en að prófarkalesa Megas,“ segir Bragi Valdimar Skúlason baggalútur. Hann segir hina stórfenglegu síðu baggalutur.is sjaldan hafa verið glæsilegri. „Ég vinn í þeirri síðu alla daga, kvölds og morgna. Annars er ég bara að bíða og sjá hvort umsókn mín um tuttugu klukkustundum lengri sólarhring verði ekki tekin fyrir af almættinu á næstunni.“

Bragi og fjölskylda hans voru að kaupa sér íbúð og ætla að flytja nú í desember. „Þetta er tilvalin afsökun fyrir að mæta ekki í jóla-boð: „æ, við erum svo upptekin...“ Annars var sumarið bara gott. Það

var allavega betra en haustið veðurfarslega séð. Ég fór ekki í mörg ferðalög en ég ætla að reyna að taka mér sumarfrí árið 2012. Ég fór reyndar á þjóðlagahátíð á Siglufirði sem var mjög gaman. Nú veit ég allt sem ég vil vita og vil ekki vita um langspil.“



Bragi segir margt á döfinni hjá Baggalúti og þeir félagar eru á leið á sveppahátíð í Skotlandi sömu helgi og Iceland Airwaves tónlistarhátíðin er haldin á Íslandi. „Við erum eina hljómsveitin á landinu sem sinnir erlendum markaði þessa helgi sem er mjög merkilegt. Þetta er matarhátíð og við munum einnig hjálpa til við að kynna íslenska matarmenningu í leiðinni. Við reyndum að fá Sveppa með okkur í þetta en hann kemst því miður ekki.“

LENGSTA LAGIÐ: TEKUR 639 ÁR

■ Flutningur lengsta lags í heimi hófst 5. september árið 2001 í bænum Halberstadt í Þýskalandi.



Höfundur verksins er bandaríska tónskáldið John Cage og kallast það Organ2/ASLSP. Skammstöfunin stendur fyrir „as slow as possible“ eða „eins hægt og mögulegt er“. Fyrstu þrjár nóturnar voru ekki fluttar fyrr en í janúar árið 2003 og í júlí ári seinna mátti hlýða á næstu tvær nótur. Verkið verður flutt á þennan hátt allt til ársins 2640, en árið 2319 verður gert stutt hlé líkt og tíðkast á tónleikum. Cage er einnig þekktur fyrir að hafa samið verkið 4'33', sem er þögn í fjórar mínútur og 33 sekúndur, og segist hann hlusta á það daglega.

SIJÓNARHÓLL

RANNSÓKN Á SPÍTTSKÚTUMÁLINU

Lögreglan stendur sig vel

„Ég hef auðvitað fylgst töluvert með þessu máli eins og flestir aðrir. Þetta er jú stærsti fundur lögreglu á hörðum fíkniefnum sem fundist hefur hér á landi,“ segir Davíð Smári Harðarson, oft kenndur við Idol stjörnuleit, um nýjustu fréttir af rannsókn á fíkniefna-fundinum á Fáskrúðfirði. Meintur höfuðpaur í málinu neitar sök.

„Ég hef ekki nægilega þekkingu á þessu máli til að fullyrða eitthvað um það hver höfuðpaurinn er. Ég tel samt ekki ólíklegt að lögreglan nái að finna hann. Ég veit að lögreglan hefur staðið sig með mikilli þrýði í þessu máli. Ég þekki aðeins til innan hennar og veit að þessir menn eru með puttana alls staðar. Fólk innan fíkniefnalögreglunnar



DAVÍÐ SMÁRI HARÐARSON
Söngvari.

virðist sinna starfi sínu mjög vel. Ég held að það sé óhætt að segja að þetta fólk hafi staðið sig eins og hetjur í þessu máli.“

Rúmlega 90 nemendur Öskjuhlíðarskóla fóru í heimsókn í Egilshöll:

Skemmtu sér vel á skautum

Allir nemendur Öskjuhlíðarskóla fóru á skauta í Egilshöllinni í gær. Með þeim í för voru kennarar og annað starfsfólk skólans.

„Við fengum boð frá rekstraradilum Egilshallarinnar um að koma í heimsókn, þau buðu svo krökkunum upp á veitingar og allt saman. Það var ekki hægt að hafna þessu boði,“ segir Jóhann A. Kristjánsson, aðstoðarskólalastjóri Öskjuhlíðarskóla.

Starfsfólk og nemendur skólans eru duglegir við að fara út fyrir skólastofuna. Í síðustu viku var til dæmis farið í gróðursetningarferð í nágrenni Úlfjótssvatns og 85 plöntur gróðursett.

- Þeb

GAMAN Á SKAUTUNUM Krakkarnir skemmtu sér konunglega á skautunum. Einnig var farið í fótbolta og aðra leiki í heimsókninni í Egilshöll. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



HJÁLPAÐ AÐ Þau Daniel og Gunnhildur Sól skelltu sér bæði á skauta og hjálpuðust að. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

FLOTTUR ALLT ÁRIÐ!



KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15 7,889 +0,01%		Fjöldi viðskipta: 348 Velta: 10,871 milljónir	
MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
↑ TR.MIÐSTÖÐIN	2,17%	↓ CENTURY AL.	1,61%
BAKKAVÖR	0,92%	FL GROUP	1,41%
GLITNIR	0,71%		

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 10,20 +0,00% ... Bakkavör 66,10 +0,92% ... Eimskipafélagið 39,15 -0,13% ... Exista 30,45 -0,49% ... FL Group 24,55 -1,41% ... Glitnir 28,35 +0,71% ... Icelandair 26,15 +0,19% ... Kaupþing 1.080 -0,19% ... Landsbankinn 40,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 19,30 +0,26% ... Össur 98,70 -0,30% ... Teymi 6,18 -0,32%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á vísir.is

Kaupa meira í Debenhams

Félög í eigu Íslendinga hafa tryggt sér 13,5 prósentu eignarhlut í bresku verslanakeðjunni Debenhams. Baugur Group á 6,7 prósent og Unity Investment, sem er í eigu Baugs, FL Group og Kevin Stanford ráða yfir 6,8 prósentum. Tilkynnt var í ágúst síðastliðnum að þessi félög réðu yfir 11 prósentu eignarhlut í Debenhams. Frá sumarbyrjun hafa þau verið að bæta við sig hlutum í félaginu. Í hálffimm fréttum Kaupþings í gær sagði að verðmæti 13,5 prósentu hlutar væri tæpir fjórtán milljarðar króna. Gengi félagsins hefði lækkað mikið á þessu ári. Athyglin beindist meðal annars að því hvað stjórnendur Baugs myndu gera. Í júlí hefði félagið tilkynnt að það hygðist ekki gera yfirtökutilboð í Debenhams. Það bindi hendur Baugsmanna fram í janúar.

- bg

Frakkar eyða of miklu

Jean-Claude Trichet, bankastjóri evrópska seðlabankans, gagnrýndi opinbert fjáraustur franska ríkisins harðlega í útvarpsviðtali á sunnudag. Hann sagði eyðslu Frakka áhyggjuefni og yrðu þeir að endurskoða stefnu sína. Allt stefnir í að ekkert annað land eyði jafnmiklu í hlutfalli við landsframleiðslu innan Evrópusambandsins á árinu, að mati Trichets. Í síðustu viku sýndu opinber gögn fram á að fjárlagahalli franska ríkisins hefði aukist á milli ára. Í kjölfarið sagði Francois Fillon, forsætisráðherra Frakka, að



GAGNRÝNIR EYÐSLUSEGGI Jean-Claude Trichet segir allt stefna í að ríkissjóður Frakklands eyði mestu miðað við önnur lönd innan ESB.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

fjárhagsstaða franska ríkisins væri afar slæm. Stjórnvöld stefndu að því fyrir nokkru að eyða fjárlagahallanum á næstu þremur árum. Þau hafa nú fært markmiðið aftur til 2012 í skugga aðstæðna á fjármálamörkuðum. Ríkisstjórn Frakklands hefur gagnrýnt stýrivaxta-stefnu Evrópubankans upp á siðkastið og segir hátt vaxta-stig hafa leitt til minni hagvaxtar í Frakklandi auk þess sem sterk evra hafi komið harkalega niður á frönskum útflutningi.

- jab

MARKAÐSPUNKTAR

Eignir íslenskra heimila hækkuðu í verði um 0,4 prósent í ágúst samkvæmt eignaverðsvísitölu Kaupþings. Eignir heimila hafa hækkað um 9,6 prósent að raunvirði á síðustu tólf mánuðum.

Evrópski fjárfestingabankinn (EIB) gaf í gær út jöklabréf fyrir þrjá milljarða króna með gjalddaga í janúar á næsta ári. Útistandandi bréf EIB eru nú að andvirði 6 milljarðar króna. Vegvísir Landsbankans sagði frá.

Matsfyrirtækið Moody's hefur staðfest lánhæfismat á Glitni, Kaupþingi og Landsbankanum. Bankarnir fá einkunnina C fyrir fjárhagslegan styrkleika, Aa3 fyrir langtímaskuldbindingar og P-1 fyrir skammtímaskuldbindingar.

Alfesca reiðubúið fyrir evruskráningu

Stjórn Alfesca fékk á aðalfundi félagsins í gær heimild til að skrá hlutfé félagsins í evrum. Miðað verður við kaupgengið 87,04 á hlut við skráningu hlutafjárins í evrur og mun eitt atkvæði fylgja hverri evru í hlutfé í stað hvers evrusents í hlutfé. Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Alfesca, segir þetta verða gert eins fljótt og hægt er. „Við erum klár í slaginn og skráum hlutféð þegar kauphöllin er tilbúin,“ segir hann og vísar til þess að málið hafi strandað á tæknilegum örðugleikum við skráninguna hjá Kauphöll Íslands. Straumur ætlaði að skrá hlutfé sitt í evrum frá fimmtudegi í síðustu viku en því var frestað eftir að Seðlabankinn gerði lögræðilegar og tæknilegar athugasemdir við skráninguna nokkrum dögum áður en breytingin átti að taka gildi.

Ólafur er samhljóða William Fall, forstjóra Straums, að evruskráningin muni auka áhuga erlendra fjárfesta á þeim félögum sem skrái hlutfé sitt í evrum. Stjórnendur Alfesca hafi fundið fyrir því á kynningarferðum á dögnum í Ósló í Noregi og í Lundúnum í Bretlandi. Viðbrögðin voru afar góð, að sögn Ólafs. „Þegar kauphöllin verður hluti af stærra svæði verður Alfesca sýnilegra og því gerum við okkur vonir um að fleiri erlendir aðilar komi inn í hluthafahópinn,“ segir hann.

- jab

ÓLAFUR ÓLAFSSON, STJÓRNARFORMAÐUR ALFESCA Ólafur segir gera sér vonir um að fleiri erlendir fjárfestar komi inn í hluthafahóp Alfesca eftir að félagið skráir hlutfé sitt í evrum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Subaru eigendur vita að veturnir geta oft verið harðir hér á landi. Það er því mikilvægt að vera með drif á öllum þegar keyrt er í hálkunn.

Boxer vélin liggur lárétt í vélarrýminu svo þyngdarpunktur bílsins er mjög lágur sem gerir hann miklu stöðugri í öllum akstri. AWD sídrifið tryggir að aflið dreifist jafnt og örugglega til hjólanna.

Þeir sem kaupa sér Subaru einu sinni halda áfram að kaupa Subaru. Þeir vita að hann er allt öðruvísi en aðrir bílar.

Subaru hefur verið seldur á Íslandi í yfir 30 ár. Reynslan af bílnum við þær erfiðu og óvenjulegu aðstæður sem hér eru

hefur gert Subaru að samnefnara fyrir endingu, hörku og úthald. Raunar er hvergi selt meira af Subaru miðað við höfðatölu en einmitt á Íslandi.

Subaru Legacy eru klárlega bestu kaupin í dag. Þú finnur varla bíl með þessa eiginleika í þessum verðflokki.

Það ætti því enginn að kaupa sér bíl án þess að koma fyrst og reynsluaka Subaru Legacy. Spurðu bara Subaru eigendur. Þeir vita af hverju Subaru eru sennilega gáfulegustu bílakaup sem þú gerir.

Svo er hann ekki bara flottur á veturna, heldur allt árið!

SYMMETRICAL AWD

Sjálfskiptur Sedan 2.680.000,- Sjálfskiptur Wagon 2.830.000,-

Ingvar Helgason		Sævarhófa 2 Sími 525-8000	Opíð: Mán. 10 - 18, þri.-fös. 9 - 18, lau. 12 - 16.	
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 464-7940	Njardvik 421-8808	Höfn í Hornafirði 478-1990	

Umheimurinn er kominn til Íslands, hafi það farið fram hjá einhverjum.

Tvítýngdur hversdagsleiki

JÓN KALDAL SKRIFAR

Undanfarna daga hafa ýmsir orðið til þess að velta fyrir sér hvort kominn sé tími til að auka vægi enskunnar í íslensku samfélagi. Innan fjármálageirans hafa heyrst hugmyndir um að taka ensku upp sem vinnumál og á laugardag skrifaði Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, hugleiðingu í Morgunblaðið þar sem kom fram að rétt væri að „huga að tvítýngdri stjórnsýslu, íslenskri og enskri“.

Yfir þessu mætti eflaust súpa hveljur ef þetta væri ekki nú þegar nákvæmlega sá veruleiki sem starir í augun á okkur í gráum hversdagsleikanum. Eða réttara sagt glymur í eyrunum á okkur á hverjum degi; þegar við förum út í búð að versla, á kaffihús að panta okkur drykk, í leik- og grunnskólana að sækja börnin okkar eða á sjúkrahúsin og elliheimilin að heimsækja þá sem eru veikir eða gamlir. Alls staðar mætir okkur fólk sem hefur aðra tungu en þá íslensku að móðurmáli og enskan er gjarnan það samskiptatæki sem gripið er til.

Ekki er langt síðan sigldir Íslendingar gátu sagt sögur af því að hafa fengið far með túrbanklæddum leigubílstjórum í New York sem voru illa mæltir á tungu heimamanna, og þótti merki um fjölbreytileika heimsborgarinnar. Hverjum hefði dottið í hug að svipuð staða gæti komið upp hér?

Umheimurinn hélt sem sagt í innrás til Íslands á sama tíma og athafnamennirnir fóru í sína útrás. Og vissulega hefur þetta valdið ákveðnum vanda. Það skilja ekki allir, í orðsins fyllstu merkingu, breytingarnar.

Sá sem hér skrifar var staddur í bakaríi fyrir skömmu þegar inn kom maður og vildi kaupa kjallarabollu. Afgreiðslustúlkan skildi ekki óskina og enskan lék ekki á tungu mannsins, sem var kominn yfir miðjan aldur. Viðskiptin leystust sem betur fer friðsamlega en þeim var ákveðin vorkunn hvort sínum megin við afgreiðsluborðið. Hvað er eiginlega kjallarabolla á ensku? „A cellar bun“?

Í raun og veru er málið ekki lengur spurningin um hvort taka skuli upp ensku í auknum mæli – stundin fyrir þá ákvörðun fór fram hjá okkur fyrir allnokkru án þess að við hefðum nokkuð um hana að segja – heldur hvernig við bregðumst við komu hennar.

Ein leið er með geðvonsku og leiðindum eins og útlendingar í þjónustustörfum mega þola á hverjum degi og sagt er frá í Fréttablaðinu í dag. Hin er með jákvæðni og vissum skammti af þakklæti. Staðreyndin er sú, og nauðsynlegt er að allir hafi hana á hreinu, að ef ekki væru hér þúsundir útlendinga að störfum þá væri Ísland óstarfhæft. Í því samhengi er líka rétt að ítreka að útlendingar leika meðal annars lykilhlutverk í umönnun aldraðra og barna, og þau störf eru svo sannarlega límið í samfélagi okkar.

En auðvitað tala ekki allir ensku og samskiptin geta orðið snúin. Þá er gott að hafa á bak við eyrað að útlendingarnir eru heldur ekki allir sterkir á svellinu í enskunni.

Svo er líka hægt að áorka mörgu með bendingum og vænum skammti af brosi. Eða eins og Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahússins orðar það: „Hver og einn getur hjálpað til með því að sýna vinsamlegt viðmót og aðstoða frekar viðkomandi við að læra eitt eða tvö orð.“

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

FRÉTTASTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson
ABSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir
FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson og Sigríður Björg Tómasdóttir
FULLTRÚI FRÉTTASTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

• Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

Þak yfir höfuðið – fyrir alla

Borgarmálaráð Samfylkingarinnar í Reykjavík heldur fund um húsnæðismál, miðvikudaginn 26. september, kl. 20.30–22.00 á Hallveigarstíg 1.

- Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur í félagsmálaráðuneytinu.
- Laufey Ólafsdóttir, formaður félags einstæðra foreldra.
- Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi.

Fundarstjóri: Oddný Sturludóttir formaður borgarmálaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík.

Kaffi og meðlæti – Allir velkomnir



Samfylkingarfélagið í Reykjavík

• Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

FRÁ DEGI TIL DAGS

Gömul saga og ný

Steingrímur Hermannsson var frískur í Kastljósviðtali Evu Maríu Jónsdóttur á sunnudag. Gagnrýndi hann sína menn í Framsókn og sagðist frekar myndu hafa slitið stjórnarsamstarfi en að styðja Íraksstríðið. Fréttamiðlar sumir hafa gripið þessi ummæli á lofti eins og um ný tíðindi sé að ræða. Skemmt er þó að minnst að fyrir hálfu öðru ári, hinn 5. mars 2006 nánar tiltekið, lét Steingrímur eftirfarandi orð falla í Silfri Egils: „Ég hefði slitið stjórnarsamstarfinu með Sjálfstæðisflokknum fremur en að styðja innrásina í Írak.“ Vakti það síst minni athygli þá en nú.

Leiðari smyglara

„Ísland hefur eignast lögreglu,“ skrifar Reynir Traustason, ritstjóri DV, í blað sitt í gær með vísan til spittskútumálsins svokallaða. Reynir segir að breyting sé orðin á því sem var þegar fíkniefnamál voru rannsökuð með yfirborðslegum hætti og enduðu yfirleitt með handtöku burðardýra og milliliða. Sjálfur hefur Reynir sýnt fram á hversu auðvelt er að flytja fíkniefni inn til landsins. Í heimildarmyndinni Skuggabörn smyglaði hann sáldri af kókainblandaðri grænsápu gegnum Leifssstöð og fór létt með það.

Elsti ungliðinn

Þing unga fólksins fór fram í Norræna húsinu um helgina. Þingið er í grunninn pólitískur þykjustuleikur þar sem félagar í ungliðahreyfingum stjórnmálaflokkanna æfa sig í þingmennsku og semja krassandi ályktanir. Þórlundur Kjartansson, nýbakaður formaður SUS, sat þingið en hann er 31 árs. Á þing unga fólksins vantaði hins vegar jafnöldru Þórlinds, Katrínu Jakobsdóttur, Ágúst Ólaf Ágústsson sem er ári yngri en Þórlundur og Birkir Jón Jónsson sem er heilum þremur árum yngri en formaður SUS. Þau þrjú eiga hins vegar sæti á þingi fullorðna fólksins.

bergsteinn@frettabladid.is

Verndum Laugardalinn

Hvað er verið að byggja hérna á móti?“ spurði matargestur á sunnudagskvöld. Ég hrökk aðeins við, því sem sannur borgarbúi vil ég alls ekki láta byggja á móti hjá mér. Það má þetta byggð, ég er voða hrifin af því, en alls ekki í næsta nágreanni við mig. Hér er allt eins og það á að vera. Ég leit út um gluggann og sagðist halda að þetta ættu að vera blómaker á nýja torginu við kirkjuna. Ég er nýbúin að vera hjá fótaaðgerðafræðingnum mínum og hefði því verið búin að fréttu ef eitthvað stæði til.

Ég viðurkenni að þó ég hafi sérstakan áhuga á hverfinu mínu og á skipulagsmálum almennt hafa einstaka auglýsingar um breytt skipulag á ýmsum reitum samt farið fram hjá mér. Íðulega hafa það verið vökulir grannar sem hafa vakið mig upp af Þyrnirósarsvæfni mínum. Ef ég sæi um kynningarmálin hjá borgarskipulagi myndi ég endurskoða vinnubrögð mín því það er ekki einleikið hvað þetta fer fram hjá fólki, það er ekki fyrr en vinnuvélarnar mæta sem við áttum okkur á því að eitthvað standi til. Þannig hafði ég samband við kirkjuna þegar stórvirkar vélar fóru að ryðja trjáum um koll á túninu fyrir framan hana. Ég hélt að bílstjórnin hefði misst stjórn á tækinu, en fékk þær upplýsingar að til stæði að leggja hér tilkomumikið torg. Hafi það farið í grenndarkynningu fór hún fram hjá mér.

Tviburaturnar á Teigunum?

Ég skrifaði undir mótmælaskjal gegn turninum á Grand hóteli eftir að hann hafði farið í grenndarkynningu þannig að mótmæli voru of seint fram borin og ekkert hægt að gera. Ég vildi að grannar mínir nytu sólar alla daga og þó ekki síður koma í veg fyrir að annað eins ferlíki rísi í kjölfarið á Blómavalslóðinni.



RAGNHILDUR VIGFÚSDÓTTIR Í DAG | Skipulagsmál

Turninn á Grand hóteli var sagður kallast á við Hátúnsblokkirnar og turninn á Blómavalslóðinni verður sagður kallast á við nágranna sinn Herra Grand. Eins og ég sakna Blómavals þá get ég samglaðst íbúum í Sigtúni sem segja að þetta sé allt annað líf því það dró svo mikið úr umferð í götunni þegar verslunin flutti. Hverfisbúar höfðu kannski mestar áhyggjur af sólinni en okkur barst skyndilegur liðsauki þegar farið var að ræða um réttindi fólks til útsýnis.

Allir sem aka Kringlumýrarbraut í átt að sjónum hafa misst töluvert af Esjunni. Það er líklega tímabært að standa vörð um Esjuna eða réttara sagt um þann „rétt“ fólks að geta séð til hennar sem víðast. Við sem kjósum að búa í borg afsölum okkur kannski útsýninu út um gluggann hjá okkur, en við hljótum þó að mega sjá Esjuna án þess að þurfa að fara upp í Hallgrímskirkjuturn eða niður á Sæbraut. Háhytsalengjan við strandlengjuna og turninn á Grand hóteli þrængja sjóndeildarhring borgarbúa.

Tjald frekar en hótél

Fótaaðgerðadaman, sem býr í hverfinu og gjörþekkir það, tjáði mér að við yrðum að standa vaktina því það væri þrængt að Laugardalnum úr öllum áttum. Ef heldur áfram sem horfir verður

ekkert eftir nema Grasagarðurinn og túnið kringum Þvottalaugarnar. Ég ver drjúgum tíma í Laugardalnum. Ég geng stafgöngu um hann að minnsta kosti tvisvar í viku, dæturnar æfa skauta, skylmingar og fótbolta þar og sjálf hef ég verið viðskiptavinur Lauga frá opnun.

Laugardalurinn iðar af lífi alla daga, börn að leik og fólk á göngu, hjólu eða skokkandi. Það eru fleiri en íbúar hverfisins sem nýta sér þetta fallega útivistarsvæði enda er það í miðri borginni. Mikil umferð fylgir Laugum þannig að Reykjavegurinn er oft erfiður gangandi vegfarendum á leið í dalinn. Íbúar við Laugateig komast varla á bíl út úr götunni, að minnsta kosti ekki þeir sem ætla að beygja til vinstri. Reykjavíkurborg gæti haft dagott upp úr því að hafa mann alla daga við Lauga til að sekta þá sem leggja ólöglega, því margir virðast helst vilja aka alveg að hlaupabrettinu og leggja því upp á gangstétt við innganginn. Ég er mjög ánægð með Laugar og með gömlu og góðu Laugardalslauginna. Ég verð þó að taka undir með vökulum granna mínum að mér er til efs að það verði Laugardalnum til framdráttar að leggja tjaldstæði undir heilsuhótél. Það er frábært að hafa tjaldstæði inni í miðri borg og það fer vel að hafa það í nágreanni við Farfuglaheimilið. Ég geng þarna bæði sumar og vetur. Á sumrin er það sem kallast iðandi mannlíf og þykir mjög eftirsóknarvert í miðbænum að degi til og á vetrum er þarna kærkomið autt svæði þar sem börn geta leikið sér eða kerlingar gengið við stafi.

Hér með mótmæli ég því að heilsuhótél komi í stað tjaldstæðisins og treysti því að vinir Laugardalsins, ekki síst nágrannar hans sem sitja í borgarstjórn, standi vörð um Laugardalinn.

Að gefnu tilefni

UMRÆÐAN

Bókmenntir

Ingi F. Vilhjálmsson reiðir hátt til höggs í nýju menningarblaði Fréttablaðsins á sunnudaginn. Ingi hefur lesið Aldingarðinn eftir Ólaf Jóhann Ólafsson og Valentín eftir sama höfund, og komist að því að þetta er sama bókin! Það hefur hingað til ekki verið sérstakt launungarmál, en Ingi kemst að þeirri „huglægu niðurstöðu“ að Ólafur Jóhann hafi „hugað“ sumar setningarnar á ensku en „þýtt“ þær svo á íslensku. Nú er það svo að Ólafur Jóhann vinnur náði með þýðanda sínum, Victoriu Cribb, og hugsar þá vonandi á ensku. Hitt get ég staðfest, og þar með létt af Inga F. „tilfinningu“ hans um annað, að Aldingarðurinn er skrifaður á íslensku.

Ingi F. hefur sjálfsgöðan fyrirvara á lestri sínum, segir að þau málfarsdæmi sem hann taki úr bókunum séu „yfirleitt ekki röng, aðeins óíslenskulæg og óþjál“. Þeim mun furðulegri eru hinar hlálegu ályktanir sem hann hrapar að í lokin.

Það er rétt hjá Inga F. að þau dæmi sem hann tekur úr bókinni votta ekki um rangt mál. Og fjarri því. Það er ekkert rangt við að segja „markaðurinn



PÁLL VALSSON

tók dýfur“ „maður panikerar og frýs“, eða að stúlka „brosi hálfu brosi“ eins og hún hefði getað „hlegið hvellum hlátri“. Það vill svo til að sjálfur er ég „gamall keppnismaður á skíðum“ og gott ef ég ver ekki líka einhvern tíma sagður „fuglslegur“, án þess að ég áttaði mig á því að þetta væri enska. Ingi F. misskilur líka orðalagið þar sem því er lýst þegar „ský líða fyrir mánann“. Vissulega merkir orðasambandið „að líða fyrir e-ð“, að þjást vegna einhvers, en í sögu Ólafs er sögnin „að líða“ notuð í merkingunni „að svífa“, og með forsetningunni „fyrir“ í stað „um“. Þessi skipti á forsetningum hafa mér vitanlega ekki verið bannfærð í íslensku.

Hingað til hefur Ólafi Jóhanni fremur verið lagt til lasts að skrifa vandað mál í bókum sínum. Aðfinnslur Inga F. eru því nýlunda fyrir Ólaf Jóhann en lengi skal manninn reyna. Hitt er alveg ljóst að með svona „rökfærslum“ gæti Ingi F. leitt undir sína fallöxi ekki bara þorra íslenskra rithöfunda heldur einnig flesta þá sem skrifa á íslensku.

Höfundur er rithöfundur og fyrrverandi útgáfustjóri sem gaf meðal annars út Aldingarðinn.



FLÖT LCD

JVC

DYNAPIX FULL HD D.I.S.T. 16:9 LCD

JVC LT46Z70

46" FULL HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1920x1080 punkta upplausn, DynaPix HD D.I.S.T. myndtækni, HD Ready, 1.200:1 skerpu, fullkomnum litstýringum, 20w RMS Nicam Stereo hljóðkerfi með MaxxBass, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, VGA tengi (stýður VGA og XGA), textavarpi og fjarstýringu.

TILBOÐ **399.990**

FULLT VERÐ kr. 449.990



JVC LT26A61SV

26" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með Progressive Scan, 1366x768 punkta upplausn og 1000:1 skerpu, 500cd/m2 birtu, 7ms svartíma, HD Ready, 20w Nicam stereo hljóðkerfi, textavarpi, 2 Scart (með RGB), SVHS, CVBS, Component og PC tengi (DVI), borðstandi, heymartólstengi og fjarstýringu.

TILBOÐ **89.990**

FULLT VERÐ kr. 119.990



JVC LT32A80ZU

32" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, DynaPix myndtækni, HD Ready, 1.200:1 skerpu, fullkomnum litstýringum, 24w Nicam Stereo hljóðkerfi með 3D Cinema Sound, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, CVBS og heymartólstengi, textavarpi og fjarstýringu.

VERÐ **99.990**

FRÁBÆRT VERÐ



JVC LT32G80BU

32" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, DynaPix Plus myndtækni, HD Ready, 1.200:1 skerpu, Black Level Correction og Digital Comb Filter, fullkomnum litstýringum, 20w RMS MaxxBass hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, CVBS og heymartólstengi.

VERÐ **119.990**

FRÁBÆRT VERÐ



JVC LT37R71SV

37" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, DynaPix HD D.I.S.T. myndtækni, HD Ready, 1.200:1 skerpu, Super DigiPure og Digital Comb Filter, fullkomnum litstýringum, 20w RMS, BBE Nicam Stereo hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, VGA tengi (stýður VGA og XGA), textavarpi og fjarstýringu.

VERÐ **139.990**

FRÁBÆRT VERÐ



JVC LT32A80ZU

32" LCD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, DynaPix myndtækni, HD Ready 1.200:1skerpu, fullkomnum litstýringum, 24w Nicam Stereo hljóðkerfi með 3D Cinema Sound 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, CVBS og heymartólstengi, textavarpi og fjarstýringu.

TILBOÐ **159.990**

FULLT VERÐ kr. 189.990



JVC LT42P80BU

42" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, DynaPix HD myndtækni, 100 Hz Clear Motion Drive, HD Ready, 1.500:1 skerpu, fullkomnum litstýringum, 20w RMS MaxxAudio Nicam Stereo hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, textavarpi og fjarstýringu.

VERÐ **219.990**

FRÁBÆRT VERÐ



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk
MINNISKORT

ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM ALLT ► REYKJAVÍK/KURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi, Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORDURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húsvetninga, Hvammstanga, Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki. Hagkaup, Akureyni. Heimilistæki, Akureyni. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kaupþún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martólvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fosshaf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvusítillinn, Grindavík. Rafeindatekni, Keflavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,
Kristín Guðbrandsdóttir
Svölutjörn 44, Njarðvík,
áður Smáratúni 29, Keflavík,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 19. september, verður jarðsingin frá Keflavíkukirkju fimmtudaginn 27. september kl. 14.00. Þeim sem vildu minnst hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Jóhann R. Benediktsson
Benedikt Jóhannsson
Kristbjörg Jóhannsdóttir
Jóhanna A. Jóhannsdóttir
og barnabörn.
María Hákonardóttir
Jóhann Frimann Valgarðsson
Andre Masumbuko



Elskuleg eiginkona mín, móðir og tengdamóðir,
Anna Lilja Gestsdóttir,
flugfreyja, Heiðarbakka 1, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, aðfaranótt mánu dagsins 24. september. Útför verður tilkynnt síðar.

Reynir Ólafsson
Gestur Páll Reynisson
Kristín Guðrún Reynisdóttir
Inga María Vilhjálmisdóttir
Bjarki Ómarsson



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýðug við andlát og útför móður okkar,
Huldu Sigmundsdóttir
frá Þingeyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir alúð og góða umönnun.

Erla Árnadóttir
Guðmundur Árnason
barnabörn og barnabarnabörn.
Gústaf Jónsson
Kolbrún Sigfúsdóttir



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýðug, styrk og stuðning við andlát og útför sambýlismanns míns, föður okkar, sonar, tengdasonar, bróður, mágs, svila og barnabarns,

Sigmars Þórs Eðvarðssonar
verslunarstjóra hjá Bónus, Hraunbæ,
Sílakvísl 13, Reykjavík.

Sérstakar þakkir sendum við eigendum og stjórnendum Bónuss fyrir ómetanlegan hlýðug, styrk og stuðning.

Margrét Friðriksdóttir
Aðalheiður María Sigmarsdóttir
Emelía Rán Sigmarsdóttir
Svanhildur María Ólafsdóttir
Aðalheiður Gréta Guðmundsdóttir
Ólafur Páll Eðvarðsson
Ásta Friðriksdóttir
Auður Gunnarsdóttir
Sigríður U. Ottósdóttir
Vigdís Ámundadóttir
Eðvarð Ingólfsson
Friðrik Jónsson
Bjarki Traustason



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Anna Albertsdóttir
Sóltúni 2, áður til heimilis að Teigagerði 15,

lést laugardaginn 22. september á hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Jarðarförin auglýst síðar.

Haraldur Sighvatsson
Jón Albert Sighvatsson
Emilía Sighvatsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.
Elfa Hafdal
Kristjana Markúsdóttir
Halldór Jón Ingimundarson

Auglýsingar sendist á auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5000.

CATHERINE ZETA-JONES LEIKKONA
ER 38 ÁRA

„Eftir kvikmyndina Zorro var fólk endalaust að tala spænsku við mig. Ég er velsk en þessi kvikmynd gaf mér skyndilega nýtt þjóðerni.“

Catherine Zeta-Jones byrjaði snemma að leika á sviði. Hún fékk Óskarinn sem besta leikkona í aukahlutverki í kvikmyndinni Chicago árið 2002. Zeta-Jones er gift leikaranum Michael Douglas sem á sama afmælisdag.



tímamót

timamot@frettabladid.is

NORRÆNA FÉLAGIÐ Í REYKJAVÍK: FAGNAR 85 ÁRUM ÁSAMT HÖFUÐBORGAMÓTI

Norræn goð og kristín trú

Höfuðborgamót Norrænu félaganna fer fram helgina 28.-30. september í Reykjavík.

Norræn félög frá Norðurlöndunum standa fyrir dagskránni og er þema mótsins að þessu sinni norræn goðafræði og ásatrú ásamt áhrifum þeirra á þúsund ára kristni fram til okkar dags.

„Áhrifa goðafræðinnar gætir víða í daglegu lífi og má til dæmis greina þau í mannanöfnum eins og Óðinn, Njörður, Freyja, Sif, Laufey og Þór sem er orðið algengasta karlmannsnafnið á Íslandi. Auk þess bera mörg hús í borginni nöfn eins og Valhöll og Þórshamar og Norræna félagið á Íslandi hefur til að mynda aðsetur á Óðinstorgi þar sem mætast Þórsgata, Týsgata og Óðinsgata. Svo eru stórfyrirtæki eins og Glitnir sem sækja nafn sitt í goðafræðina,“ segir Þorvaldur S. Þorvaldsson, formaður Norræna félagsins í Reykjavík.

Dagskrá höfuðborgamótsins hefst með málþingi í Perlunni föstudaginn 28. september klukkan þrjú.

„Þar verður fjallað um þátt ásatrúarinnar í lífi okkar gegnum söguna og verða þar góðir gestir með erindi. Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra, frú Vigdís Finnbogadóttir, Þórarinn Eldjárn, Terry Gunnell og Þorvaldur Friðriks-son verða með fyrirlestra ásamt Tríói Reykjavíkur sem flytur tónlist,“ útskýrir Þorvaldur.

Síðdegis laugardaginn 29. september verður hátíð á Óðinstorgi í Reykjavík frá klukkan tvö til fimm.

„Norræna félagið fagnar 85 ára afmæli þennan dag og eru allir velkomnir. Það verða ýmis skemmtiatriði, til dæmis tónlistaratriði og matarsmökkun þar sem norrænar afurðir eru til sölu ásamt sérstakri dagskrá fyrir börnin á skrifstofu félagsins. Þar munum við segja sögur úr ásatrú, útskýra og leika fyrir börnin. Einnig geta þau sest niður, teiknað og sitt-hvað fleira,“ segir Þorvaldur og ljóst er að hér er um fjölbreytta og skemmtilega dagskrá að ræða.

Um kvöldið verður hátíð í Hafnarhúsinu þar sem Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri talar og frumflutt verður tónverk eftir Hilmar Örn Hilmarsson tónskáld og allsherjargóða.

Gjörningaklúbburinn, „The Icelandic Love Corporation“,



Elskuleg konan mín, móðir okkar og systir,
Guðrún Ingeborg Mogensen,
Sandavaði 3, Reykjavík,

lést föstudaginn 21. september sl. Útförin verður auglýst síðar.

Magnús Björgvinsson
Ásdís María Jónsdóttir
Þórey Jónsdóttir
Guðrún Jónsdóttir
Karen Margrét Mogensen



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Eggert Ó. Brynjólfsson
Kleppsvegi 64, Skjóli,

lést á Landspítalanum Hringbraut laugardaginn 15. september. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 26. september kl. 13.00.

Óttar Eggertsson
Ester Eggertsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.
Björn Hafsteinsson
Elín Anna Sigurjónsdóttir
Bjarni Eyjólfsson

ÞETTA GERÐIST: 25. SEPTEMBER 1958

Fyrsti togarinn tekinn

Fyrir 49 árum var fyrsti breski togarinn tekinn innan nýju tólf mílna landhelginnar. Það var herskipið Paynter sem síðar var sleppt samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra. Landgrunnslögin sem Alþingi samþykkti einróma árið 1948 kváðu á um rétt Íslendinga til að vernda fiskistofna við strendur Íslands. Á árunum 1972-73 og 1975-76 þegar fiskveiðilögsagan var færð út í fimmtíu mílur og síðan í 200 mílur urðu einnig harkalegir árekstrar milli Íslendinga og breta við og árið 1976 slitu Íslendingar stjórnmalasambandi við Breta.



NORRÆNN MENNINGARARFUR
Porvaldur S. Porvaldsson hlakkar til höfuðborgamóts Norrænna féлага um helgina.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

verður með gjörning undir flutningi tónlistarinnar sem fjallar um tengsl goðafræðinnar og kristinnar trúar á Norðurlöndum.

Höfuðborgamóti verður slitið með norrænni hámessu í Hallgrímskirkju sunnudaginn 30. september klukkan ellefu.

„Í messunni munu þátttakendur frá öllum Norðurlöndunum lesa ritningar dagsins á sínu móðurmáli. Ritningarnar verða allar lesnar í röð svo hægt sé að heyra muninn og bera saman tungumálin. Sálmar dagsins verða einnig af norrænum toga og biskup Kaupmannahafnar, herra Erik Norman Svendsen, predikar á dönsku,“ segir Þorvaldur sem segir jafnframt að messan eigi sérstakt erindi til allra sem eiga ættir að rekja til Norðurlanda, en að sjálfsögðu eru allir velkomnir.

Nánari upplýsingar um dagskrána má finna á vef Norræna félagsins www.norden.is og hvetur Þorvaldur alla til að láta sjá sig á höfuðborgamóti um helgina.

hrefna@frettabladid.is

90 ára afmæli

Innilegar þakkir

Innilegar þakkir færi ég þeim mörgu sem sýndu mér vinarhug og veittu mér ánægju með heimsóknum, góðum gjöfum, hlýjum kveðjum og með öðrum hætti á 90 ára afmæli mínu 13. september síðastliðinn. Megi gæfa og guðs blessun fylgja ykkur öllum um langa framtíð.

Jón Þórarinnsson.



Ástkær dóttir okkar, systir, barnabarn og mágkona,
Edda Sigrún Jónsdóttir
Álftamýri 8,

lést þriðjudaginn 11. september síðastliðinn. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju í dag, þriðjudaginn 25. september kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Barnaspítala Hringinsins.

Anna Reynisdóttir
Halldór Jónsson
Guðbjörg R. Jónsdóttir
Sigurður R. Jónsson
Kristinn S. Jónsson
Kjartan V. Jónsson
Svandís E. Jónsdóttir
Hrefna V. Jónsdóttir
Anna Sigurjónsdóttir
Jón Baldvin Sveinsson
Helena H. Júlíusdóttir
Brynjar Ingason
Svala Hilmarsdóttir
Hólmfríður E. Gunnarsdóttir
Olga B. Bjarnadóttir
Ólafur Þráinsson
Tómas Rúnarsson
Kristján J. Ólafsson

MJÓLKANDI MÆÐUR

Katrín Edda Magnúsdóttir, hjúkrunarfræðingur, ljósmóðir og brjóstagjafar ráðgjafi, segir mikilvægt að mæður hafi börnin sín sem lengst á brjósti og að þær finni fyrir stuðningi úr sínu nánasta umhverfi.

HEILSA 2



BLEIKA SLAUFAN

Í tilefni af brjóstakrabbameinsdeginum hinn 22. október skrifa ellefu krabbameinslæknar stuttar greinar um sjúkdóminn sem munu birtast í Fréttablaðinu næstu vikurnar.

HEILSA 3



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

- ◆ Bútasauðsefni
- ◆ Sauðavélar
- ◆ Námskeið



*Saumahelgar !!!
Örfá sæti laus
12.-14. Október.
Skráðu þig strax í síma
894-7979. Kennsla,
mat, gisting og
frábær félagsskapur*

Höfum opnað í Reykjavík

Kleppsmýrarvegi 8 Reykjavík
Eyrarvegi 2a Selfossi
Símar: 533-5880 / 482-4241


Húsgagna Lagersala

Nú er stórkostlegt tækifæri
til að gera góð kaup á
húsgögnum til heimilisins.

Daglega nýjar vörur.



Erum í Dugguvogi 2
s: 557-9510



Gunnar Gunnarsson sálfræðingur tekur á móti Stanley Rosenberg sem heldur námskeið um hvernig hægt er að komast út úr einhverfu með höfuðbeina- og spjaldhryggssjöfnun.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Út úr einhverfunni

Dagana 29. september til 2. október mun
Daninn Stanley Rosenberg halda námskeið hjá
Félagi höfuðbeina- og spjaldhryggssjafnara um
aðferðir til að hjálpa einhverfum úr innilokun
sinni og koma þeim til félagslegrar virkni.

Gunnar Gunnarsson sálfræðingur hefur sérhæft sig í höfuðbeina- og spjaldhryggssjöfnun og unnið við fagið samhliða sálfræðinni í tíu ár. Hann segir höfuðbeina- og spjaldhryggssjafnarann Stanley Rosenberg telja að svipaðar streitutengdar, líf- fræðilegar forsendur geti legið að baki einhverfu, þunglyndi og öðru firrtu ástandi.

„Stanley vill ekki meina að einhverfa sé meðfædd heldur verði hún langoftast til við eitthvert áfall hvort sem það er fyrir fæðingu, í fæðingu eða eftir fæðingu og telur hann jafnvel að bólusetningar geti valdið því að börn hrökkvi svona inn í sig,“ segir

Gunnar og bætir því við að það sama geti gerst þegar fullorðnir verði fyrir áfalli. „Þá getur fólk hrokkið svona inn í sig með þeim afleiðingum að það hættir að geta tjáð sig en það er yfirleitt kennt við mjög djúpt þunglyndi.“

Gunnar segir aðferðina til að losa fólk út úr þessu ástandi nást með höfuðbeina- og spjaldhryggssjöfnun. „Aðferðin byggist á því að virkja á ný höfuðtaugarnar sem stjórna heyrn, sjón, andlitsvöðvum, tungu og fleiru til að opna fyrir samskipti á ný,“ segir Gunnar og nefnir sem dæmi drenginn William sem hefur náð sér ótrúlega vel af einhverfu. „Þótt maður geti aðeins merkt að hann sé stirður í tali þá er hann í framhaldsmenntun og á kærustu þannig að hann er farinn að lifa lífinu.“

Námskeiðið er öllum opið en Gunnar segir þá ganga fyrir sem hafa lært höfuðbeina- og spjaldhryggssjöfnun. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni www.cranio.cc.

sigidurh@frettabladid.is



SEPTEMBER

Kafbátur mánaðarins

Skinkubátur

...með öllu því grænmeti sem
við höfum upp á að bjóða

6 tommu
bátur

kr. 299

Gildir í september 2007
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli

Sex tommu kafbátur með skinku er einn af 7 undir 6 kafbátunum og inniheldur hann aðeins 5 grömm af fitu.

Nánari uppl. á www.subway.is





Dæti efni
Spirulina
Hressandi og brennsluaukandi
Heilsu-hornid
Þekking-reymta-góð þjónusta
Glerartorg

Útsölustaðir: Yggdrasil, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lifandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi

Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10-20
laugardaga kl. 10-17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðarsmára 6
www.madurlifandi.is

25. september Hversu frjálst viltu vera?
Kristbjörg Kristmundsdóttir

01. október Hráfæði með Sollu

06. október Hláturfundur Hláturkættiklúbbsins

10. október Hráfæði framhaldsmeð Sollu

11. október Heilsukostur - matreiðslunámskeið
Meistarakokkar Maður lifandi

18. október Heilsukostur - Kökur og eftirréttir
Meistarakokkar Maður lifandi

Stinnari á 4 vikum...
Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!

SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

eða 6.660 á mán. í 3 mán.

VÍTAPLÚS VÍTAMÍNUS VÍTAPLÚS VÍTAMÍNUS VÍTAPLÚS

VITAMINUS C-VITAMÍNUS
VITAPLÚS VÍTAMÍNUS
VITAPLÚS VÍTAMÍNUS
VITAPLÚS VÍTAMÍNUS



Brjóstagjöf eftir eins árs aldur er alltaf betri kostur en kúamjólkinn, segir Katrín Edda Magnúsdóttir hjúkrunarfræðingur, ljósmóðir og brjóstagjafarráðgjafi á kvennadeild Landspítalans.

Mjólkandi mæður á stall

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin WHO mælir með brjóstagjöf til tveggja ára aldurs og það gera íslenskar ljósmæður líka, þótt enn virðist fast stimplað í íslenska þjóðarvitund að eitthvað ósæmilegt sé við mjólkandi mæður barna sem orðin eru ársögmul.

„Kostirnir við að halda áfram brjóstagjöf eftir að barnið er orðið eins árs eru ótvíræðir og margir,“ segir Katrín Edda Magnúsdóttir, hjúkrunarfræðingur, ljósmóðir og brjóstagjafarráðgjafi á kvennadeild Landspítalans.

„Því lengur sem kona hefur barn á brjósti minnka líkurnar á brjóstalegháls- og eggjastokkakrabbameini, auk þess sem hún minnkar til muna hættuna á að fá beinþynningu. Barnið nýtur þess að fá áframhaldandi vörn gegn ýmsum sjúkdómum, og eftir því sem barn er lengur á brjósti styrkst ónæmiskerfi þess meira. Móðurmjólkinn hefur þá enn mikið næringargildi, því þótt börn séu farin að borða alla fæðu um eins árs aldur þurfa þau enn á mjólk að halda og alltaf er það betri kostur að gefa þeim brjóstamjólk en kúamjólk. Móðurmjólkinn er hin fullkomna fæða því samsetning hennar aðlagast jafnóðum aldri barnsins,“

segir Katrín Edda, en mörgum er innprentað að brjóstagjöf skuli hætt í síðasta lagi um eins árs aldur.

„Það liggur mikið að baki þessarar yfirlýsingar Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og að sjálfsögðu horfum við til sömu markmiða. Í náttúruumhverfi mjög stórs hluta mannkyns er eðlilegt að mæður séu með börn á brjósti til þriggja til fjögurra ára aldurs, eða þar til þau venja sig sjálf af. Í því samhengi eru tvö ár ekkert ógurlegur tími, en maður þorir varla að horfa lengra því fólk stendur ógn af framlengdri brjóstagjöf,“ segir Katrín Edda og talar um skápabrjóstagjöf.

„Það er þegar konur eru hættar að segja öðrum frá því að þær séu enn með barnið á brjósti vegna neikvæðs þrýstings frá fjölskyldunni, vinum og þjóðfélaginu öllu. Það er ótrúlegt hvað fólk getur verið leiðinlegt við þessar konur, en miklu réttara væri að setja þær á stall. Börnum er eðlislægt að venja sig af brjósti fái þau óheftan aðgang að brjósti móður sinnar við eðlilegar aðstæður, þótt í langflestum tilfellum velji konur að venja börn sín af brjósti á löngum tíma, því það virðist ákveðin tilhneiging hjá konum að vilja stjórna öllu frá A til Ö,“ segir Katrín Edda og leggur áherslu á að brjóstagjöf sé aldrei bara spurning um næringu, því hún sé svo margt annað líka.

„Stór hluti brjóstagjafar er nánd

og hinn andlegi þáttur. Sumir halda því fram að börn verði ósjálfstæð og of háð móður sinni, en þvert á móti koma þau út sem mun sjálfstæðari einstaklingar en ella. Þetta er engin tilgáta heldur niðurstöður rannsóknar,“ segir Katrín Edda og tekur fram að brjóstagjöf sé alltaf einkamálmóður og barns.

„Þetta er þeirra einkamál, hvernig sem á það er litið. Það er geysilega erfitt að eiga við fordóma annarra gagnvart konum sem kjósa að halda áfram að ala börn sín á brjósti eftir eins árs aldurinn, en mikilvægt að styðja þær andlega og félagslega. Hver og ein kona verður hafa trú á sjálfri sér og göfuga sjálfsmynd, ásamt því að vera sterk til að þola mótlætið. Mjólkandi mæður ættu hvarvetna að fá viðurkenningu fyrir að gera það besta sem mögulegt er fyrir barn sitt,“ segir Katrín Edda og talar um kynslóðabil í skoðana-skiptum.

fólk í aukavinnu 1-2 kvöld í viku
frá kl. 19-24 og aðrahvora helgi.
Lámarksaldur 18 ára.

Uppl. í s. 567 2880 alla virka
dag til kl. 17.

Cafe Oliver

Cafe Óliver óskar eftir reyndum
barþjónum og þjónum í sal í
fullt starf og/eða hlutastarf.
Vinsamlegast hafið samband
í 692 9802 eða cafeoliver@
cafeoliver.is

„Viltu slást í hópin með
JÓA FEL ??“

Höfum í boði afgreiðslustörf í
bakariinu okkar á Kleppsvegi.
Einnig í boði helgarvaktir sem
henta vel fyrir skólafólk.

Uppl. fást hjá Lindu í síma
863 7579 eða á staðnum
Kleppsvegi. Bakarið Hjá Jóa
Fel, Kleppsvegi 152.



Fristundaheimili
Starfsfólk óskast á fristunda-
heimilin við grunnskóla
Reykjavíkurborgar eftir hádegi á
virkum dögum.

Nánari upplýsingar á www.itr.is
is og í síma 411 5000.

Ríkið Snorrabraut.
Starfmenn vantar í kvöld- og
helgarvinnu.
Umsóknareyðublöð á stað-
um. Ríkið myndbandaleiga.
Snorrabraut 56.



Starfskraftar óskast

Bakari í Hlj. óskar eftir starfskrafti í
afgreiðslu, á tvískiptar vaktir. Getum
einnig bætt við helgarstarfsfólki.
Umsóknareyðublöð á staðnum & í s.
555 0480, Sigurður.

Bakarið Hagamel 67

Óskar eftir að ráða hresst og
duglegt starfsfólk til afgreiðslu-
starfa. Um er að ræða vaktavinnu,
75-100%. Vinnutími eftir
frekara samkomulagi.
Ekki yngri en 16 ára.
Íslenskukunátta nauðsynleg
Nánari uppl. veita Anna Rósa
í s. 869 3320 og Gunnar í s.
897 8101.

Vegamót

Vegamót óskar eftir starfsfólki
einungis í fullt starf, reynsla
æskileg en ekki nauðsynleg.
Upplýsingar á staðnum eða á
vegamot.is

NK Kaffi Kringlunni
Óskum eftir að ráða starfskraft
í sal fullt starf.
Einnig vantar fólk í helgar-
vinnu. Uppl. á staðnum og
síma 568 9040.

Leikskólinn Brekkuborg
Leikskólakennari/leiðbeinandi
óskast til starfa í leikskólann
Brekkuborg í Grafarvogi. Einnig
vantar aðstoðarmann í eldhús.
Upplýsingar veitir leikskóla-
stjóri í síma 567 9380 og 693
9869.



Sérsmíðað handrið, úr ryðfríu stáli, gleri
eða áli, jafnt úti sem inni. Einnig sér-
smíðaðir stigar eða stigar kit. Bæjarflöt
6, Grafarvog. S. 533 3700.

Veitingahús
Íslenskumælandi starfsfólk ósk-
ast. Æskilegur aldur 30+.
Upplýsingar í síma 897 4433 &
894 0292.

Starf í móttöku

Slástu í fór með sterkum hóp



Við leitum að starfsmanni
í fjölbreytt starf í móttöku

Um er að ræða starf í móttöku,
þar sem verkefnið er m.a.
símavörð, móttaka viðskipta-
vina og önnur tilfallandi
verkefni.
Vinnutími er frá klukkan 08.30
- 16.00.
Vinnuhlutfall er 50% (eftir
hádegi) til að byrja með, en
verður 100%.

Upplýsingar veitir Ólöf í síma
5 800 600.

Einnig á www.iss.is

ERT ÞÚ NÝI SÖNGVARINN
Í BANDINU HANS BUBBA?

ÞRÍJÁR MILLJÓNIR Í PENINGUM OG PLÖTUSAMNINGUR BÍÐA SIGURVEGARA.

Stöð 2 leitar að nýjum rokksöngvurum af báðum kynjum fyrir Bandið hans Bubba, nýjan tónlistar- og skemmtipátt Bubba Morthens.

Í áheyrnarprufunum fjórum gefst keppendum, 18 ára og eldri, færi á að koma fram og syngja fyrir Bubba. Keppendur ráða hvort þeir syngja óstuddir, spila undir sjálfir, notast við undirleik annarra eða syngja við undirleik af bandi.

Eingöngu er leyfilegt að flytja lög og texta eftir íslenska höfunda og aðeins er leyfilegt að syngja á íslensku. Lögin mega vera í nýjum útsetningum. Sá sem stendur uppi sem sigurvegari fær 3.000.000 króna, samning við umboðsmann og útgáfusamning að launum.

SKRÁNING ER HAFIN Á STOD2.IS



skemmtilegri

ÁHEYRNARPRUFUR

VESTFIRÐIR
KJALLARINN EINARSHÚSI
Bolguravík - miðvikudaginn 10. okt.

NÖRÐURLAND
VELSMÍÐJAN
Akureyri - miðvikudaginn 17. okt.

AUSTURLAND
RAUÐA TORGID
Neskaupstað - miðvikudaginn 24. okt.

REYKJAVÍK
GAUKUR Á STÖNG
laugardaginn 3. nóv.

TIL SÖLU

**Sundbolir
&
Bikíní**
COS
Glæsibæ
S. 588 5575



Góð laun -
ræstingar

Stástu í för með sterkum hóp

Við leitum að starfsfólki í
föst afleysingarstörf.

Um er að ræða fjölbreytt störf
við ræstingar sem unnin eru
frá klukkan 08.00.
Vinnuhlutfall er 75 - 100%.

Umsækjandi þarf að hafa bil til
umráða.

Upplýsingar veitir Ólaf í síma
5 800 600.
Einnig á www.iss.is

ISS
ISLAND

Gullnesti, Grafarvogi

Óskar eftir rösku starfsfólki
í dagvinnu. Einnig óskum við
eftir vönum starfsmanni á grill
og í kvöld- og helgarvinnu.
Uppl. í s. 898 9705, Daði.

Café Bleu

Óskum eftir að ráða gott
starfsfólk í þjónustustörf. Á
sama stað vantar einnig góðan
kaffibarþjón. Æskilegt er að
viðkomandi hafi reynslu og sé
ekki yngri en 18 ára. Góð laun
í boði.
Uppl. gefur Jón í s. 690 1074.
Café Bleu Kringlunni S. 588
0300.

Ræstingar

Ræstingapjónustan sf óskar
eftir að ráða ræstingarfólk
í afleysingavinnu á kvöldin.
Starfsmaður verður að hafa bil
til umráða.
Nánari upplýsingar fást á
skrifstofutíma í sínum 821
5054 & 821 5061.

Kornið Borgartúni.

Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu frá kl.
6-13 og frá kl. 11-18. Hentar vel eldra
fólki. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864
1593 eða 864 1544

Nonnabiti

Starfskraftur óskast til starfa,
ekki yngri en 18, reyklaus.
Uppl. í s. 898 5956 & 899 1670
eða á staðnum.

Ert þú næturmanneskja?

Subway óskar eftir jákvæðu
og duglegu fólki með mikla
þjónustulund. Um er að ræða
fullt starf í næturvinnu, unnið 7
nætur og 7 nætur frí. Góð laun í
boði fyrir réttan aðila.

Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar
veitir verslunarstjóri í síma
696-7064 (Subway Hringbraut/
N1). Aldurstakmark er 18 ár.

Yfirmaður Serrano í
Smáralind

Serrano mun í byrjun nóvember
opna glæsilegan nýjan veitinga-
stað í Smáralind.

Við leitum að yfirmanni til að
stjórna þessum nýja veitinga-
stað.

Starfssvið Verslunarstjóra

- Ráðningar starfsfólks og
umsjón með starfsmannamál-
um

- Uppgjör

- Afgreiðslustörf

- Umsjón með vöktum

- Pantanir og birgðahald

Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla af störfum í verslun
eða á veitingastöðum

- Viðkomandi verður að vera
mjög þjónustulundaður

- Viðkomandi verður að vera
sterkur í mannlegum samskipt-
um.

- Reynsla af rekstri mikill
kostur.

Vinsamlegast sækjið um á
www.serrano.is/atvinna eða
sendið umsóknir á [steingerd-
ur@serrano.is](mailto:steingerdur@serrano.is) - Allar nánari
upplýsingar veitir Steingerður,
rekstrarstóri Serrano, í síma
899-8947

Þjörnsbakarí-vesturbæ óskar eftir
starfskrafti til afgreiðslustarfa.
Íslenskukunnátta er skilyrði. Helga gefur
frekari upplýsingar í síma 699 5423.

Ritfanga- og leikfanga-
verslun

Óskar eftir starfsfólki í fullt starf og
hlutastarf. Umsóknir sendist á [hugsel@
gmail.com](mailto:hugsel@gmail.com) merktar „bók“.

Duglegir menn ATH.

Lagnafélagið óskar eftir hressum mönn-
um í lagnavinnu. Uppl. í s. 695 3161.

Hjólbarðaverkstæði

Starfsmaður óskast á Hjólbarðaverkstæði
Sigurjóns Hátúni 2a. Uppl. í síma 895
1122.

Sómasamlokur óska eftir bílstjóra.

Vinnutími frá kl. 06.00. Ekki yngri en
22 ára. Uppl. í Sóma Gilsbúð 9, 210
Garðabæ.

Góð íslenskukunnátta!

Rótgróið markaðsfyrirtæki óskar eftir
traustum starfsmanni 35+ ára í síma-
sölu á skrifstofutíma. Þjálfun á staðnum.
Upplýsingar í síma 869 0291 Krístin.

Tíma kaup + bónus

Okkur vantar gott fólk í símasölu 2-5
kvöld vikunnar frá 18-22. Góð laun í
boði fyrir gott fólk. Ef þú ert 30+ þá ert
þú rétta manneskjan fyrir okkur. Allar
nánari upplýsingar í síma 699 0005.

Málarar.

Traust fyrirtæki vantar góða málara.
Uppl. í s. 840 7690 milli kl. 10-12.

Óskum eftir að ráða trésmiði eða smíðs-
vana menn. Uppl. í s. 693 2872.

Verkfang ehf.

Poszukuje ludzi do napraw w mieszkaniach.
Naplepiej doswiadczeniem i zna-
jomoscia jezyka islandzkiego lub angielskiego
informacje pod numerem. Yorei
690 9855.

Bílstjóri óskast á nýjan
4ra öxla vörubíl

Jarðmótun ehf óskar eftir að ráða bíl-
stjóra á nýjan 4ra öxla vörubíl. Reynsla
af vinnuvélum kostur, ekki skilyrði.
Framtíðarstarf. Uppl. í s. 892 0989 og
netf. elias@jardmotun.is

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara
eða járnbindingamenn?

Höfum á skrá menn sem að
óska eftir mikilli vinnu. Geta
hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmanna-

þjónusta s. 661 7000.

Mig vantar pípara, óska eftir vönum
manni. Þarf að geta unnið sjálfstætt.
Uppl í s. 899 2241.

Viðskiptataækifæri

Til sölu lítið fyrirtæki í innfl. og smáviðg.
Hægt að reka í bílskúr eða flytja út á
land. Auðvelt að stækka eða viðbót við
annan rekstur. Verð 3,9m. Uppl. [ksa@
simnet.is](mailto:ksa@simnet.is) eða í s. 664 3177.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar



Díana sæta frænka mín
átti afmæli í gær, 10 ára

Til hamingju með afmælið
elsku Díana mín í gær, þú mátt
sko vera stolt að líkjast frænku
(mér) alltaf svo fínt hjá þér...
þú verður eins og frænka þegar
þú ert orðin stór... (snyrtipinni)
hehehe

Þín besta frænka Buddha :)

Tapað - Fundið

Svartur kettingur með svörtum bletti
á hálsinum og 3 hvítar loppur fannst í
Álftamýri á laugardagsnóttina. Uppl. í
s. 663 1808.

FUNDIR / MANNFAGNAÐIR

Verkalýðsfélagið Hlíf

Reykjavíkurvegi 64 - 220 - Hafnarfjörður
Sími 5550944 - Fax 5654055 - Netfang: hlif@hlif.is

Félagsfundur

Fundur verður haldinn miðvikudaginn 26. september 2007,
kl 20:00 í Félagsheimili Vlf. Hlífar, Reykjavíkurvegi 64,
Hafnarfirði.

Dagskrá:

1. Kjaramál. Ólafur Darri Andrason hagfræðingur ASÍ

2. Kosning í samninganefnd vegna kjarasamninga á almen-
num markaði.

3. Önnur mál.

Kaffiveitingar

Stjórn Vlf. Hlífar

Bahá'í trúin og nútíminn

Eðvarð T. Jónsson, ritstjóri, fjallar
um bahá'í trúna og nútímaspurningar
í Bahá'í miðstöðinni að Öldugötu 2 í
Reykjavík, fimmtudaginn 27. september,
kl. 20:00 (klukkan átta). Allir velkomnir.

„Græðarinn gjörþekkjandi
hefur fingur sinn á slagæð
mannkynsins. Hann skilgreinir
sjúkdóminn og bendir í
óskekluðri vísu sinni á
lækniðisfjö... Sínnið til fulls
þjárfum þeirrar aldar, sem þér
lífið á, og beinið athygli yðar
að nauðpurftum hennar og
kröftum.“ - Bahá'í'uláh

Bahá'í samfélagið
í Reykjavík, www.bahai.is

Grafhyfi Bábeima á fjallinu Karmel
í Haifa í Ísrael er einn helgasti staður
bahá'ía á jörðinni.

Handverkshefð í hönnun

Fyrirlestrar - sýningar

Sjá nánar: www.heimilisidnaður.is

Internetþjónusta

Leitum að

Tæknimanni

sem er jákvæður og vinnusamur

með...
MCSA, MCSE eða MCP

Sendu okkur umsókn í dag á
netfangið: atvinna@vortex.is

www.vortex.is

LAGERSTARFSMAÐUR
FRAMTÍÐARSTARF

ÍsAm leitar eftir dugmiklum
og drifandi lagerstarfsmanni
til framtíðarstarfa

Viðkomandi verður að tala góða íslensku og æskilegt
að viðkomandi hafi lyftarapróf, sem er þó ekki skilyrði.

Áhugasamir sendi inn umsókn með tölvupósti á
helgagjesam.is eða með pósti, merkt "Lagerstarfsmaður" &
ÍsAm • Tunguháls 11 • 110 Reykjavík

Einnig er hægt að senda inn umsókn á www.isam.is
Umsókarfrestur er til 1. október

Íslensk Ameríska leggur áherslu á
framsækna fyrirtækjamenningu og að
skapa líðsheild sem hefur einstaka
blöndu af hæfni, þekkingu og jákvæðu
viðhorfi til að ná hámarks árangri.

Ánægt starfsfólk er okkar metnaðurl

Íslensk Ameríska • Tunguháls 11 • 110 Reykjavík
sími: 522 2700 • fax: 522 2727 • www.isam.is

TILKYNNINGAR

Auglýsing vegna
úthlutunar atvinnuleyfa til
aksturs leigubifreiðar.

Vegagerðin auglýsir laus til umsóknar 20 leyfi til leigu-
aksturs á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.

Þeir einir geta sótt um leyfi sem hyggjast stunda akstur
leigubifreiðar að aðalatvinnu. Til að öðlast leyfi þurfa
umsækjendur að uppfylla skilyrði leyfis skv. 5. gr. laga nr.
134/2001 og reglugerðar nr. 397/2003 um leigubifreiðar,
með síðari breytingum.

Úthlutun leyfa fer fram á grundvelli starfsreynslu við akstur
leigubifreiðar, sbr. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 397/2003.

Umsóknareyðublöð má nálgast á [vegagerdin.is/leyfis-
veitingar](http://vegagerdin.is/leyfis-
veitingar), eða í afgreiðslu Vegagerðarinnar Borgartúni 5 í
Reykjavík. Þeir sem þegar hafa sótt um leyfi þurfa ekki að
endurnýja umsóknir sínar.

Umsóknarfrestur er til 01.10.2007.

SMÍÐIR

Erum með vana smíði á skrá sem eru klárir til vinnu.
Kraftafl ehf S: 840-1616

Múrarar

Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.
Upplýsingar í síma 840 1616.
Kraftafl ehf

Vélavörður

Vélavörður óskast á beitningavélaskipið Krístrúnu RE-177 frá Reykjavík.
Uppl. í sínum 852 3089 og 520 7306



Vopnafjarðarhreppur Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi

Laus er til umsóknar staða íþrótt- og æskulýðsfulltrúa Vopnafjarðarhrepps. Um er að ræða nýtt starf þar sem viðkomandi þarf að sýna sjálfstæð vinnubrögð, lípurð í mannlegum samskiptum og áhuga fyrir viðfangsefninu.

Auk starfs íþrótt- og æskulýðsfulltrúa er umsækjanda ætlað að annast knattspyrnuþjálfun hjá Ungmennafélaginu Einherja.

Um er að ræða fulla stöðu sem skiptist u. u. b. til helminga milli þessara þátta. Nánar skilgreint í starfslýsingu.

Upplýsingar um starfið veitir Magnús Már Þorvaldsson á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps, í síma 473-1300 eða á netfanginu magnus@vopnafjarðarhreppur.is

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum Launaneðndar sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til föstudagsins 28. september n. k.

-Vopnafjarðarhreppur

EIGNIR ÓSKAST!

Erum með ákveðna kaupendur að eftirtöldum eignum:

- 4ra herbergja í hverfi 109
- Rað- og eða parhúsi í 201 og 203
- Einbýlishúsi í hverfi 108, 170, 201 og 203 eða Norðurbæ Hafnarfjarðar á einni hæð.

LÖGMAÐUR OG LÖGGILTUR FASTEIGNASALI MEÐ ÞÉR ALLA LEIÐ!



Heimir Bergmann
Framkvæmdastjóri
Beinn sími 512 3600
GSM: 822 3600
heimir@logheimili.is

Jónas Örn Jónasson
Löggiltur fasteignasali
Lögmáður
jonas@logheimili.is

Skippholti 15 • 105 Reykjavík • Sími: 512 3600 • www.logheimili.is

ÚTBOÐ



SELTJARNARNESBÆR

ÚTBOÐ

Seltjarnarnesbær óskar eftir tilboðum í jarðvinnu fyrir stúku, félagsaðstöðu og bílastæði við íþróttasvæði bæjarins við Suðurströnd.

Helstu magntölur eru:
Losun klappar : ~ 1.000 m³
Uppgröftur og brottakstur : ~ 5.500 m³

Verktími 15. okt - 20. nóv. 2007

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu VSÓ Ráðgjafar ehf. Borgartúni 20, 105 Reykjavík frá og með mánudeginum 24. september 2007.

Tilboðum skal skila á sama stað eigi síðar en þriðjudaginn 2. október 2007 kl. 11:00 og verða þau þá opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

VSÓ RÁÐGJÖF

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið



Suðurlandsbraut 50
(Bláu húsin við Faxafen)
Sími: 513-4300

Vilhjálmur Bjarnason - Lögg. fast.sali

Sandavað 9, 110 Reykjavík
Opið hús í dag 25. sept. kl. 18:00-18:30



Glæsileg 3ja herb. 102 fm endaíbúð. **SÉRINNGANGUR** á jarðhæð í góðu fjölbýli á vinsælum stað ásamt stæði í bilageymslu. Komið inn í forstofu með flisum og góðum eikarskápum sem ná upp í loft. Eldhús er með eikar innréttingu, góðum tækjum, uppbyggðum stofa, flisar á milli skápa. Stofa, eldhús og borðst. eru samliggjandi og eru með parket á gólfum. Tvö svefnh. með parket á gólfum og góðum eikarskápum sem ná upp í loft. Baðh. er flisalagt í hólf og gólf, góð eikarinnrétting, handklæðaofn, upphengt wc og baðkar með góðri sturtu. Þv.herb. er í íbúð sem er með flisar á gólf og vask. Stæði í lokaðri bilageymslu í kjallara og sérgæmsla við stæðið. Góð staðsetning, þar sem stutt er í alla þjónustu, skóla og samgöngur. **Verð 29.000.000 kr.**

Kolbeinn gsm 694 9100 tekur á móti gestum.



FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Hringbraut 32

Gengið inn Tjarnargötumegin
Opið hús í dag frá kl. 19.30-21.00



Björt og afar falleg 96 fm hæð í þessu fallega húsi í miðbænum. Samliggjandi stofa og borðstofa, eldhús uppgerir í upprunalegum anda, 2 rúmgóð herb. og baðh. Mikil lofthæð er í íbúðinni og stórir bogadregnir gluggar fylla íbúðina birtu. Hús nýviðgert að utan. Allir gluggar og gler er nýtt, hljóðvistargler að götu. **Eign sem vert er að skoða.**
Verð 34,9 millj.

Íbúðin verður til sýnis í dag, þriðjudag, frá kl. 19.30-21.00. Verið velkomin.

Þjónusta ofar öllu

RE/MAX
Fasteignir

ATH VIÐ SELJUM ALLA DAGA !



HRINGDU NÚNA
699 6165



Bóas
Sölufulltrúi
699 6165
boas@remax.is



Gunnar
Sölufulltrúi
899 0800
go@remax.is



Stefán Páll
Löggiltur
Fasteignasali

VIÐ ERUM TIL TAKS



Landhelgisgæsla Íslands

leitar eftir öflugum einstaklingum til háseta- og smyrjarastarfa um borð í varðskipum

Hjá Landhelgisgæslu Íslands starfa um 160 manns með mismunandi bakgrunn í hinum ýmsu störfum. Lykilþættir í starfsemi Landhelgisgæslunnar eru öryggi, fagmennska og þjónustulund. Nú leitar Landhelgisgæslan að metnaðarfullum og sveigjanlegum einstaklingum til að starfa um borð í varðskipum Landhelgisgæslunnar. Um er að ræða störf smyrjara og háseta.

Landhelgisgæsla Íslands var stofnuð 1. júlí 1926. Helstu verkefni hennar eru:

- Löggæsla og eftirlit á hafinu umhverfis Ísland
- Ábyrgð og yfirstjórn á leit og björgun á sjó
- Aðstoð við björgun og sjúkraflutninga á landi
- Sjósmælingar og sjókortagerð
- Sprengjueyðing

Umsóknum með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, ásamt sakavottorði, skal skilað til Landhelgisgæslu Íslands, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík fyrir 8. október nk. merktar „Umsókn – varðskip“. Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Landhelgisgæslunnar, www.lhg.is.

Nánari upplýsingar veita Svanhildur Sverrisdóttir starfsmannastjóri (svanhildur@lhg.is) og Steinar Clausen fulltrúi (steinar@lhg.is) í síma 545-2000.



MENNT ER MÁTTUR Vika símenntunar stendur fram á sunnudag.

Vika símenntunar

Vika símenntunar hófst í gær 24. september og stendur til sunnudagsins 30. september. Markmið vikunnar er að hvetja fólk til að leita sér þekkingar og minna á að öll fræðsla nýtist til góðs í lífi og starfi.

Þetta árið verður sérstök áhersla lögð á að höfða til fólks sem hefur litla fomlega menntun auk þess sem hugað er að læsi og lestrarörugleikum á vinnustað. Þetta verður gert með markvissri kynningu og málþingi sem haldið verður í tengslum við vikuna.

Árlegur símenntunardagur í fyrirtækjum verður miðvikudaginn 26. september og eru fyrirtæki hvött til að tileinka þann dag fræðslumálum starfsmanna. Þá munu símenntunarmiðstöðvarnar ný um landið og Mímir símenntun bjóða upp á ókeypis námskeið og ráðgjöf á vinnustöðum þessa viku.

Menntamálaráðuneytið stendur fyrir viku símenntunar í samstarfi við símenntunarmiðstöðvarnar og Mími símenntun á höfuðborgarsvæðinu.



SYSTRAFÉLAGIÐ LUFSAN Markmiðið er að standa vörð um réttindi kvenkyns nemenda.

Systrafélagið Lufsan stofnað

Hópur stúlkna við Grunnskólann á Ísafirði hefur stofnað systrafélagið Lufsunu og er félagið eingöngu fyrir stúlkur á unglingastigi í skólanum.

Markmið félagsins er að standa vörð um réttindi kvenkyns nemenda og leggja sig fram við að bæta stöðu og umhverfi stúlkna í skólanum. Félagið hefur staðið fyrir ýmsum viðburðum og má þar nefna Lufsuhátíð, matarkvöld, útilegu í Reykjanesi auk þess sem þær „fara mikið á trúnó“ eins og segir í tilkynningu frá félaginu.

Félaginu er því ætlað að efla samstöðu stúlkna og styðja þær líkt og góðum systrafélögum ber að gera.

Frétt frá www.bb.is

www.fronkex.is

Kremkex

Eftir meiriháttar átök við kraftmikinn vélfáinn og krefjani braut er gott að gefa sér tíma til að staldra aðeins við, safna kröftum og gæða sér á kremkexi frá Frón

kemur við sögu á hverjum degi

ÍSAM
www.isam.is

Annað Vísindakaffið í KVÖLD 25.sept.

Hvað kostar hamingjan?

- vísindamenn segja frá rannsóknum sem koma öllum við – á mannamáli

● **Kaffistofa Listasafns Reykjavíkur – Hafnarhúsi frá kl. 20.00 – 21.30**

Efnisleg gæði og lífshamingjan.
Dr. Tinna Laufey Ásgeirsdóttir hjá Hagfræðideild Háskóla Íslands og dr. Ragna Benedikta Garðarsdóttir hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands ætla að ræða málið.

Kaffistjóri er Davíð Þór Jónsson, þýðandi

Allir velkomnir!

RANNÍS

Rannsóknamiðstöð Íslands • Laugavegi 13 • 101 Reykjavík • Sími 515 5800 • Bréfsími 552 9814 • www.rannis.is



FLOTTIR NUDDPOTTAR TIL SÖLU

frá kr. 349.645 til kr. 517.662

**Einnig baðkór sauna og sturtur.
Flytjum líka inn loftfni og hurðar.**

Ice-Innport ehf
Innflutningur og heildsala.
Bólafótur 15 Njarðvík
sími.421-3344/ 8481845.

Taktu þátt
Skilaðu blaðinu
að lestri loknum
til endurvinnslu
í gám merktan
dagblöð





VIKA SÍMENNTUNAR

24.–30. september 2007

Viskubrunnar fyrirtækjanna!

Morgunfundur miðvikudaginn 26. september 2007

Umræðuefni
Nútið og framtíð í fræðslumálum fyrir starfsmenn á vinnumarkaði með litla formlega menntun. Fjallað verður um þarfir, helstu hindranir og tækifæri fyrirtækja og einstaklinga.

Morgunfundurinn verður haldinn í húsnæði Mímis-símenntunar, Skeifunni 8. Húsið opnar klukkan 8:00 með léttum morgunverði en fundurinn hefst kl. 8:30 og lýkur kl. 10:15.

Dagskrá

- 08:00 Morgunverður
- 08:30 Opnun – Hulda Ólafsdóttir – framkvæmdastjóri Mímis-símenntunar
- 08:40 Erindi – Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir – menntamálaráðherra
- 08:50 Framsöguerindi
 - Gunnhildur Arnardóttir – forstöðumaður starfsmannasviðs Securitas
 - Sigríður Dís Gunnarsdóttir – náms- og starfsráðgjafi hjá Mími-símenntun
 - Sigurður Jónsson – framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu
- 09:25 Pallborðsumræður

Stjórnandi pallborðsumræðna – Aðalheiður Jónsdóttir, verkefnastjóri viku símenntunar

Vinsamlega tilkynnið þátttöku á netfangið haukur@mimir.is fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 25. september.

MÍMIR
símenntun

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími 580 1800 • www.mimir.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Leynardómur fullorðinsáranna

ROALD VIÐAR EYVINDSSON RÆKTAR BARNIÐ Í SJÁLNUM SÉR



Þegar ég var yngri fannst mér allir yfir tvítugt óttalegir gamlingjar og skipti ekki máli þótt fólk stæði fast að þrítugu eða sjötugu.

Ég sárkveið því tvítugsafmælinu mínu og sá ekki fram á annað en frekar leiðinlega og tilbreytingarlausu ævi, sem einkenndist af eintömu fullorðinsdóti.

Upp úr tvítugu ákvað ég því að halda út á brautina sem beið mín og kvaddi æskuna með tregablöndnum hætti; flutti að heiman, innritaði mig í fullorðinsnám við Háskóla Íslands og seldi hryllingsmyndasafnið í Kolaportinu, sem mér þótti stórt skref í rétta átt. Í stuttu máli sagt hagaði ég lífi mínu í einu og

öllu eins og fullorðnu fólki sæmir, eða réttara sagt eins og ég taldi að það ætti að gera. Fyrir vikið uppskar litli karlinn ég, í mínum síðfrakka og gljáfægðu lakkskóm, sjálfsagt eitt leiðinlegasta ár í lífi mínu.

Svo varð það dag einn að ég rakst á gamlan skólafélaga og við tókum upp tal. Ég sagði honum frá mínum fullorðinslegu áformum í lífinu og gerði mitt besta til að leyna beiskjunn. Hlustaði síðan á félagann segja frá ævispennandi námi sem hann hafði skróað sig í og féll engan veginn að þeirri hugmynd sem ég hafði um fullorðinsárin.

Ég fór af þessum fundi hneykslaður og upprifinn. Fullorðinir áttu ekki að læra um vampírur og var-

úlfa. Eða var það? Ég fór í tíma til að fá botn í málið og var engan veginn viðbúinn því sem beið mín. Þarna var fullt út úr dyrum af fullorðnu fólki. Það sem meira var: Fólkið virtist skemmta sér.

Eftir tímann gerði ég mér lítið fyrir og skipti um fag. Pakkaði frakkanum pent saman og keypti aftur allar myndirnar sem ég hafði selt. Þær voru jú hluti af námsefninu.

Þarna varð mér ljóst að hægt er að vera fullorðinn án þess að gera út af við barnið í sjálfum sér. Að hægt er að axla ábyrgð í lífinu en njóta þess um leið og skammast sín ekki fyrir það sem veitir manni gleði. Eins barnalegt og það kann að virðast.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell







■ Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Þú finnur ekki dýra mynd á 400 kr nema í Tiger



Heil sería af DVD myndum um villt dýr, allt frá frumskógum Afríku til Galapagos eyja og Mongólíu. Hver mynd fyrir sig er um einstaka dýrategund og í för þeirra slást heimsfrægir leikarar, svo sem Julia Roberts, Richard Dreyfuss, Bob Hoskins, Goldie Hawn, Christopher Reeve, John Cleese og Sir Anthony Hopkins.



TIGER
Villidýr í verði

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

**Kl. 20**

Íslensk-belgíska hljómsveitin Sjan Áron, sem skipað er Hilmari Jenssyni gítarleikara, Heiðu Árna-dóttur söngkonu, Ananta Roosens fiðluleikara og Joachim Badenhorst klarinettuleikara, heldur tónleika í Fríkirkjunni í kvöld. Hljómsveitin leikur frumsamin lög og hefst tónleikarnir kl. 20.

menning

menning@frettabladid.is

Dulin hæðni Enid Blyton

Í nýlegri ævisögu skáldkonunnar Enid Blyton kemur fram að ævintýra-bækurnar, sem flestir lesendur þekkja sem saklausar barnabókmenntir, voru í raun fullar af háði í garð fyrsta eiginmanns Blyton, hershöfðingjans Hughes Pollock. Blyton samdi bækurnar á meðan hún var gift öðrum eiginmanni sínum, læknum Kenneth Waters. Í bókunum kemur fyrir klaufalegur lögregluþjónn sem þarf í sífellu að láta í minni pokann fyrir hópi úrræðagóðra barna. Duncan McClaren, höf-



undur ævisögu Blyton, heldur því fram að lögreglumaður þessi sé lítt dulbúin útgáfa af fyrsta eiginmanni skáldkonunnar og tíni þeirri kenningu til grunns til vísbendingar sem hann gróf upp í textum barnabókanna og í heimildum um líf Blyton. Komst McClaren að þeirri niðurstöðu að lögreglumaðurinn og eiginmaðurinn fyrrverandi ættu svo margt sameiginlegt að tilviljun ein gæti ekki hafa hagað málum á þennan hátt. Aðdáendur barnabókmennta geta kynnt sér þetta forvitnilega mál betur í bókinni Looking for Enid: The Mysterious and Inventive Life of Enid Blyton.

> Ekki missa af

sýningu Takashi Homma, eins fremsta samtímaljósmyndara Japans, í 101 Gallery, Hverfisgötu 18a. Hann hefur einbeitt sér að því að mynda borgarlandslag og þá helst úthverfi. Úthverfamyndirnar vekja meðal annars upp stemningu einangrunar og ónáttúru og vangaveltur um andleysi í arkitektúr. Takashi Homma sýnir hér afrakstur heimsóknar sinnar til Íslands ásamt myndum úr bókunum Tokyo Suburbia og Tokyo and my Daughter. Sýningin er opin þriðjudaga til laugardaga frá 14-17 og stendur til 13. október.

Ný plata Írisar

Platan „Kona á mínum aldri“ er komin út á vegum útgáfufyrirtækisins Brunnklukkur sf. Þar syngur Íris Jónsdóttir lög og texta eftir Hörð Torfa, Halla Reynis og Orra Harðarson, auk þess sem titillagið er eftir Ingimund Óskarsson.

Upptökur og útsetningar ásamt öllum hljóðfæraleik fyrir utan bassa og trommur voru í höndum Vilhjálms Guðjónssonar. Platan er seld í Hagkaup og munu 500 krónur af hverju seldu eintaki renna til styrktar Þórdísi Tinnu Aðalsteinsdóttur sem á í harðri baráttu við illvígán sjúkdóm.



KONA Á MÍNUM ALDRI Íris Jónsdóttir syngur lög og texta eftir Hörð Torfa, Halla Reynis og Orra Harðarson á nýrri plötu.

SÓLRÚN BRAGADÓTTIR SIGURÐUR FLOSASON

DÍVAN

og jazzmaðurinn

TÓNLEIKAR
Laugarneskirkju
mið. 26. sept. kl. 20:30
Forsala: midi.is

Vegna gífurlegra vinsælda – 4 sýningar í Rvík

28. september – IDNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00
29. september – IDNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00
12. október – IDNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00
13. október – IDNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00

Miðasala daglega í lðnó í síma 562 9700
frá kl. 11 - 17 og á midi.is

Pabbinn
PABBINN Á TÖR UM LANDIÐ – ALLAR UPPLÝSINGAR WWW.PABBINN.IS

THORSSON PRODUCTIONS

ÁST

27.9.2007 20:00
5.10.2007 20:00
6.10.2007 20:00

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is

SÝNINGAR Í AUSTURBÆ

BLINDA KINDIN eftir Elísabetu Jökulsdóttur
Næstu sýningar: 29/9 - 6/10 - 13/10 og 20/10

SÖNGLEIKURINN ÖSKUBUSKA
eftir Agnar Jón Egilsson. Tónlist: Hallur Ingólfsson
Næstu sýningar: 29/9 - 6/10 - 13/10 og 20/10

SPRENGJUHÖLLIN
Útgáfutónleikar 12/10
Miðasala í síma 551 4700
og á midi.is

AUSTURBÆ

Klarínetta og píanó

Klarínettuleikarinn Guðni Franzson og píanóleikarinn Geoffrey Douglas Madge frumflytja tvö ný verk eftir Atla Heimi Sveinsson í Salnum í Kópavogi á morgun.

Guðni Franzson hefur svo ræki-lega sett svip á íslenskt tónlistarlíf undanfarin ár að hann þarf vart að kynna. Hann hefur starfað mikið við hljómsveitarstjórnun og tónsmíðar að undanfögnu og því ber vel í veiði að sjá hann koma fram á einleikstónleikum.

Meðleikari Guðna er ástralski píanóleikarinn Geoffrey Douglas Madge, sem er einn af virtustu píanistum samtímans. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Madge kemur fram hér á landi þar sem hann hélt tónleika í mars 2004 ásamt Kolbeini Bjarnasyni flautuleikara. Enn fremur hefur hann leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands og hljóðritað með CAPUT-hópnum.

Aðspurður um tilurð þess að þeir félagar leiki saman á tónleikum segir Guðni að ástæðuna megi rekja nokkuð aftur í tímann. „Geoffrey vann stórt verkefni með CAPUT-hópnum fyrir nokkrum árum síðan. Það fór vel á með okkur og við vorum ákveðnir í að halda áfram að vinna saman. Atli Heimir Sveinsson hefur lengi vitað af Geoffrey og þegar hann hafði veður af því að við hygðum



FRUMFLYTJA TVÖ NÝ VERK Guðni Franzson og Geoffrey Douglas Madge við æfingar í Salnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

á frekara samstarf ákvað hann að semja verk fyrir okkur.“

Um er að ræða tvö verk, Sónötu fyrir klarínnett og píanó og Credo, sem Guðni segir vera sérsniðin að einleikarþörfum þeirra félaga.

Á efnisskrá tónleikanna eru ekki einungis verk eftir Atla Heimi, heldur einnig verk eftir nokkrum af athyglisverðustu tónskáldum seinni tíma. Flutt verða Fjögur stykki op. 5 fyrir klarínnett og píanó eftir Alban Berg, Amicizia fyrir sólóklarínnett eftir Ingvar Lidholm og Ristur fyrir klarín-

ett og píanó eftir Jón Nordal.

Guðni segir verkin sem þeir flytja á tónleikumunum, utan frumsömdu tónsmíðanna tveggja, vera hálfgerð gæluverkefni. „Þetta eru fjölbreytt stykki, en þó er einhver þráður sem bindur þau saman, sérstaklega verk Atla Heimis, Albans Berg og Jóns Nordal. Það er einhver samhljómur með þeim.“

Tónleikarnir fara fram, sem fyrr segir, í Salnum á morgun og hefst þeir klukkan 20. Miðaverð er 2.000 krónur. vigdis@frettabladid.is

Viðhalda tilfinningunni

Bandaríkjamaðurinn Scott McLemore leiðir tríóið Frisell Projekt á tónleikum í Salnum í kvöld. Tríóið, sem skartar Scott á trommum, Róberti Þórhallssyni á bassa og Sunnu Gunnlaugsdóttur á 30 ára Wuritzer rafpíanó, leikur tónlist eftir bandaríska gítarleikarann Bill Frisell.

Þar sem tónleikarnir eru haldnir til heiðurs gítarleikara vekur það athygli að slíkan hljóðfæraleikara vantar í Frisell Projekt. „Við vildum ekki fara út í að herma eftir honum, og það hefði alltaf verið viss hætt á því ef hljómsveitin hefði haft gítarleikara innbyrðis. Við reynum frekar að túlka tónlistina hans og útsetja hana upp á nýtt fyrir okkar hljóðfæraskipan. Við höfum þó lagt okkur eftir að viðhalda tilfinningunni sem er í lögun-

um hans,“ segir Sunna Gunnlaugsdóttir píanóleikari.

Bill Frisell er um margt sérstakur tónlistarmaður þar sem erfitt er að skilgreina tónlist hans. Hann hefur sótt efnivið í ýmsar tónlistartegundir, en þó má greina í tónlist hans sterk áhrif frá bandarískri þjóðlagatónlist og blús ásamt nútímaklassík, djassi og rokki.

„Tónlist Frisells er hálfgerður hrærigrautur, enda hefur hann unnið með margs konar og ólíkum tónlistarmönnum í gegnum tíðina. Hún fellur þó hugsanlega best undir skilgreininguna djass, vegna þess að í djassinum er allt leyfilegt. Frisell hefur sjálfur sagt í viðtali að hann reyni að flytja tónlist sem máir út menningarmun og sem gerir hlustendum ómögulegt



TÓNLIST Bandaríski gítarleikarinn Bill Frisell.

að heyra hvort flytjendurnir eru svartir eða hvítir, en í Bandaríkj-unum vilja slíkar kynþáttaskilgreiningar gjarnan loða við tónlist,“ segir Sunna.

Tríóið hefur túlkun sína á Bill Frisell kl. 20.00 í kvöld og er miðaverð 1.500 kr. - vþ

FRUMSÝND 28. SEPTEMBER

“Fáranlega fyndin mynd... með fyndnari myndum í langan tíma!”

— Auðunn Blöndal, Tekinn Stöð 2

THE 40-YEAR-OLD VIRGIN OG KNOCKED UP

SENDU SMS JA SBF Á T900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BIÓMIÐA!

VINNINGAR ERU BIÓMIÐAR, DVD MYNDIR, TÖLVULEIKIR OG MARGT FLEIRA!

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu komin í SMS klubb 99 kr/keytið.

X5

BMW xDrive

BMW X5 línan

www.bmw.is



Sheer
Driving Pleasure

BMW xDrive - skynvædda aldrifskerfið frá BMW.

Framúrskarandi veggrip og rásfesta geta átt örugga samleið með snjó og hálku, þökk sé BMW xDrive. Þetta skynvædda aldrifskerfi heldur akstursstefnu BMW X5 stöðugum óháð aðstæðum, hvort heldur í snjó, hálku, vætu eða aur, með því að koma í veg fyrir að undirstýring eða yfirstýring eigi sér stað. BMW xDrive byggir á breytilegri aflmiðlun á milli fram- og afturöxuls og þar sem það **er hraðvirkara en nokkurt annað aldrifskerfi**, stenst **ekkert** þeirra samanburð í færni og frammistöðu. Njóttu ósvikinna aksturseiginleika með hámarksöryggi allan ársins hring.

Komdu í reynsluakstur og upplifðu BMW xDrive af eigin raun.

BMW X5 verð frá kr. 6.450.000



Með bílinn handa þér

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is - www.bmw.is

> **ELÍSA FAGNAR NÝRRI PLÖTU**

Tónlistarkonan Eliza Newman heldur útgáfutónleika á Organ á miðvikudag til að fagna sinni fyrstu sólóplötu, Empire Fall, sem kom út á dögunum. Verða þetta fyrstu tónleikar hennar hér á landi í rúm þrjú ár. Hljómsveitin Mammút hitar upp fyrir Elízu og hefjast tónleikarnir klukkan 21.00. Miðaverð er 1.000 krónur.

fólk
folk@frettabladid.is



Söng með Bob Dylan

Jack White úr rokkduettinum The White Stripes söng með átrúnaðargoði sínu Bob Dylan á tvennum tónleikum í Nashville fyrir skömmu. Á þeim fyrri sungu þeir saman lagið Meet Me in the Morning og á þeim síðari sungu þeir Outlaw Blues og One More Cup of Coffee.

White, sem hefur oft sungið sínar útgáfur af lögum Dylans, hefur miklar mætur á meistaranum. „Ég á þrjá feður. Líffræðilegan föður minn, guð og Bob Dylan,“ lét hann eitt sinn hafa eftir sér.

JACK WHITE White söng með Bob Dylan á tvennum tónleikum í Nashville.



Þabbinn í Óperuna

Sýningar á leikritinu Þabbinn eftir Bjarna Hauk Þórsson verða haldnar í Íslensku óperunni frá og með 25. október næstkomandi. Með því að færa sig þangað má segja að Bjarni Haukur sé kominn heim aftur því leikrit hans Hellsbúinn var sýnt í Íslensku óperunni meira en tvö hundruð sinnum. Þabbinn hefur notið mikilla vinsælda síðan sýningar hófust 29. ágúst síðastliðinn. Um síðustu helgi var leikritið sýnt á Akranesi við mjög góðar undirtektir. Hefur verið ákveðið að efna til aukasýningar þar í bæ næstkomandi fimmtudag og fer miðasala fram í Pennanum.

BMV niður í annað sæti

Tónlistarmaðurinn Brynjar Már Valdimarsson, eða BMV, er dottinn niður í annað sæti vinsældalista grísku útvarpsstöðvarinnar Radio 1 Serres með lag sitt In My Place, eftir að hafa setið í toppsætinu í tvær viku.

Á meðal þeirra sem eru fyrir neðan Brynjar Má á listanum eru ekki ómerkari flytjendur en James



Blunt, Turin Brakes, Babyshambles og Amy Winehouse.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu ætlar Brynjar að gefa út þriggja laga smáskífu í Grikklandi til að fylgja eftir vinsældum sínum þar í landi. Hugsanlega heldur hann síðan tónleika þar í framhaldinu.

BMV Brynjar Már Valdimarsson er heldur betur að gera góða hluti í Grikklandi.



Sigurþór Aðalsteinsson og Ragnheiður Friðjónsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Óhapp frumsýnt

Óhapp! er annað tveggja nýrra íslenskra leikrita sem frumsýnd voru í Þjóðleikhúsinu um helgina. Verkið er eftir Bjarna Jónsson, en Stefán Jónsson leikstýrir.

Frumsýningargestir voru sællegir að sjá, enda miklu að fagna þegar leikhússtarfið hefst að nýju að hausti.



Birna og Börkur Jónsson.



Salka Sól og Guðbjörg.



Hildigunnur og Ásdís.



Borghildur Anna og Jón Viðar Jónsson.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Miele gæði

Eirvík kynnir sportlínuna frá Miele

Miele ÞVOTTAVÉL frá kr. 99.900

- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stórt hurðarop
- 20 ára ending

Gerð	Listaverð	TILBOÐ
Þvottavél W1514	142.714	99.900
1400sn/mín/5 kg		
Þurrkari T7644C	135.571	94.900
rakapéttir/6 kg		

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele þvottavélar.

30%

AFSLÁTTUR

EIRVÍK -háðgæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík

Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Einnar mínútu þögn

Leikarinn Tom Cruise og starfslið kvikmyndarinnar Valkyrie minntust þeirra Þjóðverja sem börðust gegn nasistum í síðari heimsstyrjöldinni með einnar mínútu þögn.

Var athöfnin haldin áður en tökur hófust í Bendlerblock í Berlín þar sem andspyrnumennirnir voru teknir af lífi. Cruise og félögum hafði upphaflega verið meinað að taka upp þarna, það þótti ekki viðeigandi, en á endanum var banninu aflétt. Fyrst var talið að ástæðan væri sú að Cruise er fylgismaður vísindakirkjunnar en þýsk yfirvöld neituðu því.

Kvikmyndin Valkyrie fjallar um hershöfðingjann Claus Graf Schenk von Stauffenberg sem var tekinn af lífi fyrir að hafa reynt að ráða Adolf Hitler af dögum árið 1944.



TOM CRUISE Leikarinn Tom Cruise fer með aðalhlutverkið í myndinni Valkyrie.



Raddir lesenda Hvað er að fréttu af mér?
Ródd lesenda er ómetanlegur þáttur í að gera dv.is að gagnvirkum og öflugum miðli fyrir alla íslendinga.

DÍVÍ Hvað er að fréttu af þér?
Íslenskt myndbandasamfélag á Netinu. Þú ert útsendingarstjóri úr þinni tölvu.

dv.is Hvað er að fréttu?
Sjálfstæður miðill sem flytur innlendar- og erlendar fréttir allan sólarhringinn.

Komdu og skoðaðu nýjan og skemmtilegan fréttu- og afþreyingarvef, slóðin er **dv.is** - vefurinn er opin.

Leiðarinn Hvað er að fréttu af okkur?
Við leggjum okkur fram um vandaðan og lifandi fréttaflutning. Okkar markmið er að eiga gott samband við notendur miðilsins og að vera vettvangur skoðanaskipta.

Fréttir og afþreying fyrir alla!

Einkunnarorð **dv.is** eru „Hvað er að fréttu?“ Með því er lögð áhersla á að vefurinn er gagnvirkur; efnið er ekki aðeins samið af ritstjórn heldur einnig notendum sem geta sent inn fréttir, ljósmyndir og myndbönd og sagt skoðun sína á öllu efni sem birt er. **dv.is** væntir þess að eiga gott og náð samband við notendur miðilsins. **dv.is** er nýr, sjálfstæður og gagnvirkur netmiðill, skapaður af ritstjórn sem notendum.

Á **dv.is** finnur þú hefðbundið efni fréttamiðils, auk þess að geta vistað myndbönd á lokuðu svæði. Þú getur líka birt það efni sem þér þykir áhugavert og verið þannig virkur þátttakandi öflugasta fréttu og afþreyingarvefs Íslands. Málið er einfalt; ef þú vilt vita hvað er að fréttu eða láta vita hvað er að fréttu af þér þá er **dv.is** rétti staðurinn.

Berjast fyrir X-box Live

Miðnætursala á tölvuleiknum Halo 3 fyrir Xbox 360-leikjatölvuna hefst í BT í Skeifunni í kvöld. „Þetta er stærsta stund Xbox-eigenda á Íslandi. Við höfum verið að berjast fyrir því að fá eitthvað gert með þessa tölvu því það er enginn umboðsaðili fyrir hana hérlandis,“ segir skipuleggjandinn Örvar G. Friðriksson. „Við ætlum að tengja fullt af vélum þar sem fólk getur spilað í klukkutíma áður en leikurinn verður seldur. Þarna verða sérstaklega hannaðir stýrispinnar, sem er eitthvað sem allir nórðar vilja eiga.“

Að sögn Örvars hefur Halo 3 fengið mjög góða dóma erlendis. „Þetta er fyrstu persónu skotleikur og það besta við hann er að þú getur spilað söguna með fjór-umvinum

þínum þar sem hver og einn getur verið heima hjá sér að spila.“ Viðburðurinn í kvöld verður tekinn upp og sendur á netsíðuna Youtube í þeirri von um að Xbox Live, sem er hluti af Xbox 360, fái brautargengi hér á landi. Til að spila Xbox Live hérlandis þurfa notendur að skrá sig með bandarískt eða breskt heimilifang sem hentar þeim vitaskuld afar illa. Ætlar framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi að mæta á staðinn til að sýna stuðning sinn í verki.



HALO 3 Tölvuleikurinn Halo 3 verður spilaður í BT í Skeifunni í kvöld.

Stelpur í rokksumarbúðum

Heimildarmyndin Girls Rock fjallar um sumarbúðir í Bandaríkjunum þar sem stelpur dvelja í eina viku við að búa til hljómsveitir, semja lög og spila svo á tónleikum í vikulok fyrir mörg hundruð manns. Þetta eru stelpur á aldrinum átta til átján ára sem margar hafa aldrei snert hljóðfæri áður. Jarþrúður Karlsdóttir ræddi við leikstjóra myndarinnar, sem sýnd verður á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík.



STELPUR ROKKA Í kvikmyndinni Girls Rock er fylgst með stelpum í sumarbúðum í Bandaríkjunum þar sem tónlist er í aðalhlutverki. Girls Rock verður sýnd á kvikmyndahátíðinni RIFF sem hefst á fimmtudag í Reykjavík.

geta gert það sama og strákar. Upp úr því var bætt við kennslu í sjálfsvörn og tímum þar semtekin var fyrir líkamsmynd og það að skilgreina sig ekki út frá útlitinu einu saman.

Mjóar, sætar og skoðanalausar
Í myndinni er mikið talað um áreitið sem dynur á stelpum frá fæðingu um að til þess að samfélagið samþykki þær verði þær að líta út á ákveðinn hátt. „Í öllum auglýsingum, tónlistarmyndböndum og sjónvarpsþáttum líta stelpur allar eins út. Stelpur lesa það út úr þessu að til þess að samfélagið samþykki þær þurfi þær að falla inn í hópinn. Þær þurfi að vera mjóar, sætar og skoðanalausar. Þetta eru í raun eins og þröngt mót sem öllum stelpum er troðið inn í til að fullorðnast,“ segir Arne. „Ég veit að þessi samfélagsmótun hefur haft áhrif á mig sjálfan. Ég stend mig oft að því að hugsa að þessi eða þessi hegðunin sé nú ekki karlmannleg. Ég eigi að bíta á jaxlinn og vera harður gaur.“

Áhrif búðanna
Í myndinni er fylgst með stelpunum í fimm daga. Við fáum að kynnst þremur þeirra vel. Laura, þybbin

fimmtán ára stelpa af asískum uppruna sem myndi tæplega vinna fegurðarsamkeppni, er ein þeirra þriggja. Hún segir í myndinni: „Ég horfi á bíómyndir. Ég sé að fólk eins og ég fær aldrei neitt.“ Til þess að eiga von á góðu lífi þurfi hún að grennast, verða sætari og helst verða hvít líka.

Í sumarbúðunum losna stelpurnar undan útlitsáreitinu í nokkra daga. Það hvort þær séu í fullkomnu nýju dressi skiptir engu máli og þeim er hrósað fyrir hugmyndir sínar og sérvisku og kennt að útlitið sé ekki það sem skiptir aðalmáli heldur það sem býr innra með þeim. Laura sagði Arne líka frá því að þegar hún fór aftur í skólann eftir sumarbúðirnar þorði hún í fyrsta skipti að rétta upp hönd og tala í tímum.

„Aðalmarkmið sumarbúðanna er ekki að stelpur komi út sem gítargyður sem spili stórkostleg gítarsóló. Markmiðið er að breyta hugmyndunum um hvað sé kvenlegt. Að stelpurnar verði frjálsari, þóri að skera sig úr hópnum og standa með sjálfum sér.“

Girls Rock er sýnd á RIFF, alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni sem hefst hér á fimmtudag.

Samið um dreifingu Veðramóta

Þýski dreifingaraðilinn MDC.int hefur keypt alheimsréttinn á Veðramótum, kvikmynd Guðnýjar Halldórsdóttur. MDC dreifir kvikmyndum, heimildarmyndum, barnamyndum, teiknimyndum og stuttmyndum og er áberandi á öllum helstu kvikmyndahátíðum heims.



MIKIL-VÆGUR SAMNINGUR Halldór Þorgeirsson, framleiðandi Veðramóta, segir samninginn við MDC.int hafa mikla þýðingu.

ar í Berlín, sem er ein af sex sterkustu kvikmyndahátíðum í heimi, sáú Veðramót á lokaðri sýningu í Noregi fyrir skömmu, og útlit er fyrir að hún verði valin á hátíðina í febrúar á næsta ári.

Halldór Þorgeirsson, framleiðandi kvikmyndarinnar og eiginmaður Guðnýjar, sagði samninginn hafa mikla þýðingu fyrir aðstandendur myndarinnar. „Þetta fyrir-tæki dreifir mjög mörgum myndum sem fara á Berlínarhátíðina 2008, og hefur sambönd inn á allar sjónvarpsstöðvar. Það er þar sem peningurinn er,“ sagði Halldór, sem segir þetta skipta miklu. „Maður getur farið á allar kvikmyndahátíðir, en það gefur ekkert í aðra hönd, og í sannleika sagt leiðast mér kvikmyndahátíðir núna,“ sagði hann og hló við. „Þegar við gerðum myndina Kristnihald undir Jökli var annaðhvort okkar hjóna



VEÐRAMÓT Þýski dreifingaraðilinn MDC.int hefur keypt alheimsréttinn á kvikmynd Guðnýjar Halldórsdóttur.

úti í Keflavík á tíu daga fresti í ár. Það var mjög gaman, en nú vill maður bara fara að sjá ávísun,“ sagði Halldór.

Verði Veðramót valin á Berlínarhátíðina verður hún ekki sýnd á erlendri grundu fyrr en þá.

www.SAMbio.is **575 8900** **midi.is**

CHUCK AND LARRY kl. 5:30 - 8 - 10:30 **12**

CHUCK AND LARRY kl. 8 - 10:30 **VIP**

MR. BROOKS kl. 5:30 - 8 - 10:30 **16**

BRATZ kl. 5:30 - 8 - 10:30 **L**

DISTURBIA kl. 8 - 10:30 **14**

ASTRÓÞÍA kl. 6 - 8 - 10:10 **L**

ASTRÓÞÍA kl. 6 **VIP**

RATATOUILLE kl. 5:30 **L**

MR. BROOKS kl. 8 - 10:30 **16**

BRATZ kl. 5:30 **L**

LICENSE TO WED kl. 6 - 8 **7**

ASTRÓÞÍA kl. 6 **L**

BOURNE ULTIMATUM kl. 8 - 10 **14**

TRANSFORMERS kl. 10:30 **DIGITAL** **10**

Nýtt í bíó **LAUGARÁS BÍÓ** Sími: 553 2075 **- bara lúxus**

ADAMSANDLER KEVINJAMES

CHUCK AND LARRY

KNOCKED UP

HAIRSPRAY

VACANCY

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

CHUCK & LARRY kl. 5.45, 8 og 10.20 **12**

HAIRSPRAY kl. 5.30, 8 og 10.20 **L**

KNOCKED UP kl. 8 og 10.30 **14**

www.laugarasbio.is - Miðasala á **midi.is**

NÝTT Í BÍÓ!

CHUCK AND LARRY **12**

SHOOT 'EM UP **16**

HÁKARLABETTA **L**

KNOCKED UP **14**

HAIRSPRAY **L**

VACANCY **16**

VEÐRAMÓT **14**

BOURNE ULTIMATUM **14**

THE SIMPSONS MOVIE **12**

ASTRÓÞÍA **L**

HALO 3 **L**

SMÁRRÁ BÍÓ Sími 564 0000

REGNBÖGINN Sími 551 9000

450 kr. í bíó!

SHOOT 'EM UP	kl. 6 - 8 - 10	16	SHOOT 'EM UP	kl. 6 - 8 - 10	16
SHOOT 'EM UP LÚXUS	kl. 4 - 6 - 8 - 10		HÁKARLABETTA	kl. 6	
HÁKARLABETTA	kl. 4 - 6		VACANCY	kl. 8 - 10	16
HAIRSPRAY	kl. 5:30 - 8 - 10:30		VEÐRAMÓT	kl. 5:40 - 8 - 10:20	14
VACANCY	kl. 8 - 10	16	RUSH HOUR 3	kl. 8 - 10:20	
VEÐRAMÓT	kl. 5:40	14			
KNOCKED UP	kl. 8 - 10:40	14			
BRETTIN UPP	kl. 4				
THE SIMPSONS MOVIE	kl. 3:45				

LAUGARÁSBÍÓ Sími 530 1919

REGNBÖGINN Sími 462 3500

CHUCK AND LARRY	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12	CHUCK AND LARRY	kl. 6 - 8 - 10:10	12
HAIRSPRAY	kl. 5:30 - 8 - 10:30		HÁKARLABETTA	kl. 6	
VEÐRAMÓT	kl. 5:40 - 8 - 10:20	14	HAIRSPRAY	kl. 8	
ASTRÓÞÍA	kl. 6		KNOCKED UP	kl. 10:10	14
BOURNE ULTIMATUM	kl. 8 - 10:30	14			

Miðnæturopnun!



BT í Skeifunni opnar klukkan 23:00 í kvöld, sérstaklega fyrir Halo 3 unnendur! Salan á leiknum hefst klukkan 23:59 stundvíslega. Komdu tímanlega og prufaðu Halo 3 með þeim fyrstu í heiminum! Pizzur og Pepsi fyrir þá sem mæta snemma!



Sjá nánar á www.btnord.is



BT
Skeifunni

> Besti dómariinn

Magnús Þórisson fékk bestu einkunn allra dómara í umferðinni en hann dæmdi baráttuleik Fram og KR mjög vel.

> Bestu ummælin

„Þetta er sami aumingjaskapurinn sem er búinn að vera hjá okkur í allt sumar. Menn benda hver á annan í staðinn fyrir að gera það sem fyrir var lagt,“ sagði Stefán Logi Magnússon, markvörður KR, um það þegar Fram náði að jafna í uppbótartíma.

sport
sport@frettabladid.is

**17. UMFERÐ LANDSBANKAÐEILDAR KARLA: VALUR Í GÓÐUM MÁLUM**

Langri toppsetu FH-inga er lokið


Valsmenn eru komnir á topp Landsbankadeildar karla eftir 2-0 sigur á Íslandsmeisturum FH á þeirra eigin heimavelli í Kaplakrika. FH-ingar voru búnir að vera í toppsætinu 60 umferðir í röð eða allar götur síðan 19. júlí 2004 en nú geta Valsmenn tryggt sér titilinn með því að vinna HK í lokaleiknum.

Valsmenn spiluðu frábærlega gegn FH og það sést ekki síst á liði umferðarinnar þar sem í eru sex leikmenn liðsins. Auk þess voru fleiri Valsmenn nálægt því að komast í liðið.

Fylkismenn unnu flottan 4-0 sigur á Keflavík þar sem Albert Ingason varð aðeins annar leikmaðurinn í sumar til þess að skora þrennu.

Útliðið er hins vegar slæmt hjá Víkingum sem eru einir á

botninum og eiga FH-inga í lokaleiknum. KR komst af botninum með því að fá stig gegn Fram en var aðeins rúmri mínútu frá því að taka öll þrjú stigin. HK náði einnig í dýrmætt stig út úr Kópavogsslagnum.

**TÖLURNAR TALA**

Flest skot: 17, Víkingur og Fram.

Flest skot á mark: 10, Fram.

Fæst skot: 7, FH.

Besta skotnýting: Fylkir, 50%.

Hæsta meðaleink.: Valur 7,38.

Lægsta meðaleink.: FH 4,75.

Grófasta liðið: Fram 16 brot.

Þrúðasta liðið: Víkingur 6 brot.

Fjöldi áhorfenda: 9.301

Það komu 4.238 manns á toppslag FH og Vals á Hlíðarenda sem er besta aðsókn á einn leik í sumar. Um leið varð þetta aðsóknarmesta umferð sumarsins en 9.301 komu á leikina fimm eða 1.860 manns að meðaltali í leik. Samtals hafa því komið 112.914 áhorfendur á leikina í sumar.



EKKI SPILAÐ Á HLÍÐARENDA Stuðningsmenn Vals myndu örugglega gefa mikið fyrir að taka á móti titlinum á Hlíðarenda.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Heimaleikur Val gegn HK:

Klára mótið líklega í Dalnum

FÓTBOLTI Þegar ljóst varð að Valur getur tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn á heimavelli í lokaumferð Landsbankadeildar karla fóru Valsmenn strax að athuga með að spila leikinn við HK á nýja Vodafone-vellinum á Hlíðarenda.

„Við erum að skoða þessi mál en mér sýnist allt benda til þess að við klárum mótið á Laugardalsvelli,“ sagði Óttar Edvardsson, framkvæmdastjóri Knattspyrnudeildar Vals, í gær.

„Það er margþætt ástæða fyrir því að við getum ekki spilað á Hlíðarenda. Grasið er ekki alveg klárt sem og aðstaðan fyrir áhorfendur. Þá er ekki búið að klára umhverfið í kringum völinn,“ segir Óttar sem jatar því þó að það sé freistandi að spila leikinn á Valsvæðinu.

„Það hefði verið virkilega gaman að spila þennan leik á Hlíðarenda og ef það er einhver möguleiki þá reynum við það,“ bætir Óttar við. Matsmaður mun kíkja á grasið og endanleg ákvörðun um hvar leikurinn verður spilaður verður síðan tekin í dag.

- 66j

Meistaradeildin í borðtennis:

Guðmundur með stórleik

BORÐTENNIS Íslandsmeistarinn í borðtennis, Guðmundur E. Stephensen, vann öruggan 3-1 sigur á pólska landsliðsmanninum Lucjan Blaszczyk þegar sænsku meistararnir í Eslövs unnu þýska stórlíðið Zugbrücke Grenzau 3-0 í meistaradeildinni í borðtennis.

Lucjan er í 28. sæti á heimslistanum þannig að árangur Guðmundar er eftirtektarverður. Þetta var annar leikur Eslövs í riðlinum en liðið tapaði 2-3 fyrir Cajagranada frá Spáni í fyrstu umferð keppinnar.

- 66j

N1 DEILD KARLA
Þriðjudagur 25. sept
Vestmannaeyjar kl. 19.00
IBV - Stjarnan
Vodafone höllin kl. 20.30
Valur - Afturelding

FÓTBOLTI Helgi Sigurðsson er besti leikmaður 17. umferðar Landsbankadeildar karla að mati Fréttablaðsins en hann skoraði eitt mark og lagði upp annað í 2-0 sigri Valsmanna á FH í Kaplakrika.

Valsmenn eru því í lykilstöðu í lokaumferðinni og geta tryggt sér titilinn í fyrsta sinn í tuttugu ár með sigri á HK.

„Við vorum staðráðnir í því að njóta þess að spila þennan leik. Þetta voru forréttindi fyrir okkur því flestir vilja vera í þeirri stöðu að spila úrslitaleik um sigur í deildinni. Við ætluðum að njóta hverrar einustu sekúndu í leiknum, hafa gaman af þessu og berjast hver fyrir annan. Pressan var á FH og þeir höfðu einhverju að tapa en ekki við. Það var miklu meiri pressa á FH-ingunum og okkur tókst síðan að setja mikla pressu á þá í upphafi leiks,“ segir Helgi um leikinn frábæra gegn FH.

Hann var mjög sáttur með sinn leik. „Ég fann það strax í byrjun leiks að þetta myndi verða góður leikur hjá bæði mér og liðinu. Þegar liðið spilar vel þá er auðveldara að vera virkur þátttakandi í leiknum. Ég var mjög ánægður með bæði frammistöðu liðsins sem og mína eigin,“ sagði Helgi. Helgi fagnaði marki sínu á 84. mínútu af mikilli innlifun.

„Það var mjög mikilvægt að fá þetta annað mark því annars hefðum við getað legið undir svakalegri pressu síðustu tíu mínúturnar. Ég vissi að þetta væri komið



SIGRI FAGNAÐ Helgi Sigurðsson fagnar sigrinum á FH með félögum sínum í Valsliðinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

þegar ég skoraði þannig að þá fagnaði ég meira en vanalega,“ sagði Helgi.

Valsliðið hefur unnið báða innbyrðisleikina við FH í deildinni með markatölunni 6-1 og Helgi hefur skorað í þeim báðum. „Það er frábært afrek að hafa unnið FH-inga tvisvar því þeir eru með frábært lið. Það hafa verið tilförlulega öruggir sigrar hjá okkur á móti FH í deildinni en það er samt bara eins stígs munur á liðunum og allt getur gerst ennþá. Við erum mjög sáttir það sem af er móti en vitum að það bíður

okkar erfiður leikur,“ segir Helgi.

Helgi hefur nú eins marks forskot á Framarann Jónas Grana Garðarsson fyrir lokaumferðina.

„Jónas Grani er búinn að standa sig vel og er búinn að setja pressu á mig. Ég vissi alveg að þetta mark gegn FH myndi hjálpa til en það er einn leikur eftir og báðir geta enn skorað fleiri mörk. Íslandsmeistaratitilinn kemur fyrst og er langmikilvægastur. Ef gullskórinn kemur líka þá er það bara frábært. Ég kom í Val til þess að verða Íslandsmeistari en ekki til

að verða markakóngur,“ segir Helgi Sigurðsson sem á silfurskó frá 1992 og bronsskó frá 1993.

„Við höfum þetta í okkur höndum en vitum jafnframt að það hefur oft brennt marga að vera í þessari stöðu og klúðra þessu síðan í síðustu umferð af því að menn voru of öryggir með sig. Við þurfum að hafa virkilega mikið fyrir þessu ef við ætlum að vera Íslandsmeistarar enda er ekkert gaman að þessu nema maður þurfi að hafa fyrir þessu,“ sagði Helgi að lokum.

ooj@frettabladid.is

Slæm tíðindi fyrir íslenska landsliðið í handknattleik sem og Gummersbach:

Guðjón Valur gæti misst af EM

HANDBOLTI Svo gæti farið að Guðjón Valur Sigurðsson leiki ekki með íslenska handboltalandsliðinu á EM. Guðjón fór út axlarlið í leik með Gummersbach um helgina og þurfti að gangast undir aðgerð vegna meiðslanna í morgun.

Slíkt axlarmeiddisli eru erfið viðureignar og oftar en ekki eru leikmenn frá keppni í sex mánuði í kjölfar slíkra meiðsla. Það er því ljóst að Guðjón Valur leikur ekkert með Gummersbach fyrir EM en hann er sjálfur vongóður um að verða góður í tæka tíð fyrir EM sem hefst eftir tæpa fjóra mánuði.

„Ég má ekkert hreyfa mig næstu fjórar til sex vikurnar. Ég get síðan farið að byggja mig upp eftir tvo mánuði. Kostirnir eru náttúrulega þeir að ég verð í fínu líkamlegu formi þegar kemur að EM og verð að kasta á fullu enda fór ég úr axlarliði á vinstri hendi. Þetta er síðan síðan spurning um hversu vel öxlin grær og vonandi grær hún vel svo ég geti tekið þátt,“ sagði Guðjón Valur sem hefur verið einstaklega heppinn með meiðsli í gegnum tíðina og aðeins misst af tveimur leikjum á sjö ára



GUÐJÓN VALUR Lykilmaður í sem íslenska landsliðið má illa við að vera án.
FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

ferli í Þýskalandi.

„Auðvitað mun eitthvað vanta upp á leikformið ef ég verð líkamlega fær til að spila á EM en maður vonast til að reynslan muni skila

manni eitthvað enda búinn að leika á einum níu stórmótum,“ sagði Guðjón Valur ótrúlega jákvæður þrátt fyrir mótlætið.

- hbg



FARINN SUÐUR MEÐ SJÓ Hördur Axel Vilhjálmsson.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Iceland Express-deild karla:

Hördur Axel til Njarðvíkur

KÖRFUBOLTI Hördur Axel Vilhjálmsson hefur ákveðið að spila með Njarðvík í Iceland Express-deild karla í körfubolta eftir að í ljós kom að hann fékk ekki samning hjá ítalska liðinu Benetton Treviso.

Hördur Axel er 19 ára gamall leikstjórnandi sem er uppalinn hjá Fjölni í Grafarvogi. Hördur var með 15,2 stig og 5,7 stoðsendingar að meðaltali með Fjölni á síðasta tímabili og hefur hækkað sig í bæði stigum og stoðsendingum fyrstu þrjú tímabilin sín í úrvælsdeildinni

Hördur Axel var í A-landsliðinu sem tryggði sér gull á Smáþjóðaleikunum í vor og það er því ljóst að hann verður mikill styrkur fyrir Njarðvíkurliðið.

- 66j

Í KVÖLD KL. 18:40

READING
LIVERPOOL

ÓDÝRARA Á NETINU
Gakktu frá áskrift á Netinu
og fáðu 30% afslátt af
fyrsta mánuðinum.

ENSKI
DEILDAR
BIKARINN

Á MORGUN KL. 18:40
Hull - Chelsea Sýn



> Jennifer Goodwin

Leikkonan Jennifer Michelle Goodwin er fædd í Memphis í Tennessee. Hún hefur leikið í sjónvarpsþáttum á borð við Law & Order og Ed, og kvikmyndum eins og Mona Lisa Smile og Walk The Line. Nú fer hún með hlutverk Margene, þriðju eiginkonunnar í Big Love, sem Stöð 2 sýnir í kvöld. Goodwin segir þáttaröðina ekki vera í takt við lífsskoðanir hennar. „Ég fer ekki einu sinni á stefnumót með mönnum sem eru ekki við eina fjölsöfnuðinn,” segir hún.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **INDÍANA ÁSA HREINSDÓTTIR** FAGNAR ENDALOKUM JAY LENO

Rúv-legt sjónvarpssett

Eins og flestir Íslendingar hef ég gaman af spurningakeppnum og hef því fylgst með Útsvari, spurningakeppni sveitarfélaganna í Ríkissjónvarpinu. Sjónvarpsstjórnurnar Þóra Arnórsdóttir og Sigmar Guðmundsson stjórna þættinum en að mínu mati eru tveir spyrjar of mikið og algjör óþarfi þegar um svona gott sjónvarpsfólk er að ræða. Þátturinn er finn og skemmtilega upp settur en settið sjálf er náttúrulega bara alveg fáránlegt og mjög í anda RÚV. Litir og form úti um allt svo augað nær hvergi fókusið og mér verður að minnsta kosti bara óglatt. Þá hefur Meistarinn vinninginn og ég vona að hann byrji sem fyrst. Ég fagna endalokum Jays Leno. Hef aldrei náð tilbúna leikna húmörnum auk þess sem Hollywood-



stjórnurnar voru aðeins spennandi fyrstu vikuna eða svo. Þættinum hefði mátt loka fyrir langalöngu og nú er bara að vona að eitthvað betra komi í staðinn. Ég fagna hins vegar endurkomu Evu Mariu á sunnudagskvöldum og hlakka til að fylgjast með henni rekja gamlarnar úr viðmælendum sínum. Stundum mætti halda að sumum auglýsingum væri ætlað að pirra. Dæmi um slíka er belju-auglýsing Vodafone en ég skipti helst um stöð þegar hún hefst. Ég trúir ekki að slíkar auglýsingar hafi áhrif. Nema þá neikvæð. Ég mun að minnsta kosti aldrei viðurkenna að ég viti hvað er verið að auglýsa.

TVEIR FYRIR EINN Óþarfa bruðl að nota bæði Þóru og Sigmar þegar annað þeirra hefði auðveldlega getað stjórnað þættinum.

EKKI MISSA AF



► 22.25 Dauðir rísa

SJÓNVARPIÐ



► 20.15 Extreme Makeover: Home Edition

STÖÐ 2



► 20.00 Walk the Line

STÖÐ 2 BÍÓ



► 20.00 The George Lopez Show

SIRKUS



► 22.00 Heartland

SKJÁREINN



SJÓNVARPIÐ

16.05 14-2 e.

16.35 Leiðarljós

17.20 Táknmálsfréttir

17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin (28:52)

18.00 Geirharður bojong bojong (15:26)

18.21 Sögurnar hennar Sölu (13:13)

18.30 Nægtaborð Nigellu (2:13) e.

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

20.10 Mæðgurnar (10:22)

► 20.55 Huldulandið Sænskur þáttur um erlenda innflytjendur í atvinnuleit. Í hverri viku kemur langferðabíllinn frá Póllandi til Stokkhólms. Rútan er full af fólki sem leitar að svartri vinnu. Alla dreymir um að byrja nýtt líf en fáum tekst það.

22.00 Tíufréttir

► 22.25 Dauðir rísa (9:12) Breskur saka-málaflökkur um Peter Boyd og félagar hans í þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst. Hver saga er sögð í tveimur þáttum. Þættirnir hafa unnið til Emmyverðlauna sem besta leikna sjónvarpsfnið. Aðalhlutverk leika Trevor Eve, Sue Johnston, Claire Goose, Holly Aird og Wil Johnson. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

23.20 Soprano-fjölskyldan (9:21) e.

00.15 Kastljós

00.45 Dagskrárlök



BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06:00 Walk the Line

08:15 Lóa og leyndarmálið (e)

10:00 Looney Tunes: Back in Action

12:00 Anchorman : The Legend of Ron Burgundy

14:00 Lóa og leyndarmálið (e)

16:00 Looney Tunes: Back in Action

18:00 Anchorman : The Legend of Ron Burgundy

► 20:00 Walk the Line Rómantísk Óskarsverðlaunamynd.

22:15 Emile

00:00 The Interpreter

02:05 Collateral

04:00 Emile



07.00 Barnatími Stöðvar 2

08.10 Oprah

08:55 Í fínu formi 2005

09.10 The Bold and the Beautiful

09.30 Wings of Love (27:120)

10.15 Sisters 14:24)

11.00 Whose Line Is It Anyway

11.25 Örlagadagurinn (12:14)

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Nágrannar

13.10 Homefront (13:18)

13.55 Studio 60 (15:22)

14.40 Las Vegas (7:17)

15.25 Whose Line Is It Anyway? 4

15.55 Barnatími Stöðvar 2 (16:22)

17.30 The Bold and the Beautiful

17.55 Nágrannar

18.20 Ísland í dag og veður

18.30 Fréttir

19.25 Simpsons (1:21)

19.50 Friends (3:24)

► 20.15 Extreme Makeover: Home Edition (16:32) De'Aeth fjölskyldan rekur dýraathvarf en hefur ekki ráð á að búa almennilega um heimilisfólkið. Ty og félagar bjarga því. 2006.

21.00 NCIS (5:24) Sveitin rannsakar morð á manni sem átti að mæta til herþjónustu í Írak en lét aldrei sjá sig. Rannsóknin leiðir í ljós flókið ástarlíf mannsins. 2006.

21.45 Kompás Skemmtilegur og fræðandi fréttaskýringabáttur sem markaði tímamót í íslensku sjónvarpi.

22.20 60 mínútur Túristar sækja stöðugt meira í það að synda með hákórnum þegar þeir ferðast á sólastrandir en getur verið að þetta auki líkurnar á því að hákarlar ráðist á brimbrettakappana sem leika sér í sjónum?

23.05 Justice (6:13) Þegar grunnskólarnemi finnst myrtur beinist strax grunur að skólafélaga hans.

23.50 Big Love (4:12) Dularfullt hvarf íbúa í kommúnunni vekur upp erfiðar spurningar og átök virðast vera í vændum. 2006.

00.45 Ghost Whisperer (30:44)

01.30 The Secret Life of Girls

03.00 Whacked!

04.30 Medium (3:22)

05.15 Simpsons (1:21)

05.40 Fréttir og Ísland í dag

06.40 Tónlistarmyndbönd frá PoppTívi



besta sætið

16.10 Meistaradeild Evrópu fréttabát (Meistaradeild Evrópu fréttabáttur 07/08) Vandaður fréttabáttur um allt það helsta sem er á döfinni í þessari sterkustu knattspyrnu deild heims.

16.40 David Beckham - Soccer USA (9:13) Glænýr þættir þar sem fylgst er með David Beckham í nýjum heimkynnum hans í englaborginni í Bandaríkjunum. Áhorfendur fá innsýn í bandaríska knattspyrnu og kynnst nýjum samherjum Beckhams.

17.10 Þýski handboltinn (Flensburg - Kiel)

18.40 League Cup 2007-2008 Bein útsending frá leik Reading og Liverpool í þriðju umferð deildaríkastansins.

20.40 Kaupþings-mótaröðin 2007 Lokaþátturinn um Kaupþings-mótaröðina í golfi.

21.40 Spænski boltinn

23.20 PGA Tour 2007 - Highlights (Turning Stone Resort Championship)

00.15 League Cup 2007-2008 Útsending frá leik Reading og Liverpool í enska deildaríkastarnum.



18.00 Premier League World (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjórnurnar leitaðar uppi og sviptmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

18.30 Coca Cola-mörkin 2007-2008 (Coca Cola mörkin 2007-2008) Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola-deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

19.00 Newcastle - West Ham (Enska úrvalsdeildin 2007/2)

20.40 Man. Utd. - Chelsea (Enska úrvalsdeildin 2007/2)

22.20 English Premier League 2007/08 (Ensku mörkin 2007/2008) Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

23.15 Bolton - Tottenham (Enska úrvalsdeildin 2007/2)



SKJÁREINN

08.00 Dr. Phil (e)

08.45 Vörutorg

09.45 Óstöðvandi tónlist

16.45 Vörutorg

17.45 Family Guy (e)

18.15 Dr. Phil

19.00 Sport Kids Moms & Dads (e)

20.00 According to Jim (2:18) Bandarísk gamanseria með grínistanum Jim Belushi í aðalhlutverki. Jim endar óvænt sem gestur í spjallþætti þar sem hann lætur karlremlugar skoðanir sínar í ljós.

20.30 Allt í drasli - NÝTT Allt í drasli hóf göngu sína síðasta vetur og vakti mikla lukku og sýndi hreinsunardeildin ótrúleg tilþrif við hreingeringarnar og gaf landsmönnum ótalmörg heilræði um hvernig best er að bera sig að við tilektina.

21.00 Innlit / útlit - NÝTT Hönnunar- og lífstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess. Þau hafa góðan hóp iðnaðarmanna sér til halds og trausts og koma með sniðugar hugmyndir og einfaldar lausnir.

► 22.00 Heartland (4:9) Dramatískir læknaþættir með Treat Williams í aðalhlutverki. Jonas freistar þess að framkvæma hættusama aðgerð sem aldrei hefur verið prófuð áður en Nathaniel er ekki tilbúinn til að samþykkja aðgerðina. Hann hefur sjálfur hugann við sex mánaða barn sem greinist með sjaldgjæfan hjartagalla.

22.50 Jay Leno

23.40 Starter Wife (e)

00.30 C.S.I.: New York (e)

01.20 Backpackers (e)

01.50 Vörutorg

02:50 Óstöðvandi tónlist



SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.



OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE

HROÐALEG FANGEL SISVIST ARONS PÁLMA KOMPÁS – Í KVÖLD KL. 21:45

Kompás heimsótti fangelsið og komst að því að frásögn Arons Pálma af hroðalegri fangelsisvist var dagsönn.



Í KVÖLD

KOMPÁS

Stöð 2 kl. 21.45

Aron Pálmi hefur upplifað skelfilega tíma en andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi var daglegt brauð í unglinga-fangelsinu þar sem Aron Pálmi var frá fjórtán ára aldri. Fangaverðir misnot-uðu vald sitt til að níðast á unglingunum. Kompás heimsótti fangelsið og komst að því að frásögn Aron Pálma af hroða-legri fangelsisvist voru dagsannar. Ekki missa af þessum átakanlega þætti af Kompás.



► HULDULANDIÐ

Sjónvarpið kl. 20.55

Sænskur þáttur um erlenda inn-flytjendur í atvinnuleit. Í hverri viku kemur langferðabillinn frá Póllandi til Stokkhólms. Rútan er full af fólki sem leitar að svartri vinnu. Alla dreymir um að byrja nýtt líf en fáum tekst það. Kvikmyndatökumaðurinn Håkan Pieniowski hittir Andrzej, Teresu, Jacek og aðra í Huldulandinu, hinum leynda heimi Svíþjóðar.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.50** Bæn
07.05 Morgunvaktin
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Heima er best
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.03 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Stef
15.03 Útlitssagan: Vansæmd
- 15.30** Dr. RÚV
16.13 Hlaupanótan
17.03 Viðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.24 Auglýsingar
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Hundur í útlitssal
21.00 Í heyranda hljóði
22.15 Fimm fjórðu
00.10 Útlitssaga á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útlit Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útlit Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

4 SÍRKUS

- 18.23** Fréttir
19.00 Hollyoaks (21:260)
19.30 Hollyoaks (22:260)

►**20.00** The George Lopez Show (9:22) George Lopez er fjölskyldufaðir sem á í stökustu vandræðum með að hafa stjórn á unglingisdóttur sinni og óþægum syni. Börnin eru þó ekki eina vandamálið því mamma hans er við það að gera hann vitlausan. 2005.

20.30 Jake 2.0 (11:16) Jake Foley er bara venjulegur maður þar til dag einn þegar hann lendir í furðulegu slysi sem gefur honum óvenjulega krafta. Nú er hann sterkari og sneggri en nokkur annar og leyniþjónusta Bandaríkjanna ákveður að nýta sér krafta hans.

21.15 Windfall (2:13) Ný bandarísk þáttaröð um 20 manna hóp vina og kunningja sem dettur í lukkupottinn og vinnur 386 milljónir dollara í lottói. Hópurinn á þó eftir að komast að því að hamingjan er ekki fól og vandræðin eru rétt að hefjast.

22.00 Men In Trees (15:17) Bráðkemmtilleg, ný þáttaröð með Anne Heche í aðalhlutverki. Heche leikur sambandssérfræðing sem kemst að því að unnustinn hefur haldið fram hjá henni. Hún ákveður að setjast að í smábæ í Alaska þar sem karlmennirnir eru 10 sinnum fleiri en konur. (15:17) Marin er boðið í rómantíska skíðaferð en hún er ekki viss um hvað hún vill gera.

22.45 Saving Grace (3:13) Spannandi þáttaröð með Óskarsverðlaunaleikkonunni Holly Hunter í aðalhlutverki. Grace Hana-darko er lögreglukona sem er á góðri leið með að eyðileggja líf sitt þegar engill birtist henni og heitir að koma henni aftur á rétta braut. Bönnuð börnum.

- 23.30** The Will (3:6)
00.10 E-Ring (8:22)
00.55 Ren & Stimpy
01.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

12.00 Down to Earth **13.00** Miss Marple **14.00** Passport to the Sun **14.30** Cash in the Attic **15.30** Small Town Gardens **16.00** As Time Goes By **16.30** Last of the Summer Wine **17.00** Little Angels **17.30** Little Angels **18.00** Silent Witness **19.00** Broken News **19.30** The Mighty Boosh **20.00** Two Pints Of Lager & A Packet Of Crisps **20.30** The Kumars At Number 42 **21.00** Silent Witness **22.00** Ever Decreasing Circles **22.30** Broken News **23.00** The Mighty Boosh **23.30** As Time Goes By **0.00** Last of the Summer Wine **0.30** EastEnders **1.00** Silent Witness **2.00** Down to Earth **3.00** How I Made My Property Fortune **3.30** Balamory

DR 1

12.20 DR Jobbussen **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** SPAM **14.30** Den lyserøde Panter **14.35** Ninja Turtles: Tidsreisen! **15.00** Store Nørd **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Sporløs **18.30** Familien **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Måske skyldig **21.45** Forbrydelsen **22.40** Brev fra Vietnam **4.30** Gurli Gris

NK1

13.30 Andra Avenyn - castingen **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Real Science **15.25** Flag Stories - in English **15.30** Krokmax **16.00** Harry och hans hink med dinosaurier **16.10** Ritsagor **16.20** Lauras stjärna **16.30** Hönsgården **17.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **17.05** Grand Prix **17.30** Rapport **18.00** Andra Avenyn - castingen **18.30** Mitt i naturen **19.00** Plus **19.30** Last night of the Proms **20.30** U-Boat **22.05** Rapport **22.15** Kulturnyheterna **22.25** Örnén **23.20** Mia och Klara **23.50** Sändningar från SVT24

SVT 1

12.10 Dumbom **13.30** Andra Avenyn **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Life & Living Processes **15.20** Flag Stories - in English **15.25** Flag Stories - in English **15.30** Krokmax **16.00** Harry och hans hink med dinosaurier **16.10** Berättelser från hönsgården **16.20** Lauras stjärna **16.30** Seaside hotell **16.45** Rekordbyrån **17.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **17.05** Grand Prix **17.30** Rapport **18.00** Andra Avenyn **18.30** Mitt i naturen **19.00** Plus **19.30** Hajen **21.30** Rapport **21.40** Kulturnyheterna **21.50** Örnén **22.50** Mia och Klara **23.20** Sändningar från SVT24



ALLT Í DRASLI



HEFST Í KVÖLD KL. 20.30 Á SKJÁEINUM



ENNEEM / SA / NM2927

INNLIT/ÚTLIT



HEFST Í KVÖLD KL. 21.00 Á SKJÁEINUM



BESTI BITINN Í BÆNUM



„Það er fiskurinn frá Fylgífisk-um. Þótt ég myndi vilja soðna ysu í hvert mál þá leysir þetta fiskvandann á heimilinu því barna er fjölbreyttur matur sem hentar fjölskyldunni vel.“

Arnaldur Birgir Konráðsson, framkvæmdastjóri Boot Camp.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. umrót 6. rykkorn 8. fley 9. heldur brott 11. komast 12. rithöfundur 14. óhreint vatn 16. bardagi 17. sunna 18. niður 20. samtök 21. nabbi.

LÓÐRÉTT
1. slitrótt tal 3. frá 4. fugl 5. knæpa 7. starfræksla 10. rönd 13. umrót 15. áætlun 16. flýti 19. tveir eins.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. rask, 6. ar, 8. far, 9. fer, 11. ná, 12. skáld, 14. skölp, 16. at, 17. sól, 18. suð, 20. aa, 21. arða.
LÓÐRÉTT: 1. tefs, 3. af, 4. sandloa, 5. krá, 7. rekstur, 10. rák, 13. los, 15. plan, 16. asa, 19. öð.

Hvað er að fréttar?



Beint í farsímann eða í vefpósti_



www.visir.is

Taka takkaskóna fram yfir tangóinn

Hafsteinn Þórólfsson er nú staddur á heimsmeistaramóti samkynhneigðra í fótbolta í Buenos Aires í Argentínu, ásamt öðrum liðsmönnum Strákafélagsins Styrmis. Fréttablaðið náði tali af Hafsteini, þjálfara liðsins, í gær, þegar Styrmir hafði nýlengið sínum fyrsta leik. „Við spiluðum á móti Kanada og unnum tvö-núll, svo þetta byrjar vel,“ sagði Hafsteinn kátur, en liðið á eftir leiki gegn liðum frá Argentínu, London og San Francisco. Hafsteinn sagði mikla stemningu fyrir mótinu í borginni. „Það eru um fimm hundruð þátttakendur í þessu, svo þetta er nokkuð stórt og sérstaklega á þessum mælikvarða, innan

samkynhneigðra íþróttar,“ sagði hann. Styrmir hlaut fjárstyrki frá ýmsum aðilum til að komast á áfangastað, en þar á meðal er bandaríski þingmaðurinn og repúblikaninn Michael Huffington. „Hann var í för með Bush eldri þegar hann kom til Íslands. Hann er samkynhneigður, og það voru tveir úr liðinu sem sýndu honum hvernig gay-lífið væri á Íslandi og sögðu honum frá Styrmí. Honum fannst kjörið að styrkja okkur, gegn því að við gæfum honum treyju,“ sagði Hafsteinn og hló við. Mótinu lýkur 29. september, en þá munu nokkrir liðsmenn Styrm-

is halda áfram förinni um Suður-Ameríku. „Nokkrir okkar ætla til Perú og Bólvíu að skoða fornar rústir, fyrst við erum nú komnir hingað,“ sagði Hafsteinn. Hann bjóst ekki við að liðsmenn myndu spreyta sig á argentinískum tangó meðan á dvölinni í Buenos Aires stæði. „Nei, ég held að við höldum okkur í takkaskónum, við erum betri í því,“ sagði hann og hló við.



STUÐ HJÁ STYRMI
Hafsteinn Þórólfsson, þjálfari Styrmis, sagði góða stemningu á heimsmeistaramóti samkynhneigðra í fótbolta í Argentínu.



GUNNAR BJARNI RAGNARSSON Lag Jet Black Joe, Rain, komst á sínum tíma á toppinn á Filippseyjum. Það er enn vinsælt þar í landi, ef marka má myndabandasíðuna Youtube.

GUNNAR BJARNI RAGNARSSON: JET BLACK JOE Á YOUTUBE

Enn vinsællir á Filippseyjum

Lag Jet Black Joe, Rain, nýtur mikilla vinsælda á myndbandsíðunni Youtube. Að minnsta kosti fjórir erlendir tónlistarmenn sjást á síðunni spreyta sig á laginu, þar af tveir frá Filippseyjum. „Ég hef ekki beint skýringu á þessu, nema að einhvern tímann vorum við með lagið á vinsælda-lista á Filippseyjum. Það var gefið út víða og komst á toppinn á Manila,“ segir Gunnar Bjarni Ragnarsson, sem samdi lagið ásamt söngvaranum Páli Rósinkrans. „Okkur var boðið að fara þangað út á sínum tíma og spila fyrir fólkið en við létum Þýskalandstúr ganga fyrir. Maður sér eftir því í dag því það hefði ábyggilega verið alveg meiri háttar. Eg veit samt ekki af hverju menn eru að

spila þetta í dag. Kannski hefur þetta komið í einhverjum sjónvarpsþætti.“ Að sögn Gunnars er markaðurinn stór á Filippseyjum. Samt ætla hann ekki að fylgja laginu frekar eftir þrátt fyrir að það hafi líkast til aldrei komið út á geisladiski þar í landi. „Þarna búa sextíu milljónir og fjörutíu prósent af þeim eru hrisgrjónabændur,“ segir hann. „Ég held að þetta lag hafi komið út á kassettu á sínum tíma því þetta var fyrir daga geisladiskanna.“ Rain kom út á fyrstu plötu Jet Black Joe árið 1992 og varð strax gríðarvinsælt hér heima. Gunnar Bjarni segist alltaf hafa þótt vænt um lagið en vill þó ekki fullyrða að það sé besta lag sveitarinnar. „Það er melódískt og bandið var

líka í blússandi fjöri. Tíðarandinn spilaði líka inn í á þessum tíma og „kombakkið“ hjá okkur sýnir að það var eitthvað í tónlistinni okkar sem fólk vildi heyra aftur.“ Jet Black Joe hætti störfum árið 1996 eftir að hafa gefið út þrjár hljóðversplötur. Sumarið 2002 kom sveitin aftur saman og á síðasta ári kom síðan út fyrsta plata hennar í tólf ár, Full Circle. Naut titillagið mikilla vinsælda hér á landi. Ný plata með Jet Black Joe er væntanleg á næsta ári og því ljóst að sveitin er fjarrí því að vera dauð úr öllum æðum. „Við erum að vinna að nýju efni en það er of snemmt að segja hvernig lokaútkoman verður,“ segir Gunnar Bjarni.

freyr@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Athafnamaðurinn **Friðrik Weiss-happel** í Kaupmannahöfn á von á sínu fyrsta barni í janúar. Friðrik, sem verður fertugur í desember, á danska kærustu sem heitir **Tíne** og er 33 ára arkitekt. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins eru þau yfir sig ánægð með barnalánið og eru þegar búin að festa kaup á barnavagni fyrir erfingjann sem og nóg af barnafötum. Friðrik og Tíne eiga von á stúlku-

barni. Þau hafa nýhafið sambúð í glæsilegri nýuppgerðri íbúð. Mun það vera í fyrsta sinn sem Friðrik flytur inn í uppgerða íbúð, hingað til hefur hann sjálfur séð um að taka íbúðir sínar í gegn.

Leikararnir **Atli Þór Albertsson** og **Jóhann G. Jóhannsson** fara vel af stað með nýjan útvarpsþátt sinn á Rás 2, Frá A-J. Í fyrsta þættinum var **Jón Gnarr** gestur og gaf hann gleraugu sín, sem hann notaði í uppistandinu. Ég var einu sinni nörd, á uppboð sem verður í hverjum þætti. Hægt er að bjóða í gleraugu Jóns með því að senda tölvupóst á aj@ruv.is en í gær var hæsta boð 20 þúsund krónur.

Kosning um hvaða kvikmynd verður fulltrúi Íslands í forvali Óskars-verðlaunanna stendur nú yfir. Þær myndir sem koma til greina eru Mýrin, Köld slóð, Foreldrar, Astrópía og Veðramót. Akademiufólki hefur verið boðið að sjá flestar myndanna undanfarna daga, að minnsta kosti þær sem ekki eru lengur í bíó. Boðin hafa verið send með hefðbundnum og látlausum hætti ef frá er skilið boð á sýningar Mýrinnar.

Baltasar Kormákur og hans fólk létu fylgja með ellefu ítarlegar ástæður þess að Mýrin ætti skilið að hreppa hnosið þar sem farið er vandlega yfir sigurgöngu myndarinnar á erlendum vettvangi.

- hdm

Klukkur Hallgrímskirkju á nýrri plötu

Kirkjuklukkur Hallgrímskirkju og fallbyssuskot er á meðal þess sem hljómar á fyrstu sólplötu Bobs Justman, Happiness and Woe. „Þetta er hugmynd sem ég fékk fyrir þremur til fjórum árum,“ segir Kristinn Gunnar Blöndal, maðurinn á bak við Justman, um notkun klukkanna. „Þær eru notaðar í laginu I Am in Love sem er bæði fallett og hálf-sorglegt. Eitthvert kvöldið hugsaði ég að það væri skemmtilegt að hafa kirkjuklukkur í laginu eftir að ég heyrði þær spila niðri í bæ.“ Eftir að hafa fengið leyfi frá Hallgrímskirkju fór Kristinn upp í turninn, tengdi „synthesizerinn“ sinn við midi-tæki sem stjórna klukkunum og lét síðan vaða. „Það er magnað að það sé hægt að spila

á klukkurnar svona. Þetta tók svolítinn tíma því það var svo mikið af túristum þarna og það þurfti að stoppa alla trafik upp,“ segir hann og viðurkennir að hávaðinn hafi verið mikill. „Þetta var svaka hávaði enda var það planið, en þetta var mjög fallett hávaði.“ Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem kirkjuklukkurnar eru notaðar á hljómplötu hérlandis því kór Hallgrímskirkju hefur notast við þær á jólaþlötum. Daginn eftir að upptökunum lauk fór Kristinn suður á land og tók upp fallbyssuskot fyrir loka-lagið á plötunni. „Það var góður maður sem er með fallbyssu sem leyfði okkur að taka upp hljóðið í henni. Það var rosalegt,“ segir Kristinn Gunnar, sem vonast til að platan komi út fyrir jólin.

- fb



KRISTINN GUNNAR BLÖNDAL Kristinn Gunnar spilar á kirkjuklukkur Hallgrímskirkju á nýjstu plötu sinni.

"BJARNI HAUKUR ER DREPFYNDINN"

Pabbinn

Í LEIKSTJÓRN SIGGA SIGURJÓNS

Í ÍSLENSKU ÓPERUNNI

PABBINN ★★★★★
SH/BYLGJAN

"ÞÚ LIGGUR Í KRAMPA Í 100 MÍNÚTUR"

16. ÞÚSUND MANNS Hafa nú þegar séð Pabbann!

MIÐASALA HEFST Í DAG!

Sýningar hefjast allar kl. 20:00 / miðaverð kr. 2900

SÝNINGAR: 25. 26. 27. OKTÓBER & 1. 2. 3. NÓVEMBER

Miðasala Íslensku óperunnar er opin alla virka daga frá 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Einnig er símasala opinn frá 10. Lokað á mánudögum. Auk þess er miðasala á netinu allan sólarhringinn á opera.is. Einnig er hægt að nálgast miða á midi.is Sími miðasölu er 551-4200.

www.pabbinn.is



THORSSON
PRODUCTIONS



BAKÞANKAR
Karenar D.
Kjartansdóttur

Morðingjar og réttlæti

Réttlæti er eitt fegursta hugtak tungumálsins. Það getur samt verið erfitt að festa reiður á merkingu þess. Sérstaklega þegar svívirðilegir og óafturkræfir glæpir eru framdir. Þegar ég var átta ára gömul greyptist frétt í huga mér. Hún sagði frá hrottalegu morði. Svo mikið varð mér um að enn man ég frásögnina nær orðrétt, hvar ég var stödd, hvað ég var að gera og hverjir voru í kringum mig. Réttlætiskennd barna er sterk en óþroskuð, ég er fegin að ekki er stuðst við slíkar tilfinningar þegar dæmt er í sakamálum.

FRÆNDA mínum og mér lenti saman fyrir skömmu eftir að við höfðum verið að ræða um dóma og réttlæti. Mér blöskraði að frænda mínum, sem ég hef ávallt talið góðan mann, virtist þykja eðlilegt að halda uppi vörnum fyrir menn sem hafa gerst sekir um svo víðurstyggilega og grimmilega hluti að ég get vart ímyndað mér þá. Viðhorf hans þóttu mér svo fáránleg að lengi á eftir henti ég gráglettnislegt gaman að því sem okkur hafði farið á milli.

Í FYRRADAG heimsótti ég þennan sama frænda. Þegar ég gekk inn svipaðist ég tilgerðarlega í kringum mig og sagði hæðnislega: „Nú, alveg var ég viss um að þú hefðir smalað saman einhverjum úrhrökum til að sannfæra mig um gæsku þeirra.“ Frændinn hrsti höfuðið yfir hótmyndni minni. Ég hafði þó rétt fyrir mér að einhverju leyti, skömmu síðar kom annar gestur. Ég heilsaði honum með handabandi og áttaði mig á því að þar var kominn maðurinn sem bar ábyrgð á glæpum sem mér varð svo um að heyra af þegar ég var barn. Hann hafði afplánað dóm sinn, var aftur kominn út í samfélagið, var ekkert ólíkur öðrum þegnum þess, bar jafnvel af sér góðan þokka og var að vinna gott og þarft starf með föngum.

ÉG velti því fyrir mér hvort réttlætinu hefði verið fullnægt frekar ef hann væri hundeltur eða dauður. Slíkt viðhorf virðist vera mjög útbreitt ef marka má nokkrar af þeim umræðum sem fóru fram á spjallvefjum í gær.

RÉTTLÆTINU verður ekkert frekar fullnægt þótt múgurinn hefji kyndla á loft og heimti refsingar að hætti Gamla testamentisins, heldur þegar sakamenn horfast í augu við glæpi sína og reyna að bæta fyrir þá. Sem betur fer virðast íslensk fangelsisýfirvöld vinna með það að markmiði.

www.volkswagen.is



Polo lækkar um 100.000 kr.



Fáanlegur
sjálfskiptur

Kostar frá aðeins 16.090 kr. á mánuði*

Volkswagen kann þá list að sameina ósamrýmanlega kosti. Volkswagen Polo er gott dæmi, nettur og lipur en á sama tíma sterkur og traustur. Þannig nýtist hann fullkomlega við fjölbreyttar íslenskar aðstæður, í borgarumferðinni og á vegum úti, hvað sem á dynur.

Volkswagen Polo er grænn bíll


HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og billinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu.



* Miðað við 30% útborgun og gengistrygðan bílasamning til 84 mánaða. Verð 1.620.000 kr.

HEKLA Laugavegi 172-174 • sími 590 5000 • www.hekla.is • hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri • Akranesi • Ísafirði • Reyðarfirði • Reykjanesbæ • Selfossi



			
GÓÐAN DAG!			
Í dag er þriðjudagurinn 25. september, 268. dagur ársins 2007.			
Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag	
Reykjavík	7.18	13.19	19.20
Akureyri	7.02	13.04	19.04
Heimild: Almanak Háskólans			